

# Skýrsla

**Katrínar Jakobsdóttur samstarfsráðherra  
Norðurlanda um störf  
Norrænu ráðherranefndarinnar 2008**

Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010

**Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytisins  
Júlí 2009**

## EFNISYFIRLIT

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda .....</b>	<b>3</b>
<b>3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda .....</b>	<b>5</b>
<b>4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins .....</b>	<b>11</b>
<b>5. Menningarsamstarf.....</b>	<b>13</b>
<b>6. Jafnréttismál.....</b>	<b>19</b>
<b>7. Samstarf um löggjafarmál.....</b>	<b>21</b>
<b>8. Menntun og rannsóknir.....</b>	<b>23</b>
<b>9. Vinnumarkaður og vinnuvernd.....</b>	<b>27</b>
<b>10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál.....</b>	<b>36</b>
<b>11. Heilbrigðis- og félagsmál .....</b>	<b>44</b>
<b>12. Efnahags- og fjármál .....</b>	<b>51</b>
<b>13. Umhverfismál.....</b>	<b>56</b>
<b>14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt .....</b>	<b>64</b>
<b>15. Grannsvæðasamstarf.....</b>	<b>67</b>
<b>16. Norrænar stofnanir á Íslandi .....</b>	<b>72</b>
<b>17. Norrænar lánastofnanir .....</b>	<b>79</b>

Niðurröðun efnis er í samræmi við fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar og skipulag Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ljósmynd á forsíðu: Guðný Kristinsdóttir  
Prentvinnsla: Oddi  
Skýrslan er prentuð á umhverfisvænan pappír

## 1. Inngangur

Á árinu 2008 var unnið af kappi að því að undirbúa áætlun um formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni, en þeir tóku við stjórnvöllum í byrjun árs 2009. Yfirskrift áætlunarinnar er *Norrænn áttaviti* með skírskotun til þess að Norðurlönd geti áfram vísað veginn við úrlausnir ýmissa viðfangsefna sem heimsbyggðin stendur andspænis. Undirþemu áætlunarinnar eru *Aflvaki Norðurlanda*, *Styrkur Norðurlanda*, *Svar Norðurlanda við loftslagsvanda* og *Hnattvædd Norðurlönd*. Með þessi þemu að leiðarljósi voru þau verkefni undirbúin sem ráðherrarnir hugðust hafa frumkvæði að á formennskuári. Nýsköpun og rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga, umhverfismál og nýjar orkulausnir voru þar í fyrirrúmi. Meðal viðfangsefna sem áætlunin tekur til eru rannsókn á og ráðstefna um foreldraorlof, gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshaf, kynnisferð fyrir norrænt æskufólk um Vatnajökulspjóðgarð, úttekt á fiskveiðistjórnunarkerfum Norðurlanda, sjálfbærar orkulausnir fyrir bifreiðar og skip, leit að aðferðum til að binda koltvísýring og málþing um menntun og aðlögun nýbúa. Á sviði menntamála er lögð megináhersla á að styrkja norrænt háskólakerfi í heild sinni, efla rannsóknarstarfsemi og þekkingarmiðlun háskóla til atvinnulífs svo og samspil listgreina og hefðbundinna háskólagreina. Á menningar sviði er leitast við að efla skapandi hugsun, frumkvöðlamenningu og nýsköpun, svo og list án landamæra þar sem fatlaðir hafi jöfn tækifæri til að nýta listræna hæfileika sína. Þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, kynnti formennskuáætlunina og helstu áherslumál Íslendinga á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki 27.-29. október 2008.

Samkvæmt Punkaharju-yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna frá 2007 á að vera forgangsverkefni í norrænu samstarfi að styrkja Norðurlönd inn á við og út á við í því nýja alþjóðlega umhverfi sem skapast hefur með örri hnattvæðingu. Þegar sama ár var brugðist við þessum tilmælum með því að breyta og skerpa áherslur í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og setja svonefnd hnattvæðingarmál í forgang. Viðbrögð við Punkaharju-yfirlýsingunni mótuðu einnig norrænt samstarf á árinu 2008. Meðal þess sem vóg þungt var undirbúningur að nýrri áætlun um öndvegisrannsóknir á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála. Hún var kynnt á hnattvæðingarþingi við Bláa lónið 26. febrúar 2009 og er eitt stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í á norrænum vettvangi. Grunnfjármögnun hennar af opinberu fé frá löndunum og Norrænu ráðherranefndinni nemur um 9,6 milljörðum íslenskra króna. Miklar vonir eru bundnar við að hún efli til muna norrænar rannsóknir og nýsköpun á umræddum sviðum.

Í öllum norrænu ríkjunum er mönnum í mun að ásættanleg niðurstaða náist um nýjan loftslagssamning á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009. Því var á árinu höfð markviss samvinna um undirbúning ráðstefnunnar.

Norðurlönd verða ekki með sameiginlegan skála á heimssýningunni í Sjanghæ 2010, en þess í stað verður staðið sameiginlega að fjölmörgum viðburðum sem snúa að loftslagsmálum, matvælaöryggi, ferðamálum, norrænum landslagsarkitektúr og fleiru. Í þessu samstarfi er fylgt þeirri grunnhugsun í hnattvæðingarátakinu að Norðurlönd kynni sig í öðrum heimshlutum sem eitt framsækið vísinda- og nýsköpunarsvæði þar sem gildi á borð við lýðræði, jafnrétti, félagslegan auð og hreina náttúru eru í fyrirrúmi.

Í upphafi árs 2008 tók til starfa nýr vettvangur um aðgerðir til að afnema laga- og stjórnsýsluhindranir fyrir frjálsa för borgara milli norrænu ríkjanna. Starfsemin beinist jafnframt að hindrunum sem snúa að fyrirtækjum og atvinnulífi. Mikilvægur þáttur í störfum þessa vettvangs, sem skipaður er fulltrúum frá öllum löndunum, er að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir verði til sem afleiðing af nýjum lagasetningum og reglugerðum eða reglugerðasetningum eða innleiðingum á gerðum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða Evrópusambandsins (ESB). Forsenda árangurs er samstarfsvilji ráðherra og embættismanna.

Norrænu ríkin hafa átt með sér formlegt samstarf í meira en hálfa öld. Ávinningur af því langvinna og farsæla samstarfi er augljós á nánast öllum sviðum norræns þjóðlífs. Hann er hins vegar orðinn svo eðlilegur þáttur í daglegu lífi Norðurlandabúa að fáir leiða að því hugann hvernig hann er til kominn. Því voru niðurstöður skoðanakönnunar, sem gerð var í september 2008 um þekkingu norrænna þjóða á samstarfinu og um hvað fólk vill að samstarfið snúist, bæði gagnlegar og áhugaverðar. Þar kom fram að þrír af hverjum fjórum Norðurlandabúum þekkja störf Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og rúmur þriðjungur aðspurðra taldi starfseminna hafa áhrif á daglegt líf sitt. Einungis sex af hundraði töldu hins vegar að norrænt samstarf hefði mikil áhrif á daglegt líf sitt. Þrír fjórðu töldu mikilvægast að eiga norrænt samstarf um umhverfismál og aðgerðir til að hamla gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Íslendingar skildu sig nokkuð frá hinum þjóðunum þegar kom að því að meta mikilvægi norræns samstarfs, því rúmlega 80% þeirra töldu mikilvægasta þáttinn vera að eiga kost á því að stunda nám og vísindastörf á Norðurlöndum. Tveir þriðju aðspurðra töldu mikilvægt að norrænu ríkin kynntu sig sameiginlega á alþjóðavettvangi til að stuðla að auknum hagvexti á Norðurlöndum.

Niðurstöður þessarar könnunar ættu að vera leiðarljós fyrir þá sem sinna samstarfinu og áminning um að beina því inn á þær brautir, sem gagnast Norðurlandabúum mest, svo og að bæta eftir megni upplýsingamiðlun til almennings.

## 2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Nýjar hnattvæðingaráherslur í norrænu samstarfi á grundvelli Punkaharju-yfirlýsingarinnar frá 2007 voru ofarlega á baugi í umræðum forsætisráðherranna á árinu. Þeir lýstu ánægju með það starf sem ráðherranefndin hafði hrundið af stað og lögðu áherslu á að eftirfylgni þyrfti að vera skilvirk og forgangsröðun markviss. Þeir lýstu sérstaklega yfir stuðningi við áætlun um öndvegisrannsóknir á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála, enda snýr meginefni hennar að loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009, en forsætisráðherrarnir hafa sagt það eitt brýnasta viðfangsefni samtímans að sporna gegn loftslagsbreytingum. Á fundi forsætisráðherranna í tengslum við Norðurlandaráðsþing í lok október, þegar fjálmálakreppan var skollin á, var sú afstaða þeirra skýr, að efnahagsörðugleikar mættu ekki verða til þess að dregið yrði úr aðgerðum til að stemma stigu við gróðurhúsaáhrifum.

Meðal þess sem forsætisráðherrarnir ákváðu með Punkaharju-yfirlýsingunni var að halda árlega hnattvæðingarþing til skiptis í löndunum, og var efnt til þess fyrsta 8.-9. apríl í Riksgränsen í Norður-Svíþjóð. Yfirskrift þess var *Samkeppnishæf Norðurlönd í hnattvæddum heimi* og snerust umræður um hvernig Norðurlönd gætu viðhaldið sterkri samkeppnisstöðu samhliða því að þau stæðu vörð um velferðarkerfið og væru í fremstu röð á sviði loftslagsmála. Í ávarpi þáverandi forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, á þinginu kom fram, að samkeppnisstaða Norðurlanda væri vissulega sterk, en forskot landanna færi minnkandi. Við því þyrfti að bregðast með því að efla framleiðni og samkeppnisfærni, og einbeita sér sérstaklega að þeim sviðum þar sem norrænu ríkin stæðu tiltölulega sterk. Þá sagði hann að vinna þyrfti ötullega að því að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum, hvort heldur væri fyrir einstaklinga eða fyrirtæki. Mannauður Norðurlanda og það ríkidæmi sem fælist í samfélagsgerðinni væri mikið og um þau verðmæti yrði að standa vörð. Auk þess væri mikilvægt að laða sérhæft starfsfólk til Norðurlanda. Að tillögu forsætisráðherra Íslands var ákveðið að halda næsta hnattvæðingarþing á Íslandi, við Bláa Lónið 26.-27. febrúar 2009, og fjalla þar um fjármálakreppuna og loftslagsmál.

Á Norðurlandaráðsþingi, sem haldið var í Helsinki, gáfu forsætisráðherrarnir og stjórnarleiðtogar Færeyja, Grænlands og Álandseyja út yfirlýsingu um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum undir yfirskriftinni *Norðurlönd fremst í flokki í sjálfbærri þróun*. Þar kom fram að aðgerðir til að stuðla að sjálfbærri þróun og vinna gegn loftslagsbreytingum væru meðal mikilvægustu viðfangsefna Norðurlandabúa. Ráðherrarnir kváðu raunhæfa sjálfbæra þróun byggjast á lýðræðislegum forsendum, grundvallarhugmyndum um réttarríkið og gildum á borð við frelsi, jafnrétti og jafnræði. Forsendu þessa kváðu þeir vera sjálfbæran hagvöxt, samstöðu, heilbrigði og hreint umhverfi.

Forsætisráðherrarnir ræddu einnig alþjóðlegu fjármálakreppuna og þá sérstaklega þá alvarlegu stöðu sem blasti við á Íslandi eftir bankahrunið. Í yfirlýsingu sem þeir gáfu út kom m.a. fram að skipuð yrði norræn nefnd embættismanna til að fylgja eftir framkvæmd þeirrar áætlunar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði gert til að koma á stöðugleika í íslensku efnahagslífi, auk þess sem henni var falið að samræma aðgerðir til að aðstoða Íslendinga.

Á fundum forsætisráðherranna var auk ofangreindra málefna rætt um stöðu mála á vettvangi Evrópusamstarfsins og á alþjóðavettvangi. Þá áttu ráðherrarnir að venju fundi með stjórnarleiðtogum Færeyja, Grænlands og Álandseyja og með forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

### 3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda marka meginstefnu fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar ásamt samstarfsráðherrunum sem móta stefnuna í hinu daglega samstarfi. Samkvæmt Helsingfors-samningnum er hlutverk samstarfsráðherranna (MR-SAM) að beita sér fyrir því að auka norrænt samstarf, að samræma störf á hinum ýmsu samstarfssviðum, að sjá til þess að framlögum til norræns samstarfs sé skipað í forgangs röð og að taka ákvarðanir um skipulagsatriði sem snerta fleiri en eitt samstarfssvið. Einnig taka þeir ákvarðanir um málefni sem fagráðherrar vísa til þeirra, eða hafa grundvallarþýðingu fyrir norrænt samstarf, en 10 fagráðherranefndir eru að störfum auk nefndar samstarfsráðherranna. Samstarfsráðherrarnir semja endanlegar tillögur og taka ákvörðun um fjárhagsáætlun fyrir norrænt samstarf, þeir bera ábyrgð á upplýsingarstarfsemi ráðherranefndarinnar og taka ásamt forsætisnefnd Norðurlandaráðs ákvarðanir um sameiginlega upplýsingastarfsemi ráðsins og ráðherranefndarinnar.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) er samstarfsráðherrunum til aðstoðar. Hún sér um að samræma norræn verkefni og undirbýr fundi ráðherranna. Nefndin gegnir jafnframt hlutverki stjórnarnefndar fyrir aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Undir samstarfsráðherrana heyra ennfremur ýmis þverfagleg verkefni svo sem áætlun um sjálfbæra þróun, norðurskautssamstarfið, afnám stjórnsýsluhindrana, málefni barna og ungmenna, aðgengismál fatlaðra og samstarf við grannlönd og grannsvæði. Auk þess heyrir alþjóðlegt samstarf undir samstarfsráðherra sem verður æ umfangsmeira með aukinni áherslu á sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við tækifærum og áskorunum hnattvæðingar.

#### *Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar*

Fjárhagsrammi norrænu fjárlaganna 2008 var samtals 910,362 milljónir danskra króna. Eftir sumarfund forsætisráðherranna í Finnlandi 2007 var hnattvæðingin komin ofarlega á dagskrá í samstarfinu. Vegna viðbragða við hnattvæðingu voru fjárlögin hækkuð um 35 milljónir frá árinu áður og var sú hækkun einungis fyrir þetta eina ár. Til að fylgja eftir óskum og markmiðum forsætisráðherranna voru 60 milljónir danskra króna til ráðstöfunar fyrir samstarfsráðherrana á fjárlögum fyrir árið 2008. Sú ákvörðun forsætisráðherranna að beina norrænu samstarfi inn á nýjar brautir í þeim tilgangi að nýta í sameiningu tækifæri og bregðast við áskorunum hnattvæðingar, hefur þegar sett ráðherranefndinni nýja dagskrá. Á komandi árum mun hnattvæðing og málefni sem henni tengjast hafa forgang í samstarfinu.

Fyrir utan afmörkuð verkefni vegna hnattvæðingar lögðu samstarfsráðherrarnir áherslu á nokkur meginsvið í fjárlögunum 2008. Líkt og mörg undanfarin ár verður samstarf um rannsóknir og nýsköpun áfram í forgangi til að efla samkeppnishæfni og aðdráttarafl Norðurlanda, en rannsóknarverkefni með sameiginlegri norrænni fjármögnun hafa tekist vel. Þá var lögð áhersla á að leita sameiginlegra lausna á ýmsum viðfangsefnum sem norræna velferðarkerfið stendur frammi fyrir auk þess sem samstarf á sviði umhverfis-, loftslags- og orkumála hafði forgang. Sem fyrr var samstarfið á menningarsviði annað stærsta aðgerðasvið ráðherranefndarinnar en fyrirkomulag þess var endurskipulagt árið 2007 til að auka skilvirkni. Aðrir áhersluþættir sem birtast í fjárlögunum 2008 voru samstarf á sviði jafnréttismála, aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum, samstarf um að koma á framfæri nýrri norrænni matargerðarlist og aukið samstarf við nágrannalöndin í Norður-Evrópu og við Eystrasalt.

### *Norrænn áttaviti*

Undirbúningur fyrir formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni einkenndi starfsemina á árinu, en hann hófst snemma árs og fór fram í samstarfi allra ráðuneyta sem taka þátt í norrænu samstarfi. Samræmd verkefnaáætlun var síðan kynnt á Norðurlandaráðsþingi í lok október undir fyrir-sögninni *Norrænn áttaviti*. Í henni er skírskotað til hnattvæðingaráherslunnar og að Norðurlönd geti í sameiningu vísað veginn við að taka á úrlausnarefnum sem óhjákvæmilega kalla á alþjóðlega samvinnu.

Áætlunin skiptist í 4 meginþemu:

- *Norrænn aflvaki* vísar til þess að ný þekking, nýsköpun, aðlögunarhæfni og frumkvæði mun styrkja samkeppnisstöðu Norðurlanda.
- *Styrkur Norðurlanda* felst í sameiginlegu gildismati, lýðræði, jafnrétti og samábyrgð á velferð og heilsu, auk almenns skilnings á því að menntun og vísindi eru grundvöllur framfara, svo og skapandi framtak einstaklinga, fyrirtækja og samfélagshópa.
- *Svar Norðurlanda við loftslagsvanda* snýst annars vegar um að fyrirbyggja og draga úr umfangi loftslagsbreytinga og hins vegar að því að aðlagast þeim sem best í atvinnulífi og við nýtingu auðlinda.
- *Hnattvædd Norðurlönd* vísar til þess að norrænt samstarf tekur mið af alþjóðasamfélaginu og þeim tækifærum sem felast í hnattvæddum heimi.

Innan hvers þema eru skilgreind verkefni og viðburðir sem spanna öll samstarfssviðin eða rúmlega 60 talsins og ætla Íslendingar að eiga frumkvæði að meira en helmingi þeirra. Af formennskuverkefnum Íslendinga má nefna gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshafið, samanburðarrannsókn á viðhorfum æskufólks á Norðurlöndum til íþróttar-, félags- og tómstundastarfa, samanburðarrannsókn á þátttöku norrænna karla og kvenna í stjórnmálum og stjórnum, þróun og þýðingu á hugbúnaði fyrir netið til að reikna út eyðslu



og verð á ólíkum orkugjöfum fyrir hinar ýmsu tegundir bifreiða, kynnisferð fyrir norrænt æskufólk um Vatnajökulspjóðgarð og norrænt málþing um hugmyndafræðina að baki verkefninu *Skólahreysti*. Með þessu er fátt eitt upp talið en nánari upplýsingar og fréttir af formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni eru á vefslóðinni [www.norden2009.is](http://www.norden2009.is)

### ***Starfsemi í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi***

Á árinu var unnið að endurskoðun á leiðbeinandi reglum um samstarf fagráðherranefnda við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, en gildistími þeirra var 2006-2008. Með þeim reglum var á sínum tíma brotið blað í samstarfi ráðherranefndarinnar við grannsvæðin, horfið var frá því sem kalla mætti þróunaraðstoð, en þess í stað tekið upp samstarf á jafnræðisgrundvelli. Nýjar reglur um samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland fyrir tímabilið 2009-2013, sem byggja á sömu meginreglum um jafnræði samstarfsaðila, voru samþykktar á fundi samstarfsráðherranna í september og kynntar á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október. Í sama anda var unnið að nýrri mannaskiptaáætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem einnig nær yfir tímabilið 2009-2013, en slíkar áætlanir hafa verið ein áhrifaríkasta leið ráðherranefndarinnar til að efla samskipti við grannríkin. Ennfremur er í gildi áætlun um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta sem nær til Norðvestur-Rússlands, en mannaskipti er snar þáttur í henni. Þá var áfram unnið eftir áætlun ráðherranefndarinnar um stuðning við frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu, en þar er ekki krafist fjármögnunar frá samstarfsaðilum.

Stuðningur ráðherranefndarinnar við *European Humanities University*, landflóttá hvítúrússnesks háskóla með starfsemi í Vilnús í Litháen, tók nýja stefnu á árinu þegar stofnaður var styrktarsjóður til að fjármagna rekstur hans með aðsetur á ráðherranefndarskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Margir styrktaraðilar, þeirra á meðal ESB, láta fé renna til sjóðsins og hefur það eflt og styrkt starfsemi skólans til muna. Verkefnið um EHU telst eitt af stjórnuverkefnum ráðherranefndarinnar á árinu og hefur það nú þegar breytt lífi fjölmargra ungmenna í Hvíta-Rússlandi. Fjallað er nánar um EHU í kafla um grannsvæðasamstarf á bls. 69.

### ***Hnattvæðingaráherslan***

Sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við áhrifum hnattvæðingar voru mjög í forgrunni á árinu. Alls voru 14 svokölluð hnattvæðingarverkefni í vinnslu en vegna þeirra voru eyrnamerkta 60 milljónir danskra króna á norrænu fjárlögunum. Um mitt ár gaf framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar skýrslu um framvindu þeirra á fundi forsætisráðherranna sem haldinn var í Svíþjóð. Sameiginleg áætlun um öndvegisrannsóknir á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála var umfangsmest og fjárfrekust. Ötullega var unnið að undirbúningi hennar í góðri samvinnu rannsóknaráða og nýsköpunarmiðstöðva og lá hún fyrir, samþykkt af mennta- og vísindaráðherrunum, um áramótin. Áætlunin er fyrir tímabilið 2009 til 2013 og er gert ráð fyrir að opinber kostnaður vegna

hennar nemi 480,8 milljónum sænskra króna. Hún verður fjármögnuð með framlögum frá ráðherranefndinni, frá löndunum, auk norrænu stofnananna NordForsk, Nordisk InnovationsCenter og Nordisk Energiforskning.

Orkusýningin *Energiexpo* varð að veruleika þegar ráðstefnan og sýningin *Nordic Climate Solutions* var haldin í Kaupmannahöfn 25. nóvember en þar var ný tækni og sjálfbær orkunotkun í brennidepli.

Fyrsta norræna hnattvæðingarþingið var haldið í Riksgränsen 8.-9. apríl og á haustmánuðum hófst undirbúningur að því næsta sem haldið var í Bláa Lóninu á Íslandi 26.-27. febrúar 2009.

Ekki náðist sátt við Norðurlandaráð um að stofna til nýsköpunarverðlauna.

*Gränshindersforum*, sérstakur vettvangur sem hefur það hlutverk að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum, hélt fimm fundi á árinu og einbeitti sér sérstaklega að nokkrum afmörkuðum sviðum. Um 20 úrlausnarefni voru tekin til nákvæmrar skoðunar og 9 tillögum til úrbóta var beint til ráðherra í löndunum sem báru ábyrgð á tilteknum málaflokkum.

Ráðherrar atvinnu-, orku- og byggðamála ákváðu á fundi sínum í lok september að fara í sameiginlegt átak um að kynna norræna nýsköpun í Asíu. Ætlunin er að taka upp og efla samstarf þeirra norrænu nýsköpunarmiðstöðva sem eru nú þegar í álfunni og að þau lönd sem eru ekki með slíkar stöðvar geti tengst starfinu gegnum sendiráð sín.

Unnið var að undirbúningi fyrir framlag Norðurlanda til nýrrar samningagerðar um loftslagsmál 2009, en það verður með tvennum hætti. Annars vegar verður settur á laggirnar norrænn COP15- hópur sem mun standa fyrir ráðstefnum og öðrum viðburðum og senda að auki frá sér skýrslur og tillögur sem eru til þess fallnar að greiða fyrir alþjóðlegum samningum í loftslagsmálum. Hins vegar er um að ræða nokkur upplýsingaverkefni sem eiga að sýna hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á Norðurskautið. Góður skriður var einnig á öðrum verkefnum, svo sem undirbúningi að samnorrænum viðburði á heimssýningunni í Sjanghæ 2010, samræmingu á norræna raforkumarkaðnum til að gera orkuframboð tryggara og skilvirkara og eflingu á norrænu rannsókn- og nýsköpunarumhverfi í samræmi við áætlunina NORIA (Nordic Research and Innovation Area), en markmið hennar er að styrkja samkeppnisfærni Norðurlanda með því að búa til opinn og sameiginlegan markað fyrir rannsóknir og nýsköpun.<sup>1</sup>

### ***Norræni þróunarsjóðurinn***

Á árinu voru málefni Norræna þróunarsjóðsins (Nordic Development Fund) til skoðunar hjá samstarfsráðherrunum. Sjóðurinn, sem var stofnaður 1988,

<sup>1</sup> Sjá: <http://www.norden.org/is/samstarfssvith/hnattvaething>

veitir hagstæð lán til fátækustu ríkja heims. Danir ákváðu 2005 að hætta að greiða í sjóðinn og stóð lengi til að leggja hann niður. Hins vegar mun endurgreiðslum til sjóðsins ekki að fullu lokið fyrr en 2045. Vegna þessa var gerð úttekt á því hvaða leiðir væru ákjósanlegastar til að ráðstafa þeim miklu fjármunum sem koma til endurgreiðslu á næstu áratugum. Niðurstaðan varð sú að halda rekstri sjóðsins áfram þar til fé hans er uppuríð og að hlutverk hans og umboð verði endurskilgreint þannig að endurgreiðslur verði nýttar sem gjafafé til að aðstoða fátækustu ríki heims, meðal annars til að bregðast við loftslagsbreytingum og finna sjálfbærar orkulausnir. Sjá nánar um Norræna þróunarsjóðinn á bls. 86.

### *Áætlunin um sjálfbæra þróun 2009-2012*

Áætlun Norðurlanda um sjálfbæra þróun er eitt þeirra verkefna sem formlega heyrir undir samstarfsráðherrana, þó svo að framkvæmdin sjálf sé á ábyrgð og verksviði fagraðherranefnda. Áætlunin er í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherranna frá 1998. Á árinu var unnið að nýrri áætlun sem á að gilda á tímabilinu 2009-2012. Hún hefur skýrt afmörkuð markmið með áherslu á fjögur meginstef:

- Loftslagsbreytingar og endurnýjanlega orku
- Sjálfbæra neyslu og framleiðslu
- Framtíð norræna velferðarkerfisins
- Þátttöku borgaranna og Staðardagskrá 21

Ennfremur tekur áætlunin mið af hnattvæðingarvinnunni og eftirfylgni við hana svo og verndun Eystrasaltsins. Áætlunin var kynnt á þingi Norðurlandaráðs og afgreidd endanlega á fundi samstarfsráðherranna í desember. Að frumkvæði Svía sendu forsætisráðherrarnir einnig frá sér nýja yfirlýsingu um sjálfbæra þróun eftir fund þeirra í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október 2008.

### *Norðurskautssamstarf 2009-2011*

Ný og endurskoðuð Norðurskautsáætlun fyrir árin 2009–2010 var samþykkt á árinu. Löndin hafa verið sammála um að Norðurskautsráðið sé vettvangur þar sem norrænt samstarf um norðurslóðamál eigi að fara fram og hafa þeir norrænu fjármunir sem ætlaðir eru í samstarf á norðurskautinu að mjög miklu leyti runnið til verkefna sem ráðið hefur átt frumkvæði að. Fulltrúar landanna í ráðinu sitja jafnframt í sérfræðingahópi Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni Norðurskautsins og meta þær umsóknir sem berast í Norðurskautsáætlunina um fjárframlög til ýmissa verkefna sem varða þennan heimshluta. Samkvæmt nýrri áætlun verða áherslur með svipuðum hætti og verið hefur:

- Loftslagsbreytingar og efnamengun á Norðurskautinu
- Stuðningur við eftirfylgni og útbreiðslu á norrænum rannsóknarniðurstöðum um Norðurskautið
- Framhald á alþjóðlegu samstarfi sem hófst með Alþjóðlegu heimskautaárinu

Fjárhagsrammi Norðurskautsáætlunarinnar hefur undanfarin ár verið ca. 8,3 milljónir danskra króna en verkefni á vegum hinna ýmsu ráðherranefnda styðja einnig við starf Norrænu ráðherranefndarinnar á Norðurskautssvæðinu.

### ***Norræna velferðarstofnunin - ný stofnun á félags- og heilbrigðissviði***

Á vettvangi félags- og heilbrigðisráðherranna var unnið að því að endurskipuleggja og einfalda samstarfið til þess að gera það skilvirkara. Af hálfu embættismannanefndar um félags- og heilbrigðismál var einkum skoðað hvort fækka mætti í hópi þeirra stofnana og fastanefnda sem ráðherrarnir hafa haft á sínum snærum. Nefndin kynnti ráðherrunum tillögu sína á fundi í byrjun júní og var samþykkt að hrinda henni í framkvæmd. Tillagan gerði ráð fyrir að Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH), Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS), Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD) og Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD) yrðu allar lagðar niður. Eftir munu standa tvær stofnanir á félags- og heilbrigðissviði. Norræni lýðheilsuskólinn í Gautaborg mun starfa áfram og ný stofnun með útibúum í Finnlandi og Danmörku, *Norræna velferðarstofnunin* (Nordiska välfärdscentret) með höfuðstöðvar í Stokkhólmi, var sett á lagginnar. Hún hóf starfsemi 1. janúar 2009.

### ***Samstarf við Norðurlandaráð***

Norræna ráðherranefndin leggur áherslu á samráð við Norðurlandaráð á flestum sviðum og sérstaklega að því er varðar gerð fjárhagsáætlunar fyrir norrænt samstarf. Venju samkvæmt voru á árinu haldnir nokkrir fundir um fjárhagsáætlunina og var af hálfu ráðherranefndarinnar leitast við að koma til móts við flestar breytingartillögur Norðurlandaráðs. Báðir aðilar voru sammála um að veita hnattvæðingarverkefnunum forgang, en að auki lagði ráðið áherslu á að veita lýðræðisuppbyggingu og eflingu Norðlægu víddarinnar á Eystrasaltssvæðinu forgang sem og að auka fjárveitingu til Menningarsjóðsins og Nordjobb. Ráðherranefndin fór að óskum ráðsins að meginefni til og voru fjármunir færðir milli fjárlagaliða. Þá má nefna að á tilteknum fjárlagaliðum voru 3 milljónir danskra króna eyrnamerkta baráttunni gegn mansali. Venju samkvæmt beindi Norðurlandaráð ályktunum sínum til Norrænu ráðherranefndarinnar og til ríkisstjórna Norðurlanda. Skrifstofa ráðherranefndarinnar ásamt formennskulandinu afla svara frá löndunum og setja saman í eina skýrslu sem send var ráðinu um mitt ár. Árið 2008 voru ályktanir Norðurlandaráðs 30 talsins, af þeim voru 15 frá árinu 2007 en hinar 15 voru frá fyrri árum. Auk þess berast bæði formennskulandi og skrifstofu ráðherranefndarinnar fjölmargar fyrirspurnir frá ráðinu sem svara þarf innan tilskilins tíma. Samstarfsráðherra leggur áherslu á að eiga eins gott samstarf og unnt er við Íslandsdeild Norðurlandaráðs og nefndir ráðsins.

#### 4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Utanríkisráðherrar Norðurlanda funduðu í apríl og í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki. Þeir áttu einnig reglubundinn fund með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna (NB8) í september. Árlegur fundur utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda var haldinn í Helsinki í október. Þá áttu ráðherrarnir að venju með sér samráðsfund í New York í tengslum við setningu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í september. Áralöng hefð er fyrir óformlegum fundi ráðherranna með utanríkisráðherrum Afríkuríkja og var hann haldinn í Gaborone í mars.

Á fundi utanríkisráðherranna í Stokkhólmi 18. apríl voru ræddar leiðir til að dýpka samstarf norrænu þjóðanna og samhæfa fjölþætt samstarfsverkefni á alþjóðavettvangi sem ýmist eru unnin sameiginlega eða í samstarfi tveggja eða fleiri ríkja á norrænum vettvangi, stundum meðal NATO-ríkja og innan ESB eða í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar. Norðmenn, Finnar og Svíar eiga með sér þríhliða samstarf um öryggismál á landamærum norðursvæða, Íslendingar eru í tvíhliða samstarfi við Dani og Norðmenn um öryggismál á Norður-Atlantshafi og Finnar og Svíar eru í PfP-samstarfi NATO. Öll norrænu ríkin starfa á einn eða annan hátt saman að friðargæslu. Fjallað var um aukið samstarf til að auka virkni á vettvangi er varðar sameiginlegar æfingar friðargæslulíða og aðstoð við óbreytta borgara á hættusvæðum. Þá voru rædd öryggismál á norðurlöndum þar sem Norðurlönd hafa á undanförunum árum haft stóraukið samráð.

Norrænu ríkin koma sameiginlega að nokkrum svæðisbundnum samtökum; Norðurlandaráði, Eystrasaltsráði, Barentsráði og Norðurskautsráði. Mikilvægt var talið að Norðurlandaþjóðir væru alls staðar í lykilhlutverki í þessum samtökum og að frumkvæði kæmi frá þeim. Nokkuð löng reynsla er komin á þetta margháttða norræna samstarf og var talið að tækifæri gæfist til að samhæfa það og bæta í samræmi við eðli verkefna hverju sinni. Svíar sem formennskuþjóð tóku að sér að gera heildstætt yfirlit yfir norræn samstarfsverkefni víða um heim sem komi til umfjöllunar á síðari fundum ráðherranna.

Ráðherrarnir ákváðu á aukafundi í Lúxemborg í júní að ganga frá umboði til að setja á stofn vinnuhóp undir leiðsögn Thorvalds Stoltenbergs, fyrrum utanríkisráðherra Noregs, sem hefði það hlutverk að setja fram tillögur um leiðir til þess að efla og dýpka norræna samvinnu í öryggis- og varnarmálum næstu 10–20 ár. Var Stoltenberg falið að skila skýrslu til ráðherranna fyrir árslok 2008. Núverandi samstarf Norðurlanda á þessum sviðum alþjóðlegra skuldbindinga var lagt til grundvallar fyrir störf vinnuhópsins. Tilgangurinn var að hvetja til umræðu um öryggis- og varnarmál í ljósi breyttra aðstæðna í

norðanverðri Evrópu og íhuga hvernig opna megi fyrir endurnýjað og fram-sækið norrænt samstarf. Vinnuhópurinn er sjálfur ábyrgur fyrir niðurstöðum sínum og tillögum og bindur ekki hendur utanríkisráðherranna. Ráðherrarnir ræddu málið frekar á fundi sínum í Helsinki í október og kynntu á fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Á aukafundi ráðherranna í Kaupmannahöfn í desember var ákveðið að skýrsla Stoltenbergs yrði lögð fyrir ráðherra-fund í febrúar 2009 og hún þá jafnframt gerð opinber. Niðurstöður yrðu síðan kynntar undir formennsku Íslendinga á fundi utanríkisráðherranna í Reykjavík í júní 2009.

Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna var rætt reglulega á fundum ráðherranna og var forgangsmál allra utanríkisráðuneyta sem sameig-inlegt framboð sem undirstrikaði norræna samstöðu á alþjóðavettvangi.

Norðlæga víddin var einnig á dagskrá ráðherranna og ný tenging ESB við hana með Ísland, Noreg og Rússland sem samningsaðila. Norðlæga víddin leggur áherslu á samgöngur, hafnarmál, flutninga og heilbrigðis- og menn-ingarmál. Hún styrkir enn frekar gott samstarf við Rússa í öllum fyrrnefndum svæðastofnunum þar sem norrænu ríkin starfa náið saman. ESB hefur sýnt norðurslóðum aukinn áhuga, einkum fyrir tilstuðlan Finna og Svía, og er að móta afstöðu til uppbyggingar á svæðinu. Var talið nauðsynlegt að Íslendingar og Norðmenn kæmu einnig að þeirri vinnu.

Málefni Norðurskautsráðsins hafa verið ofarlega á baugi á fundum utanríkisráðherranna, en ráðið er lykilstofnun á norðurslóðum. Það hefur fram til þessa verið ópólitískur samstarfsvettvangur, en ljóst er að pólitískt hlutverk þess verður meira vegna breyttra aðstæðna. Fjarlægari þjóðir, t.d. Indverjar, Kínverjar og Suður-Kóreumenn, hafa sýnt áhuga á því að fá áheyrnaraðild að ráðinu. Ákveðin skörun er á milli Norðurskautsráðsins og annarra svæðastofnana og geta Norðurlönd samræmt starfsemina. Aðgangur að auðlindum Norðurskautssvæðisins verður greiðari með opnun nýrra siglingaleiða og eru norrænu ríkin sammála um að styrkja samstarf í ráðinu til að tryggja að nýting auðlinda verði sjálfbær og vistvæn.

Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) var haldinn í Eistlandi í september. Þar var m.a. fjallað um mótun Eystrasaltsstefnu ESB sem er í svokölluðu stofnanaferli. Eystrasaltsríkin og norrænu ESB-ríkin hafa beitt sér fyrir því að að málefni Norður-Evrópu verði sýnilegri í starfsemi ESB en hingað til. Stefnan verður væntanlega mörkuð í upphafi formennsku-tíma Svía um mitt ár 2009. Ráðherrar lögðu áherslu á að þetta verkefni ESB ætti ekki að hafa slæm áhrif á annars frábært starf svæðastofnana fram til þessa, einkum Norðlægu víddarinnar og Eystrasaltsráðsins, og jákvæða þátt-töku Rússa. Litið er á þetta sem innri markmið ESB.

## 5. Menningarsamstarf

Norræna ráðherranefndin í menningarmálum (MR-K) hélt tvo fundi á árinu. Sá fyrri var í Svíþjóð þar sem ráðherrar ræddu við starfsfélaga sína frá Eyrstrasaltsríkjunum um þátttöku þeirra í norræna dvalar- og gistiverkefninu. Þá var einnig rætt um áhugaverð og góð fordæmi um velheppnuð verkefni sem stuðla að barnamenningu. Á fundinum var einnig tekin ákvörðun um hvar mætti spara til að mæta fjárþörf vegna gildandi hnattvæðingarstefnu. Ákveðið var að ekki yrði um flatan niðurskurð að ræða heldur skyldi frekar draga úr eða fella niður fjárveitingar til ýmissa mála, eins og t.d. stuðnings til íþróttasambanda Vestur-Norðurlanda og til viðhalds á Norræna húsinu í Reykjavík og Norðurlandahúsinu í Færeyjum. Með þessu móti var hægt að tryggja fjárveitingar til þeirra málaflokka sem ráðherrarnir hafa verið sammála um að efla, eins og Norrænu menningargáttina.

Í ljósi þess að forsætisráðherrarnir lögðu í hnattvæðingarstefnu sinni litla sem enga áherslu á menningarmál var ákveðið að láta skrifa skýrslu um þýðingu og hlutverk menningar og lista í því hnattvæðingarferli sem sett hefur verið af stað, m.a. með því að beina sjónum að Norðurlöndum á alþjóðavettvangi sem skapandi menningarsvæði. Var skýrslan samþykkt á síðari fundi ráðherranna sem fram fór 29. október í Helsinki og ákveðið að kynna hana fyrir forsætisráðherrum. Í skýrslunni er annars vegar lögð áhersla á menningu, atvinnulíf og upplifunargeirann og hins vegar á menningarlega fjölbreytni og samræður ólíkra menningarhópa. Fram kemur að Norðurlönd eru meðal þeirra fremstu í heiminum sem framleiða vandað efni fyrir börn og ungt fólk, hvort heldur er í bókmenntum, kvikmyndum, tónlist eða sjónvarpsefni og eru jafnframt framarlega í hönnun og byggingarlist. Til að gera enn betur þurfi fleiri að koma hér að, m.a. norrænar stofnanir, en einnig norræna iðnaðar- og atvinnu-málaráðherranefndin og KreaNord sem vinni sameiginlega fyrir ráðherranefndirnar. Meðal verkefna sem lagt er til að ráðist verði í á norrænum vettvangi er hönnunarsýning á heimssýningunni (EXPO) í Shanghæ árið 2010, bókamessa í París árið 2011 og kynning á norrænum kvikmyndum á alþjóðlegum hátíðum. Á októberfundinum lagði menntamálaráðherra fram formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2009. Skýrslan ber heitið *Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga* og er sameiginleg áætlun á sviði vísinda, menningar og mennta.

Nokkrar nefndir störfuðu á árinu:

- Nefnd um endurskoðun á framkvæmdaáætlun norræns menningarsamstarfs árin 2007-2010
- Nefnd sem gera á tillögur um hvað gert verði við fjölmörg grafíklistaverk sem listamenn skildu eftir sig í Sveaborg í Finnlandi þegar norræna myndlistarmiðstöðin var lögð niður

- Nefnd um sameiginlega tilveru og menningarlega fjölbreytni
- Nefnd um samstarf atvinnulífs og menningar
- Nefnd um norræna nálgun sem hefur það verkefni að setja fram tillögur um norrænt-rússneskt menningarsamstarf og fylgja eftir menningarverkefnum, m.a. í samstarfi við svæðisbundin samtök ásamt tvíhliða og fjölþjóða menningarsamvinnu
- KreaNord, sameiginleg nefnd menningarmálaráðherranna og iðnaðarráðherranna um skapandi atvinnugreinar

Þrátt fyrir að samvinna Norðurlanda í menningarmálum sé fyrirferðarmest hjá ráðherranefndinni er einnig ágætt samstarf milli ráðuneyta menningarmála í þeim málaflokkum sem norræna samstarfið tekur ekki yfir, svo sem á sviði höfundaréttar, fjölmiðla, íþróttar og menningararfs. Í samstarfi Vestur-Norðurlanda, samkvæmt samningi um mennta-, menningar- og vísindamál, var unnið að undirbúningi að hönnunarsýningu í Norræna húsinu í Reykjavík árið 2009 með þátttöku allra þjóðanna. Á norrænum vettvangi hefur einnig verið unnið að því að ná fram betri yfirsýn yfir æskulýðsrannsóknir.

### ***Norræna barna- og æskulýðsnefndin***

Norræna barna- og æskulýðsnefndin (Nordbuk) hefur það hlutverk að stuðla að bættum lífskjörum barna og ungmenna og auknum áhrifum þeirra á umhverfi sitt og þjóðfélagið almennt. Samkvæmt áætlun ráðherranefndarinnar 2006-2009 hefur verið lögð áhersla á þverfaglegt samstarf á ýmsum sviðum. Nefndin hefur sóst eftir frekari þátttöku í starfi hinna ýmsu fagsviða, því þar sem fjallað er um málefni af þýðingu fyrir börn og unglinga er aðkoma ungs fólks mikilvæg. Þetta hefur verið gert þannig að nefndin hefur skipað starfsþópa sem hafa fjallað um sömu málefni og samstarfsráðherrarnir. Til þess þarf þátttöku ungs fólks og getur *Nordbuk* í samvinnu við æskulýðssamtök landanna virkjað ungt fólk í slík verkefni. Helstu leiðir eru annars vegar stuðningur við æskulýðssamtök í löndunum og við verkefni æskulýðssamtaka og hins vegar eigin starfsemi. Í framkvæmdaáætlun fyrir árin 2006-2009 koma fram helstu markmið. Þau eru helst: að styðja við barna- og æskulýðssamtök og norrænt samstarf barna og ungmenna; styðja þróun og kynna nýjar leiðir til þátttöku barna og ungmenna í lýðræðisstarfi; margbreytileiki meðal þeirra sem hljóta styrki; bæta þekkingu barna og ungmenna á mannréttindum og lýðræði; auka samráð og samræmingu í öðru alþjóðlegu barna- og æskulýðssamstarfi; bæta þekkingu á börnum og ungmönnum og miðla henni. Verkefni sem unnið var að á árinu 2008 og áfram verða á dagskrá eru:

- Vefsíða fyrir börn og ungmenni, en samstarf hefur náðst við danska ríkisútvarpið um að sinna verkefninu. Vefsíðan mun miðla fræðsluefni um menningu Norðurlanda.
- Lifandi bókasafn (Menneskebibliotek) er verkefni sem farið hefur sigurför um heiminn, en það á enn mikið erindi við umheiminn.



- Undirbúningur rannsóknarinnar *Ungt fólk* sem gerð verður á Norðurlöndum á árinu 2009 undir formennsku Íslendinga.

### ***Norræna menningarstofnunin á Álandseyjum***

Menningardagskrá norrænu menningarstofnunarinnar á Álandseyjum (NIPÁ) á ári hverju er ætíð fjölbreytt. Á árinu voru viðburðir sem tengdust tónlist, leikhúsi, bókmenntum og barnamenningu. Mánaðarlegar fyrirlestraraðir, *Norrænar raddir*, eru fastir liðir í starfinu og njóta talsverðrar hylli meðal eyjaskeggja. Einnig er efnt til menningarhádegisfunda með listamönnum nokkrum sinnum yfir vetrartímam. Ýmis námskeið eru í boði hjá stofnuninni og hafa þau notið mikilla vinsælda. Gefin er út vegleg dagskrá fyrir allt árið og er hún vel kynnt meðal almennings. NIPÁ hefur fasta samstarfsaðila og á gott samstarf við stofnanir og félög vegna þeirra verkefna sem í boði eru hverju sinni. Mikil ánægja var með þemaverkefnið *Mord i Norden*, en til Álandseyja komu norrænir glæpasagnarithöfundar til að kynna og lesa upp úr bókum sínum. Frá Íslandi kom Yrsa Sigurðardóttir. Einnig var leikritið *Hellisbúinn* sýnt. Aðrir viðburðir voru m.a. stefnumót við unga norræna myndlistarmenn, tónleikar með ungu fólki frá Álandseyjum, baltneskir músikdagar og norræn sagnakvöld. NIPÁ hefur nú fengið góða aðstöðu í hjarta Maríuhafnar, við hlið hins nýja óperuhúss, og er það ætlun stofnunarinnar að styrkja enn frekar stöðu sína í samfélaginu og vera áfram sýnileg. Formaður stjórnar NIPÁ til ársloka 2008 var Guðrún Ögmundsdóttir.

### ***Norræna menningargáttin***

Norræna menningargáttin (Kulturkontakt Nord) hóf starfsemi árið 2007. Hún hefur umsjón með ferða- og dvalarstyrkjum annars vegar og lista- og menningarstyrkjum hins vegar. Signý Ormarsdóttir hefur setið í stjórn Menningargáttarinnar frá febrúar 2008, en Bergljót Jónsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri frá upphafi. Starfsmaður á Íslandi er Þuríður Helga Kristjánsdóttir og hefur hún aðsetur í Norræna húsinu. Væntingar standa til þess að Menningargáttin verði með tímanum öflug norræn stofnun með sterku alþjóðlegu tengslaneti.

### ***Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs***

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur er nú formaður dómnefndar um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og er fulltrúi Íslands ásamt Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni rithöfundi. Starf dómnefndar er tvíþætt; annars vegar felst það í því að velja á hverju ári þau tvö verk sem tilnefnd eru af Íslands hálfu til verðlaunanna og hins vegar í því að lesa tilnefnd verk frá öllum löndum og velja verðlaunaverkið.

### ***Norræni menningarsjóðurinn***

Norræni menningarsjóðurinn er mikilvægur sjóður sem menningarmálaráðherrar Norðurlanda veita fé til. Tilgangur hans er að styrkja menningarsamstarfið með því að veita styrki til ákveðinna verkefna á Norðurlöndum

og til norræna verkefna í öðrum löndum. Fulltrúar Íslands árið 2008 voru Rannveig Guðmundsdóttir, fv. Þingmaður og Stefán Baldursson óperustjóri. Á árinu bárust alls 774 umsóknir til sjóðsins, þar af hlutu 272 styrk og úthlutað var rúmlega 27 milljónum danskra króna. Íslendingar mega mjög vel við una, því rúmlega helmingur íslensku umsækjendanna fengu styrk (21 af 38 umsóknum). Í hlut Íslands komu rúmlega 35 milljónir íslenskra króna. Þá tengist Ísland mörgum umsóknum hinna landanna þótt Íslendingar séu þar ekki sjálfir umsækjendur. Af þeim 272 verkefnum sem hlutu styrk voru 58 viðburðir haldnir á Íslandi að hluta eða að öllu leyti og Íslendingar tóku þátt í 147 verkefnum.

Sjóðsstjórnin á sjálf frumkvæði að nokkrum stórum verkefnum. Annað hvert ár er verulegri styrkuppþæð veitt til norrænnar safnasýningar, sem fer á milli landanna og hefur söfnum gefist kostur á að sækja um fjármagn til þess að koma upp sýningum að frjálsum vali en með norrænni tengingu. Fyrsta sýningin var opnuð 2005 og hét *Kongóspor – Kongó á Norðurlöndum – Norðurlönd í Kongó*. Yfir 40 þúsund munir og minjar frá Afríkuríkinu Kongó eru til í söfnum á Norðurlöndum og fjallar sýningin um afskipti norræna manna í Kongó og áhrif kongóskrar menningar á Norðurlönd. Næsta sýning, sem enn er á sýningarferðalagi heitir *Bjartar nætur – dimmir dagar* og fjallar um áhrif bjarttra nóttu og myrkra daga á menningarlíf þeirra þjóða og þjóðarbrotu, sem búa norðan heimskautsbaugs. Norræna stórsýningin, sem opnuð verður á þessu ári, hefur á sér alþjóðlegra yfirbragð en ofangreindar sýningar og er það í takt við yfirlýsta stefnu í norrænni samvinnu að taka mið af vaxandi alþjóðavæðingu. Þessi sýning er um loftslag, list og tækni og ber heitið *Impact – list á tímum loftslagsbreytinga*. Verður hún opnuð í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í árslok 2009. Stjórn menningarsjóðsins hefur ákveðið að framvegis muni þessar stóru norrænu sýningar ekki einskorðast við söfnin eða myndlistina heldur ná til annarra listgreina. Þannig verður næst veittur verulegur styrkur til viðburðar innan sviðslista. Þá hefur stjórn sjóðsins lagt áherslu á að efla þátttöku og aðild nýbúa og innflytjenda að menningarviðburðum og er starfandi nefnd á vegum sjóðsins, skipuð listamönnum og nýbúum, sem halda mun ráðstefnu og hvetja til menningarviðburða „nýrra“ Norðurlandabúa og vekja athygli þeirra á Norræna menningarsjóðnum. Sjóðurinn hefur jafnframt tekið þátt í ráðstefnum í samvinnu við heilbrigðisyrifvöld á Norðurlöndum um efnið *Menning og heilsa* og styrkt rannsóknir og kannanir á skilningi ungmenna á öðrum norrænum tungumálum. Á árinu var einnig gerð úttekt á starfsemi sjóðsins undanfarin ár sem birtist í skýrslunni *Nordiska kulturfonden – En utvärdering och omvärldsanalys 2008*. Kemur þar fram að starfsemi sjóðsins sé skilvirk og í samræmi við yfirlýst markmið. Nánari upplýsingar og fréttir af starfi Norræna menningarsjóðsins eru á heimasíðunni: [www.nordiskkulturfond.org](http://www.nordiskkulturfond.org)

Íslenskar umsóknir sem hlutu styrk úr Norræna menningarsjóðnum árið 2008:

- *Listabókasöfn - aðgangur að menningararfinum*. Ráðstefna starfsmanna listabókasafna á Norðurlöndum, haldin á Þjóðminjasafninu í Reykjavík.
- *Mannamyndir Sigurjóns Ólafssonar*. Afmælisýning í tilefni aldarafmælis Sigurjóns Ólafssonar, myndhöggvara, haldin í Nationalhistorisk Museum í Frederiksborg í Danmörku.
- *Staðfuglar - farfuglar*. Listasýning 30 norrænna myndlistarmanna haldin á Akureyri og um Eyjafjörð. Efni og hugmyndir listaverkanna byggja á þemanu farfuglar, innflytjendur, útflytjendur.
- *Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík (RIFF)*. Áhersla á norræna kvenleikstjóra og kvikmyndir þeirra.
- *Ráðstefna tónlistarbókasafna norrænu listaháskólanna*. Haldin í Reykjavík á vegum Listaháskóla Íslands með þátttöku frá öllum norrænu ríkjunum og Juilliard listaháskólanum í New York.
- *Norrænir kvennasagnfræðingar*. Ráðstefna á vegum Kvennasögusafns Íslands með um 150 þátttakendum frá Norðurlöndum, Eyrstrasaltsríkjunum og víðar.
- *Hið norræna og hið þjóðlega*. Styrkur til útgáfu rits um áhrif íslenskra miðaldabókmennta á menningu og stjórnmál Norðurlanda á 19. öld. Tólf höfundar frá Norðurlöndum og fleiri Evrópulöndum.
- *Stafræn miðlun menningararfsins*. Ráðstefna á vegum Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands með þátttöku hvaðanæva af Norðurlöndum.
- *Hornahátíðin 2008*. Ráðstefna norrænna hornleikara, haldin í Hafnarfirði á vegum Félags íslenskra hornleikara með þátttöku hátt í hundrað hljóðfæraleikara.
- *Norræn goðafræði í þúsund ára kristni*. Kennslubók gefin út af Norræna félaginu á Íslandi á þremur tungumálum: skandinavísku, finnsku og ensku.
- *Bráðið vatn*. Myndlistarsýning 10 norrænna myndlistarkvenna, þar af fimm íslenskra, haldin á Akureyri. Farandsýning, sem einnig verður sýnd í Danmörku, Grænlandi, Berlín og New York.
- *Þjóðlagaakademía - íslensk þjóðlög*. Námskeið og ráðstefna um íslensk þjóðlög fyrir norræna tónlistarnemendur. Haldin á Siglufirði á vegum Þjóðlagasetursins.
- *Þýðing menningar*. Alþjóðleg ráðstefna um menningar- og tungumálasamskipti ólíkra menningarheima, haldin á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- *Náttúra - manngert umhverfi*. Vinnustofa í myndlist, innblásin af náttúrunni annars vegar og manngerðu umhverfi hins vegar, fyrir norræna táninga á aldrinum 13-16 ára. Skipuleggjendur: Myndlistaskólinn í Reykjavík í samvinnu við danska og finnska myndlistarskóla. Vinnan fór fram í Listasetrinu á Eiðum í samvinnu við þá stofnun.

- *Orgelsumar í Hallgrímskirkju*. Orgelhátíð á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju með þátttöku 9 organista frá Norðurlöndum.
- *Norrænt bókband*. Bókbandssýning yfir eitt hundrað bókbindara frá Norðurlöndum. Allir binda þeir inn sömu ljóðabókina með 90 ljóðum eftir norræn ljóðskáld, myndskreytta af norrænum myndlistarmönnum. Sýningin er farandsýning sem opnuð verður í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík.
- *Víkingaráðstefna á Íslandi*. Alþjóðleg ráðstefna fornleifafræðinga, sagnfræðinga, málvísindamanna, bókmenntafræðinga og vísindamanna úr fleiri greinum, sem fjalla um víkingatímamann í fyrirlestrum og á umræðufundum. Skipuleggjendur eru Háskóli Íslands, Þjóðminjasafnið, Stofnun Árna Magnússonar ofl.
- *List án landamæra*. Listahátíð fatlaðra haldin í samstarfi við fjölmörg félög og samtök og með þátttöku fatlaðra listamanna frá Norðurlöndum. Viðburðir verða í Reykjavík, Borgarnesi, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum.
- *Blúshátíð í Reykjavík*. Tónlistarhátíð norrænna blústónlistarmanna sem m.a. mynda nýtt norrænt blúsband, Nordic All Star Blues Band.
- *Hugmyndabanki um norræna/íslenska menningu*. Röð málþinga um menningarrannsóknir á Norðurlöndum, menningararf og breytt menningarviðhorf í ljósi alþjóðavæðingar. Fyrirlesarar frá öllum norrænu ríkjunum. Umsjón hefur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- *Draumar 2009*. Leiklistarhátíð daufdumbra haldin á vegum leikhópsins Draumasmiðjunnar í Reykjavík með þátttöku leikhópa daufdumbra frá Norðurlöndum og víðar.

Um aðra sjóði og starfsemi á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum vísast til skýrslna fyrri ára.

## 6. Jafnréttismál

Samstarfsáætlun norræns jafnréttissamstarfs ber yfirskriftina *Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi*. Í henni eru tvö meginsvið í fyrirrúmi, þ.e. kyn og völd og kyn og æska. Auk þess er lögð áhersla á umfjöllun um menningu og miðlun út frá sjónarhorni kynferðis.

### *Jafnréttisráðherrafundur*

Fundur jafnréttisráðherra (MR-JÄM) var haldinn 28. maí í Kuressaare í Eistlandi. Daginn áður var haldinn fundur með jafnréttisráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hafa átt farsælt samstarf á sviði jafnréttismála í áratug. Þessum áfanga var fagnað á fundinum.

Baráttan gegn vændi, mansali, ofbeldi gegn konum og vinna að jafnrétti á vinnumarkaði og á heimilinu voru meginviðfangsefni ráðherrafundarins. Samþykkt var að halda samstarfi á þessum sviðum áfram með áherslu á baráttu gegn mansali. Fjallað var um aðgerðaáætlanir gegn mansali í löndunum. Gerð var grein fyrir undirbúningi að heildstæðri áætlun um aðgerðir á Íslandi til að koma á betra skipulagi. Sérstök áhersla var lögð á skipulagða og örugga endurkomu fórnarlamba mansals til heimalands síns. Framundan er að meta árangur þeirra mansalsverkefna sem eru í gangi. Einróma niðurstaða fundarins var að aðgerðir í hverju landi fyrir sig dugi ekki til að ná utan um vandann heldur sé samstarf milli landa grundvallaratriði.

Samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs var einnig í brennidepli og þá sérstaklega aðgerðir til að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði. Fæðingarorlofið á Íslandi og víðtæk þátttaka íslenskra karla í umönnun ungra barna var miðpunktur umræðna. Eystrasaltsríkin hafa nýlega ýmist endurbætt löggjöf um fæðingarorlof eða sett nýja. Víða á Norðurlöndum eru aðgerðir í undirbúningi til að freista þess að fá fleiri karla til að taka fæðingarorlof.

### *Jafnrétti liður í hnattvæðingarferli*

Norrænu forsætisráðherrarnir ákváðu á fundi sínum í Punkaharju árið 2007 að hnattvæðingarferlið yrði meginviðfangsefni norræns samstarfs á næstu árum. Á fundi jafnréttisráðherranna í maí var einhugur um nauðsyn þess að jafnrétti yrði hluti af hnattvæðingarumræðunni. Vændi og mansal, jafnrétti á vinnumarkaði, nýsköpun og margbreytileiki og loftslagsbreytingar eru mikilvæg jafnréttismál á tímum örrar hnattvæðingar.

### *Jafnrétti og loftslagsmál*

Á jafnréttisráðherrafundinum var undir forystu Dana fjallað sérstaklega um jafnrétti og loftslagsmál. Loftslagsbreytingar hafa ólík áhrif á konur og karla. Það sama á við um þá þætti sem hafa áhrif á loftslagsbreytingar. Konur menga t.d. minna og nota meira almenningsamgöngur. Á fundinum var lögð áhersla

á að konur taki jafnan þátt í stefnumörkun og ákvörðunum um loftslagsmál. Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður haldin í Kaupmannahöfn í árslok 2009. Ákveðið var að undirbúa og koma á umræðu um samhengi jafnréttis- og loftslagsmála.

### **Rannsóknarverkefni og ráðstefnur**

Norrænu kvenna- og kynjarannsóknastofnuninni (NIKK) var falið að stýra rannsókn á kyni og völdum í stjórnmálum og atvinnulífi á Norðurlöndum. Viðfangsefnið er að safna upplýsingum um hlut og áhrif kvenna og karla við ákvarðanatöku í stjórnmálum og atvinnulífi í norrænu ríkjunum fimm og sjálfsstjórnarsvæðunum þremur. Jafnframt að gera úttekt á því hvaða aðgerðir hafi skilað mestum árangri við að jafna hlut kynja í stjórnmálum og atvinnulífi. Lokið var við rannsóknarverkefnið *Vændi á Norðurlöndum*. Niðurstöður voru kynntar á ráðstefnu í Stokkhólmi 16.–17. október (Prostitution i Norden – forskningsrapport, TemaNord ANP).

- Á 52. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í febrúar stóðu jafnréttisráðherrarnir fyrir fundi um ofbeldi gegn konum undir heitinu *Men's violence against women, honour-related violence and oppression and measures to combat trafficking in human beings for sexual purposes*.
- Ráðstefna um samstarf Norðvestur-Rússlands, Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda um aðgerðir gegn mansali var haldinn í Pétursborg í apríl. Rætt var um hvernig koma megi í veg fyrir mansal til kynlífsþrælkunar.
- Í samræmi við ákvörðun ráðherrafrunda um framhald á samstarfi jafnréttisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var haldin ráðstefna í apríl í Tallinn til að undirbúa nýjan samstarfssamning landanna undir heitinu *Sharing a common goal*.
- Ráðstefnan *Ungdomars sexuella hälsa ur ett genusperspektiv* var haldin í Stokkhólmi í nóvember. Fjallað var um kynlífsfræðslu í löndunum og kynnt verkefni sem fjalla um kynheilsu ungs fólks.
- Á ráðstefnu í Pétursborg í desember var fjallað um jafnrétti og vinnumarkað undir heitinu *Gender equality in the labour market*. Íslenska fæðingarorlofskerfið var kynnt á ráðstefnunni og niðurstöður rannsókna á áhrifum þess.
- Þvinguð hjónabönd voru viðfangsefni norrænnar ráðstefnu í Ósló í desember. Rætt var um aðgerðir landanna til að koma í veg fyrir slík hjónabönd og til hvað ráða megi að grípa til að aðstoða einstaklinga sem verða fyrir slíkum þvingunum.

## 7. Samstarf um löggjafarmál

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneyta um löggjöf byggir að meginstefnu til á samstarfsáætlun annars vegar og hins vegar á formennskuáætlunum landanna. Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-LAG) hittast einu sinni á ári. Að öðru leyti fer samstarfið fram undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, fjallað um sameiginleg hagsmunamál og nýja eða áformaða löggjöf og veittir styrkir til norrænna verkefna. Um einstök réttarsvið eða álitæfni er fjallað í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á laggir vinnuhópa sem fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum.

Dómsmálaráðherrarnir starfa samkvæmt samstarfsáætlun sem samþykkt var árið 2005. Í henni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggir á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökufærli og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast á Norðurlöndum. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða að „norrænu notagildi”. Stefnt skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar er hefð fyrir að ná víðtækri samræmingu á löggjöf. Þessu samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmdri löggjöf, t.d. vegna ólíks siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og alþjóðlegu samhengi, en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Árlegur fundur dómsmálaráðherranna var haldinn 2. september í Ystad í Svíþjóð. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sat fundinn fyrir Íslands hönd. Rætt var hvernig herða mætti baráttu gegn barnaklámi, skipulagðri brotastarfsemi sem og refsingar fyrir kynferðisbrot. Aukin lögreglusamvinna var einnig á dagskrá og sátu ríkislögreglustjórar fundinn.

Einnig var starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna að störfum og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir annað hvert ár. Enginn ráðherra-fundur var haldinn árið 2008 en starfshópurinn hélt einn fund á árinu í Eistlandi.

### ***Málefni flóttamanna og útlendinga***

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna og innflytjenda. Nefndin hefur komið saman síðan laust eftir 1990 og fundar tvisvar á ári. Annars vegar í júní, en sá fundur er jafnan haldinn daginn fyrir árlegan fund norræna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna, og svo í nóvember. Á árinu 2008 var fyrri fundurinn haldinn í Sønderborg í Danmörku og sá síðari í Ósló í Noregi. Í fyrstu var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna, en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma. Fer þar einnig fram upplýsingamiðlun milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfraeðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með því að miðla skýrslum sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu og þar með atriði er varða framkvæmd svonefnds Dyflinnar-samstarfs um málsmeðferð í málefnum hælisleitenda. Undir nefndinni starfa vinnuhópar um nokkur þessara mála.

### ***Björgunarsamstarf***

Norrænt samstarf um björgunarsamstarf (NORDRED) miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Íslendingar hafa undanfarin ár tekið þátt í þessu samstarfi en það byggir á rammisamningi um björgunarþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa norrænu ríkjanna og stýrir hún samstarfinu. Sjá heimasíðuna [www.nordred.org](http://www.nordred.org).



## 8. Menntun og rannsóknir

Samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega.

### *Fastar ráðgjafanefndir*

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin. Á vegum ráðherranefndarinnar starfa auk þess þrjár ráðgjafarnefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Auk stjórnarnefnda starfa vinnuhópar að tímabundnum verkefnum. Vorið 2008 var skipaður starfshópur til að fjalla um rannsóknir (Ad hoc gruppen for forskningsspørgsmål).

### *Samstarf um skólamál*

Verksvið ráðgjafarnefndar um samstarf um skólamál (NSS) nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Nefndin á að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og tekur hún til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf.

Á árinu lagði ráðgjafarnefnd um skólamál m.a. áherslu á samkeppnishæfni, viðbrögð við loftslagsbreytingum, frumkvöðlastarfsemi og samhæfingu milli norrænu ríkjanna. Áhersla var lögð á að þróa aðferðir til að styrkja stöðu landanna í harðnandi alþjóðlegri samkeppni.

Á formennskuári Svía var lögð áhersla á heildstæða skólastefnu allt frá leikskóla til fullorðinsfræðslu. Athygli var beint að leiðum til draga úr brottfalli á ýmsum skólastigum og að taka á vandamálum nemenda með lestrarerfiðleika og annarra sem standa höllum fæti félagslega og eiga í erfiðleikum með að nýta sér skólakerfið.

Á síðastliðnum þremur árum hefur nefndin einbeitt sér að því að skoða lestrarfærni grunnskólaskólanema. Í því skyni var stofnaður vinnuhópur sem m.a. hélt málstofu með helstu sérfræðingum Norðurlanda í lestrarmálum og fyrir stuttu kom út skýrsla um málstofuna og niðurstöður hennar. Einnig kom út skýrsla sem unnin var fyrir nefndina þar sem m.a. brýnum samstarfsverkefnum á sviði lestrarkennslu er forgangsraðað.

Haldið var upp á 20 ára afmæli Nordplus-áætlunarinnar á árinu. Þá var haldið áfram með ýmis verkefni tengd gæðum í skólastarfi og starfsmenntun.

### *Háskólasamstarf*

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun. Hún á að efla norrænt samstarf um æðri menntun, m.a. með greiningum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla.

Haldið var upp á 20 ára afmæli Nordplus-áætlunarinnar á árinu. Hún er mikilvægasta verkfæri stjórnarnefndarinnar til að auka og efla samstarf norrænna háskóla með nemenda- og kennaraskiptum.

Ákveðið var að halda áfram með norrænu meistaranámsáætlunina (Nordic Master). Auglýst er eftir umsóknum vorið 2009.

Niðurstöður úr samanburðarrannsókn á kennaramenntun á Norðurlöndum voru gefnar út og kynntar fyrir helstu hagsmunaaðilum á árinu (*Komparativt studie af de nordiske læreruddannelser*).

### *Fullorðinsfræðsla*

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) hefur yfirumsjón með störfum samstarfsnets um nám fullorðinna (NVL) og fjallar um áherslur samstarfsnetsins og forgangsröðun verkefna þess. Að lokinni úttekt á störfum samstarfsnetsins var ákveðið að koma á ákveðnum breytingum til að skerpa á áherslum, fækka viðfangsefnum og vinna meira út frá þeimum, markmiðum og aðferðum. Jafnframt var ákveðið að breyta til í stjórnskipun netsins og fela nýrri stofnun, Vox í Noregi, aðalumsýslu í starfinu og jafnframt skipta um nokkra tengiliði í löndunum. Sjálfstjórnarsvæðunum verður gert kleift að efla þátttöku sína í NVL með auknum framlögum.

Jafnframt þessu verður lögð áhersla á að efla tengsl NVL og Nordplus-áætlunarinnar þannig að upplýsingaflæði um einstök verkefni verði meira, meiri skírskotun verði á milli NVL og Nordplus og þar með meiri samlegðaráhrif.

### *Norrænt málasamstarf*

Norræna málasamstarfið var endurskoðað á árinu. Um langt skeið hefur ríkt nokkur óvissa um tilhögun samstarfsins, m.a. vegna þess að viðhorfið er nokkuð ólíkt eftir löndunum og líta sum á það sem menningarmál en önnur sem menntamál. Menntamálaráðherrum var umhugað um að auka norrænan málskilning en á vettvangi menningarmála var meiri áhersla á að skoða málsögulegan, málfræðilegan og menningarlegan samanburð. Þá var töluverður áhugi á samstarfi um máltæknileg atriði í tölvusamskiptum. Norræna málaráðið hefur haft umsjón með málaflokknum en haft tilhneigingu til að líta fremur til fræðilegs samstarfs. Stjórnmalaleg áhersla á að bæta norrænan málskilning hefur því ekki verið sem skyldi. Þó hefur verið þróttmikið samstarf um námskeið fyrir kennara í norrænum tungumálum, m.a. með tímabundinni dvöl við norrænar fastastofnanir á Hanaholmen, Lysebu og Voksenåsen sem sinna þessu hlutverki. Niðurstaða endurskoðunarinnar var að færa allt málasamstarf undir ráðherranefnd menntamála og leggja megináherslu á að bæta málskilning á einhverju hinna þriggja skandinavísku mála. Ákveðið var að færa framkvæmd málsins undir ábyrgð ráðgjafanefnd-

arinnar um norræna skólasamstarfið (NSS). Jafnframt var gamla málaráðið lagt niður, en í stað þess skipuð sérstök ráðgjafarnefnd um málasmstarfið (Expertgruppen for det nordiske sprogsamarbejde (ENS)) er fylgjast skal með málasmstarfinu með heildstæðari hætti en málaráðið gerði áður. Tók hún til starfa í ársbyrjun 2009 undir formennsku prófessors Guðrúnar Kvaran.

### *Vísindasmstarf*

Norrænt vísindasmstarf er nú í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk sem tók til starfa í ársbyrjun 2005 sem sjálfstæð stofnun undir skrifstofu ráðherranefndarinnar, en Norræna vísindastefnuráðið (FPR) og Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) voru lögð niður á sama tíma. Stjórn NordForsk er skipuð fulltrúum rannsóknarráðanna í ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af samstarfi háskóla á Norðurlöndum (NUS) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðar- og atvinnumála. Af hálfu Íslands situr formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður Rannsóknasjóðs í stjórninni. Rannís hefur með höndum starfræn tengsl við NordForsk og annast upplýsingamiðlun þar að lútandi.

Í fyrstu starfsáætlun NordForsk, sem unnið er eftir 2006-2009, skilgreinir stofnunin framtíðarsýn og starfsaðferðir sínar. Lögð er áhersla á að byggja samstarfið á innri styrk Norðurlanda og þjóðfélagsgildum og vinna í hnattrænu samhengi. NordForsk leitast við að marka áherslusvið sem rannsóknarráðin og fjármögnunaraðilar telja mikilvæg. Fjármunir NordForsk eru fyrst og fremst ætlaðir til að tengja sem best áherslusvið landanna til að skapa samlegðaráhrif. Við mat á samstarfsverkefnum er lögð rík áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni rannsóknarverkefna á grundvelli vísindalegra gæða um leið og tekið er mið af samfélagslegum þörfum.

Starfsaðferðir NordForsk byggjast á því að laða til samstarfs framsæknustu aðila í vísindum á Norðurlöndum til að ná fram sem sterkustu áhrifum í alþjóðlegu samhengi og gera árangurinn sýnilegan. Efnt er til samkeppni um hugmyndir og samstarfsverkefni. Sett hafa verið á laggirnar norræn öndvegissetur (Nordic Centers of Excellence, NCoE) á eftirfarandi sviðum:

- Matvæli, næring og heilsa
- Velferðarsamfélagið
- Hnattrænar breytingar
- Læknisfræðileg sameindalíffræði
- Hug- og félagsvísindi

Starfræktir eru norrænir rannsóknarnámsskólar í tengslum við norrænu öndvegissetrin og skipulagt netsmstarf rannsóknarnámsskóla í aðildarlöndum. Einnig hefur verið efnt til samstarfs milli öndvegissetra á sviði sameindalíffræði, barnasálfræði og norrænna samanburðarmálvísinda. Þá heldur NordForsk utan um þemasamstarf milli stofnana á sviði faraldsfræðilegra rannsókna, hafveðurfræðirannsókna og er bakhjarl Nordunet 3, sem er samstarf norrænna háskólaneta um þróun háhraðatenginga milli

norrænu ríkjanna og við umheiminn á grundvelli tenginets sem NorduNet AS starfrækir og RH-net er aðili að fyrir Íslands hönd.

Stærsta verkefnið í hnattvæðingaráætlun forsætisráðherranna er samnorræn rannsókn- og nýsköpunaráætlun (Topforskningsinitiativet) á sviði umhverfis-, loftlags- og orkumála. Starfshópur var skipaður til að vinna að framgangi áætlunarinnar (Ad hoc gruppen for forskningsspørgsmål) undir formennsku Svía. Á árinu náðist samkomulag um eðli og umfang áætlunarinnar og var skipuð stjórn fyrir hana. Í henni á hvert land þrjá fulltrúa og eru fulltrúar Íslands Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar og stjórnar Rannsóknasjóðs, Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís, og Bryndís Skúladóttir, Samtökum iðnaðarins. NordForsk, NICE og NEF munu í sameiningu sjá um rekstur áætlunarinnar.

## 9. Vinnumarkaður og vinnuvernd

Í formennskuáætlun Svía fyrir vinnumála- og vinnuverndarsviðið var lögð áhersla á að virkja fólk til atvinnuþátttöku. Settar voru fram tillögur að nokkrum verkefnum í þessu skyni með áherslu á gæði menntunar til að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Einnig að auðvelda ungu fólki og innflytjendum að fá starf við hæfi. Í þessu augnamiði var skipulögð ráðstefna um nánara samstarf velferðarstofnana og vinnumálastofnana.

Áhrif breyttrar aldurssamsetningar þjóða á þróun á norrænum og evrópskum vinnumarkaði var annað stef í formennskuáætlun Svía. Þetta hefur verið áhyggjuefni stjórnvalda í nokkrum landanna sem sjá fram á skort á vinnuaflí á næstu árum. Lögð var mikil vinna í að undirbúa ráðstefnu um þetta mál sem haldin var í tengslum við fund norrænna vinnumálaráðherra (MR-A) í október. Þar kom fram að einkum er horft til þriggja leiða: Nýta betur það vinnuafl sem er fyrir hendi, hækka lífeyrisaldur og hvetja starfsmenn til að vera lengur á vinnumarkaði og leita eftir erlendu vinnuaflí. Þess má geta að af hálfu íslensku fulltrúanna var bætt við fjórða kostinum sem felst í aukinni áherslu á jafnrétti kynja og fæðingar- og foreldraorlof sem hækkar fæðingartíðni.

Á fundi ráðherranna í kjölfar ráðstefnunnar var skipst á skoðunum um niðurstöður hennar. Danski ráðherrann sagði það hafa úrslitabýðingu fyrir framtíð velferðarkerfisins að virkja fleiri á vinnumarkaðnum. Þar af leiðandi væri lögð áhersla á að virkja hópa sem þar standa höllum fæti, aðgerðir til að draga úr veikindaförföllum og hvetja til aukinnar atvinnuþátttöku með breytingum á skattalögum. Finnski ráðherrann lýsti skipan lífeyriskerfisins sem virkar letjandi á þá sem þegar þiggja lífeyri að leita aftur út á vinnumarkað, enda þótt aldur og heilsa leyfi. Af hálfu Íslands var bent á áhrif af lögum um fæðingar- og foreldraorlof, aðgerðir í þágu þeirra sem eru óvirkir á vinnumarkaði og leiðir til að auðvelda innflytjendum þátttöku í atvinnulífi. Norðmenn hafa skipulagt ráðningar á erlendu vinnuaflí sem hafa breytt aldurssamsetningu. Svíar hafa gripið til margvíslegra aðgerða, m.a. lækkað tekjuskatt og gert það einfaldara og ódýrara að ráða nýja starfsmenn.

Áhrif og viðbrögð við hnattvæðingu atvinnu- og efnahagslífs er forgangsverkefni hjá Norrænu ráðherranefndinni. Á ráðherrafundinum voru þau mál til umræðu. Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar gaf skýrslu um störf í þessum málaflokkum. Þar bar hæst áhersla á samstarf um hágæðarannsóknir sem í fyrsta áfanga beinist að loftslags-, umhverfis- og orkumálum. Í öðrum áfanga hnattvæðingarferilsins verður kröftum beint að heilbrigðis- og velferðarmálum. Enn fremur er áætlað að ráðast í verkefni sem miða að því að bæta menntun yngra sem eldra fólks. Í umræðum um þetta efni var vakin athygli

á gildi sveigjanleika í atvinnulífinu þar sem jafnframt væri gætt að félagslegu öryggi. Þetta væri mikilvægt atriði í viðbrögðum við hnattvæðingu og efnahagskreppu. Í þessu sambandi var bent á yfirlýsingu sem samþykkt var á þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) sumarið 2008 um réttláta hnattvæðingu og félagslegt öryggi. Ráðherrarnir skiptust á fundinum á upplýsingum um framvindu mála á sviði vinnu- og vinnuumhverfismála í ESB. Endurskoðun á svonefndri vinnutímatilskipun og tilskipun um útsenda starfsmenn bar á góma. Enn fremur kom fram að sænska ríkisstjórnin muni beita sér fyrir rannsókn á áhrifum af svonefndum Laval-dómi Evrópudómstólsins í Lúxemborg um samskiptareglur á sænskum vinnumarkaði. Ráðherrarnir fjölluðu einnig um nýja norræna samstarfsáætlun á sviði vinnu- og vinnuverndarmála. Nánari grein er gerð fyrir áætluninni hér á eftir. Ákveðið var að næsti fundur norrænu vinnumálaráðherranna yrði haldinn á Íslandi í nóvember 2009.

### ***Embættismannanefnd um vinnumál og vinnuvernd***

Norræna embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A) hélt tvo fundi á árinu. Eitt af meginviðfangsefnum hennar var endurskoðun á samstarfsáætlun um vinnu- og vinnuverndarmál 2005–2008. Nefndin samþykkti að fela undirnefnd endurskoðunina og var ákveðið að Svíar myndu leiða starfið. Undirnefndin lagði til að gildistími nýrrar áætlunar yrði lengdur um eitt ár þannig að hún gildi fyrir samstarfið á árunum 2009–2012. Við endurskoðun var tekið mið af áherslu forsætisráðherranna á hnattvæðingu og afleiðingum hennar. Þetta kemur meðal annars fram í yfirskrift áætlunarinnar: *Hnattvæðing í brennidepli og brýn viðfangsefni vegna breytinga á aldursamsetningu*. Samkomulag varð um að draga fram í áætluninni stöðu þeirra sem eru utangarðs eða standa höllum fæti á vinnumarkaði. Merki um þetta er aukin áhersla á endurmenntun og þjálfun og samstarf vinnumiðlunar og velferðarstofnana. Þörf á aukinni samvinnu í stofnunum utan Norðurlanda endurspeglast í áætluninni. Áhersla verður lögð á að varðveita norrænu samfélagsgerðina, einkum á vettvangi ESB. Einnig kemur fram stuðningur við áætlun Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnu. Vinnumálaráðherrarnir samþykktu áætlunina sumarið 2008.

Um miðjan níunda áratug síðustu aldar var stofnað til *Nordjobb*-verkefnisins. Það byrjaði sem tilraunaverkefni eftir ábendingar svonefnds Gyllenhammarhóps Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmiðið hefur verið að gefa ungu fólki tækifæri til að ráða sig í sumarvinnu í öðru norrænu landi. Á þann hátt er leitast við að auka kynni og tungumálafærni ungs fólks á Norðurlöndum og stuðla að samstarfi sem á endanum bætir samkeppnistöðu og eykur framleiðni og verðmætasköpun. Að mörgu leyti hefur verkefnið heppnast vel. Hins vegar hefur gætt vaxandi óánægju í norrænu embættismannanefndinni um vinnu- og vinnuverndarmál og árangur ekki þótt vera í samræmi við fjárveitingar. Nefndin lét því gera úttekt á framkvæmd verkefnisins. Þegar hún lá fyrir kom í ljós að verkefnið hafði skilað góðum árangri á árinu. Nefndin mælti því með

að Norræna ráðherranefndin héldi áfram enn um sinn að styrkja verkefnið. Þess skal getið að rúmlega 700 norræn ungmenni njóta árlega góðs af verkefninu (sjá bls. 30).

Upplýsingamiðlun um norræn vinnuverndar- og vinnumál var töluvert til umfjöllunar í embættismannanefndinni á árinu. Samtals hefur verið varið um 1,4 milljónum danskra króna árlega í þetta verkefni. Stór hluti af fjármagninu hefur farið í að kosta útgáfu tímaritanna *Arbeidsliv i Norden* og *Nordic Labour Journal*. Þrjú tölublöð komu út af því fyrrnefnda á árinu en eitt af því síðarnefnda. Nefndin lagði til að þeim fjármunum sem nú er varið til að kosta pappírsgútgáfu þessara rita verði í staðinn varið til að kosta rafræna miðlun með nýjum upplýsingum um norræn vinnu- og vinnuverndarmál. Ákveðið var að taka upp rafrænt fréttabréf sem kemur út mánaðarlega.

Auk framangreinds fjallar nefndin um umsóknir um styrki til verkefna á sviði vinnu- og vinnuverndarmála, þ.e. þær umsóknir sem falla ekki innan starfssviðs undirnefnda hennar. Embættismannanefndin fer yfir skýrslur ríkjanna um stöðu og framvindu í atvinnu- og efnahagsmálum og undirbýr ráðherrafundi.

### ***Nefnd um vinnurétt***

Nefnd um vinnurétt á Norðurlöndum (NAU) hélt fundi í apríl og september. Að venju var farið yfir stöðuna á vinnumarkaði hvers ríkis sem og frumvörp og lagabreytingar á þessu sviði. Meðal annars kom fram að enn væri þörf fyrir fleira fólk á vinnumarkaði ríkjanna og því hefðu verið gerðar ýmsar ráðstafanir í því skyni að halda fólki sem lengst í vinnu. Ísland var þó ekki þar á meðal en fram kom að þar hefði eftirspurn eftir vinnuafli dregist örlítið saman. Jafnframt kom fram að atvinnuleysi færi enn minnkandi í löndunum að Íslandi undanskildu þar sem atvinnuleysi hefði aukist hægt og rólega og þar væri því minni þörf en áður fyrir þátttöku fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði enda hefði hægt á streymi þess til landsins. Á fundunum var líkt og alla jafna rætt um innleiðingu á sameiginlegum evrópskum reglum sem og stiklað á stóru varðandi réttaráhrif dóma sem fallið hafa hjá Evrópudómstólum og Mannréttindadómstóli Evrópu. Enn fremur var rætt um þau mál á hendur ríkjunum á sviði vinnuréttar sem fyrrnefndir aðilar hafa fengið til meðferðar án þess að niðurstaða í þeim lægi fyrir. Nefndin fór einnig yfir valin mál sem höfðu verið til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðavinnuálagstafnunarinnar og í embættismannanefnd sem starfar á grundvelli félagsmálasáttmála Evrópu um framkvæmd löggjafar einstakra ríkja á sviði vinnuréttar.

### ***Norræna vinnumarkaðsnefndin***

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um norræn atvinnuálag, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni hennar á árinu tóku mið af markmiðum sem sett voru í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði vinnu- og vinnuverndarmála 2005–2008. Þar er lögð áhersla

á að leita leiða til að tryggja fulla atvinnu og vinnuafl í norrænu ríkjunum. Undir formennsku Svía var m.a. lögð áhersla á atvinnu og samkeppnishæfni. Nefndin átti aðild að og lagði fjármuni til tveggja málþinga á árinu. Hið fyrra fjallaði um samræmi milli samþykktu og tilmæla Alþjóðavinnuárástofnunar innar og Evrópulöggjafar á sviði félags- og vinnumála. Seinni ráðstefnan var um viðbrögð við breyttri aldursamsetningu norrænu þjóðanna og áhrif þess á framvindu á vinnumarkaði.

Norræna vinnumarkaðsnefndin lagði eftirfarandi verkefnum til fjármuni á árinu:

- Samantekt á flutningi fólks í atvinnuskyni milli landanna.
- Andstæður í atvinnulífi á Norðurlöndum.
- Greining á framtíðarþörf fyrir vinnuafl á norrænum vinnumarkaði.
- Kostir við að auðvelda hreyfihömluðum þátttöku í atvinnulífi.
- Ólíkar leiðir á Norðurlöndum við að brúa bilið milli skóla og vinnu.
- Athugun á þörf tiltekinna atvinnugreina fyrir starfsfólk frá öðrum Norðurlöndum.
- Hreyfanleiki vinnuafls milli norrænu ríkjanna.
- Ráðning einstaklinga með háskólapróf frá löndum utan EES.

Á árinu var lokið við skýrslu um áhrif hnattvæðingar á norræna vinnumarkaðinn. Einnig kom út skýrsla um norrænt atvinnuleysistryggingamót árið 2007 og skýrsla um sameiginlegan norrænan vinnumarkað 1954–2004.

### ***Norrænn starfshópur um þörf á starfskröftum og ráðningar milli landa***

Norrænn starfshópur lauk á árinu því verkefni að áætla þörf fyrir vinnuafl í einstökum atvinnugreinum. Hópnum var einnig falið að fjalla um ráðningar á starfsfólki milli landanna. Markmiðið er að leita leiða til að bæta upplýsingamiðlun um mannaflsþörf og auðvelda flutning starfsmanna milli landa.

Hópurinn leggur til að upplýsingamiðlun til atvinnurekenda verði efl. Einnig þarf að bæta samstarf vinnuárástofnana sem er forsenda þess að fjölga ráðningum á milli norrænu ríkjanna.

Mat á vinnuaflsþörf byggist á eftirfarandi þáttum:

- Úttekt á aðferðum sem notaðar eru á Norðurlöndum við mat á þörf fyrir vinnuafl í einstökum atvinnugreinum.
- Samantekt á því hvernig upplýsingum um þetta efni er dreift milli landanna.
- Úttekt á því hvernig upplýsingar eru hagnýttar af vinnumiðlun og atvinnuleitendum til að leita uppi laus störf á Norðurlöndum.

Lokaskýrsla starfshópsins var kynnt vinnumarkaðsnefndinni vorið 2009.

### ***Atvinnuskipti ungs fólks***

*Nordjobb* er umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála. Það byggist á atvinnuskiptum ungs fólks milli landanna. Lengst af hafa norrænu



félögin haft umsjón með verkefninu. Á árinu 2008 komu 120 ungmenni til starfa á Íslandi en 83 ungmenni fóru héðan til starfa annars staðar á Norðurlöndum fyrir tilstuðlan Nordjobb.

### ***Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál***

Starfshópi er falið að fjalla um og miðla upplýsingum um norræn vinnu- og vinnuverndarmál (NIAL). Hann hélt tvo fundi á árinu. Gefin voru út þrjú tölublöð af *Arbejdsliv i Norden* og eitt af *Nordic Labour Journal*.

Í fyrsta tölublaði *Arbejdsliv i Norden* var fjallað um áhrif hnattvæðingar á vinnumarkað. Annað tölublaðið var helgað aðgerðum til að koma á samræmdri velferðarþjónustu. Í því þriðja var tekið fyrir hvernig Norðurlönd séu búin undir að takast á við efnahagsvandann.

Meginumfjöllunarefni í *Nordic Labour Journal* var hvernig virkja mætti óvirka þátttakendur í atvinnulífinu.

Starfshópurinn vann á árinu að því að undirbúa rafræna útgáfu um vinnumál á vegum ráðherranefndarinnar eins og áður er getið.

### ***Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd***

Nefndin hélt tvo fundi á árinu, í mars og í september. Samráðsfundir vinnueftirlita og vinnuverndarhópa sem fjalla um sértæk málefni hafa verið ákveðin kjölfesta í norrænu vinnuverndarsamstarfi. Nýjar reglur ráðherranefndarinnar um endurgreiðslu ferðakostnaðar sem tóku gildi á árinu settu strik í reikninginn og urðu tilefni skoðanaskipta. Þá varð töluverð umræða um hvernig nefndin myndi í starfi sínu mæta hnattvæðingaráherslum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í ljósi þessa skilgreindi nefndin kjarnaverkefni sín fyrir árið sem:

- Innflytjendur, vinnuumhverfi og vinnukjör.
- Þýðing vinnuumhverfis og aðgerðir á vinnustað til að tryggja að fólk geti snúið aftur til vinnu eftir veikindi.
- Vinnuumhverfi, heilsa og efnahagur.
- Þróun vinnueftirlitsaðgerða.

Nefndin lagði áherslu á að þótt þessir þættir mótuðu starfsárið 2008 þá hefðu þessi stef skýra tilvísun í stefnu ráðherranefndarinnar fyrir 2009–2012. Teknar voru fyrir umsóknir um styrki til vinnuverndarstarfs á Norðurlöndum. Af 18 umsóknum bárust þrjár um samstarfsverkefni frá Íslandi. Ákveðið var að samþykkja 11 umsóknir en sjö var vísað frá. Tvær íslenskar umsóknir voru samþykktar. Önnur þeirra lýtur að samanburði á vinnuverndarlöggjöf á Norðurlöndum og framkvæmd þeirra en hin fjallar um bættu skráningu vinnuslysa á Norðurlöndum og hvernig megi gera hana samanburðarhæfa milli landa. Þá var einnig ákveðið að nefndin beitti sér fyrir verkefni um tölfræði banaslysa við vinnu á Norðurlöndum sem Íslendingar taki að sér að leiða. Á vegum nefndarinnar var unnið að rannsóknarverkefni um öryggishegðun á byggingarvinnustöðum. Nefna má að eitt af því sem hefur áunnist

með verkefninu er spurningaskrá sem nota má við mat á öryggishegðun við lokaprófun. Einnig var lokið við þýðingu bókar um þetta efni og er gert ráð fyrir að hún komi út á íslensku snemma árs 2009.<sup>2</sup> Þá hófst þátttaka í verkefni sem kallað er *Novo* og er um samspil hagræðingar í heilbrigðisgeiranum og vinnuvernd.

### ***Norræna vinnueftirlitsráðstefnan 2008***

Norræna vinnueftirlitsráðstefnan var haldin í Reykjavík 2.–4. júní 2008. Hún var mjög vel sótt en 79 gestir, stjórnendur, sérfræðingar og eftirlitsmenn þessara stofnana í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð og Íslandi sátu ráðstefnuna, auk þátttakanda frá norska olíueftirlitinu. Ráðstefnur sem þessar eru haldnar annað hvert ár, til skiptis í löndunum, og var því haldin hér á landi síðast árið 1998. Á þeim gefst einstakt tækifæri til að miðla reynslu og þekkingu milli Norðurlanda og mynda tengslanet sem styrkir og samhæfir vinnuverndarstarf. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var *Áhrif hnattvæðingar og bryn viðfangsefni í vinnuvernd*. Þetta málefni var mjög tímabært í ljósi mikillar fjölgunar erlendra starfsmanna í norrænu ríkjunum á undanförunum árum en einnig með hliðsjón af aukinni þekkingarmiðlun um vinnuvernd og flutningi starfa til þriðja heimsins.

Fulltrúar allra norrænu vinnueftirlitanna fluttu alls 11 erindi en auk þess flutti einn danskur gestafyrirlesari og fjórir íslenskir fyrirlesarar erindi. Fjórir vinnustaðir voru heimsóttir, þ.e. byggingafyrirtækið ÍAV, HB Grandi, Hrafnista í Reykjavík og Landspítalaeldhúsið, til að kynna vinnuumhverfi og aðstæðum erlendra starfsmanna á Íslandi. Í kjölfarið skiptust þátttakendur í vinnuhópa þar sem fjallað var um stöðuna og afmörkuð viðfangsefni í þessum starfsgreinum í löndunum. Öll erindi og niðurstöður hópvinnu hafa verið gefin út í ráðstefnubók sem er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins<sup>3</sup>.

### ***Norrænir samráðsfundir um vinnuvernd***

Fulltrúar Íslands sátu sjö samráðsfundi um vinnuvernd á árinu. Fundað var um eftirfarandi málsvið:

- *Erlendir starfsmenn og félagsleg undirboð í Ósló 5.–6. ágúst.*  
Farið var yfir stöðu mála og hvernig löndin hefðu brugðist við auknum fjölda erlendra starfsmanna. Mesta athygli vakti nýtt fyrirkomulag í Noregi en þar hefur *Arbeidstilsynet* eftirlit með flestum þeim þáttum sem snúa að aðbúnaði og öryggi erlendra starfsmanna fyrir utan hefðbundna vinnuverndarþætti, svo sem ráðningarsamninga, kaup og kjör og vinnubúðir eða aðra dvalarstaði sem atvinnurekandi útvegar. Einnig var mikil áhersla lögð á eftirlit með vinnutíma. Lögum hafði verið breytt svo unnt var að stöðva starfsemi fyrirtækja sem ekki voru með þessa þætti í lagi.

2 Sjá: [http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/byggt\\_a\\_oryggi\\_net.pdf](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/byggt_a_oryggi_net.pdf)

3 Sjá: <http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/skyrslur/nam2008.pdf>

- *Eftirlit með sálfélagslegum þáttum í vinnuumhverfi í Ósló 13.–14. maí.*  
Fjallað var um ólíkar aðferðir við eftirlit með sálfélagslegu vinnuumhverfi og átaksverkefni sem löndin hafa unnið að. Bornar voru saman bækur og reynsla reifuð en öll löndin leggja nú ríka áherslu á að hafa þennan þátt með í eftirlitinu þótt nálgunin sé ólík. Fram fór áhugaverð umræða og upplýsingamiðlun sem kemur að gagni hérlendis í þróun aðferða. Norðmenn eru mjög öflugir í sínu eftirliti með sálfélagslegum aðbúnaði og hafa töluvert fleiri starfsmenn sem sinna þessum málaflokki. Þetta árið höfðu eftirlitin ákveðið að skoða verslanir sem heita sama nafni og eru starfandi í öllum löndunum, en vinnustaðirnir eiga að vera svipaðir, bæði umbúnaður og innra starf. Afar áhugaverð niðurstaða og umræður voru um verkefnið og kom m.a. fram að löndin hafa misöflugt bakland í eftirliti á vinnustöðum þegar kemur að sálfélagslegum aðbúnaði.
- *Vinnuaðstæður og álag á hreyfi- og stoðkerfið í Reykjavík 14.–15. ágúst.*  
Sérfræðingar vinnueftirlita á sviði „ergónómíu“ stóðu fyrir vinnustofu sem haldin var á NES-ráðstefnunni í Reykjavík 11.–13. ágúst. Þar voru kynntar aðferðir til að meta líkamlegt álag í vinnu. Einnig fengu þátttakendur að prófa aðferðina sjálfir og þótti vel til takast. Að ráðstefnu lokinni var haldinn samráðsfundur norrænu eftirlitsstofnananna um notkun mismunandi matstækja í vinnustaðaeftirliti. Einnig var lögð áhersla á sérstök átök fyrir valdar starfsgreinar í löndunum. Þessi hópur heldur áfram að miðla reynslu og er að undirbúa vinnustofu fyrir næstu NES-ráðstefnu 2009 og IEA-ráðstefnu í Peking 2009.
- *Samráðsfundur um efnafraeðileg málefni á vinnustöðum í Reykjavík 16.–17. september.*  
Auk þátttakenda frá norrænu vinnueftirlitunum sat fulltrúi frá Umhverfisstofnun hluta fundarins. Aðallega var fjallað um innleiðingu efnareglugerðar ESB (REACH) og áhrif hennar á reglugerðarverk vinnueftirlita. Umhverfisstofnanir landanna setja rammareglur en síðan þurfa vinnueftirlitin að setja reglur eða breyta reglum með hliðsjón af REACH. Ekki er í öllum tilvikum ljóst hvort til dæmis einstök lönd geti verið með strangari reglur en fram kemur í REACH. Fjallað var um lagalega stöðu reglna um mengunarmörk í löndunum og hvað væri nýtt eða á döfinni í þeim málaflokki. Næsti fundur er áætlaður í Finnlandi 2011.
- *Samráðsfundur um byggingarmál í Stokkhólmi 14.–15. október.*  
Einkum var fjallað um mál er varða tilskipun ESB nr. 92/57 um byggingarvinnustaði. Enn fremur um nokkrar aðrar tengdar reglugerðir, leiðbeiningar, aðferðir og stöðu vinnuverndar í byggingariðnaði á Norðurlöndum. Meðal annars var upplýst um helstu breytingar og nýjungar sem gerðar hafa verið eða eru fyrirhugaðar í reglugerðum og eftirliti í hverju landi. Rætt var um árangur af ólíkum aðferðum og m.a. fjallað um áhættumat og vinnustaðakort.

- *Vinnutímamál í Ósló 28. október.*  
Kynntar voru niðurstöður norrænna rannsókna um áhrif vaktavinnu og yfirvinnu á líðan og heilsu starfsfólks og áhrif þess á fjölskyldu- og vinnustað. Fulltrúar kynntu hvernig vinnustaðaeftirliti er varðar vinnutíma er háttað. Reglugerðir landanna hvað varðar vinnutíma eru áþekkar, en þau hafa lagt mismikla áherslu á að skoða vinnutíma í vinnustaðaeftirliti sínu.
- *Norrænn samráðsfundur um markaðseftirlit í Noregi 3.–4. desember.*  
Fjallað var um samvinnu milli landanna um staðla og markaðseftirlit á ólíkum sviðum vinnuverndar, svo sem byggingavara, persónuhlífa, véla/tæknilegs búnaðar og þrýstibúnaðar. Farið var yfir fimm átaksverkefni sem lúta að markaðseftirliti sem ákveðið hafði verið að hrinda úr vör. Vinnueftirlitið á Íslandi tók þátt í verkefni um markaðseftirlit með lausum álstigum. Átakið fór þannig fram að vinnueftirlitið í hverju landi heimsótti innflutningsfyrirtæki, verslanir og leigufyrirtæki og kannaði hvort sú vara sem var til sölu eða leigu uppfyllti kröfur sem settar eru fram í stöðlum.

### ***Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar***

Almennt hefur starf Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) gengið vel. Fjármál stofnunarinnar hafa verið til athugunar á árinu vegna halla sem kominn var á reksturinn. Hann mátti rekja til þess að á árinu 2006 varð kostnaður vegna ráðningar á nýjum framkvæmdastjóra meiri en áætlaður var svo og kostnaður vegna námskeiða í Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum. Reksturinn er nú kominn í jafnvægi. Námskeiðshald var með hefðbundnu sniði á árinu. Tilraun með svokallað NAM-NIVA samstarf var gerð á NAM-fundi (Nordisk Arbejdsmiljømøte) í Ósló í ágúst og þóttist takast sérlega vel. Gert er ráð fyrir að endurtaka slíkt haustið 2009 og vera þá aftur með eitt meðalstórt námskeið samtvinnað við NAM-fund. Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Markmið þeirra er fyrst og fremst að vera stefnumótandi um almennt efni námskeiða og umfang þeirra. Áfram var lögð áhersla á að NIVA-námskeið nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð meiri áhersla á að ná til stjórnenda sem og þeirra sem vinna við vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og hjá vinnueftirlitsstofnunum. Áfram er gert ráð fyrir meiri sveigjanleika hjá NIVA þannig að setja megi upp námskeið á sviði vinnuverndar með stuttum fyrirvara. Samtímis er verið að efla samstarf við aðrar norrænar menntastofnanir. Þannig hafa farið fram viðræður um samvinnu við Norræna lýðheilsuháskólann. Nánari upplýsingar um NIVA eru á heimasíðunni [www.niva.org](http://www.niva.org)

### ***Samráðsnefnd Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um ESB-mál á sviði vinnumála og vinnuverndar***

Verkefni norrænnar samráðsnefndar um Evrópusambandsmálefni á sviði vinnuverndar var útvíkkað á árinu 2004 og látið taka til Eystrasaltslanda og Póllands. Frá þeim tíma hafa fulltrúar þeirra ríkja tekið virkan þátt í störfum

hennar. Nefndin er vettvangur fyrir skoðanaskipti um vinnuvernd og vinnu-  
markaðsmál sem til umfjöllunar eru hjá ráðherraráði ESB og til að samræma  
sjónarmið Norðurlanda til þeirra. Nefndin hélt tvo fundi á árinu og var annar  
þeirra í Brussel og með þátttöku fulltrúa ESB. Á þeim fundi var farið yfir þau  
vinnuverndarmál sem eru til umfjöllunar á vettvangi ESB.

## 10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Undir ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál starfa tvær embættismannanefndir, önnur um byggðamál (EK-Regional) og hin um atvinnu- og orkumál (EK-Næring og Energi). Þó um eina embættismannanefnd sé að ræða á sviði orku og atvinnumála, er oftast fundað aðskilið um málaflokkana og byggir umfjöllunin hér á eftir á því fyrirkomulagi.

Haldinn var einn fundur þar sem saman komu embættismenn allra ofangreindra málaflokka (EK-NER) en tveir fundir voru haldnir þar sem fjallað var um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Nefndirnar héldu auk þess fundi hver fyrir sig. Fundur í ráðherranefndinni um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER) var haldinn í Svíþjóð í september.

Árið 2007 var byrjað að skilgreina svokölluð hnattvæðingarverkefni. Þau eru flest á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála og lúta einkum að þætti nýsköpunar og fræðslu í þeim málaflokkum. Stór hluti þeirra heyrir undir ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER), sérstaklega embættismannanefnd um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Eftirtalin verkefni falla undir ábyrgðarsvið nefndanna og bera þær ýmist fulla ábyrgð á þeim eða að hluta:

- 1) Öndvegisrannsóknir
- 2) Könnun á möguleikum þess að setja á fót starf norrænna nýsköpunarfulltrúa í Asíu
- 3) Norræn nýsköpunarverðlaun
- 4) EnergiExpo (sýning og vefsíða)
- 5) Expo 2010 í Shanghæ (sýning)
- 6) Norrænn hnattvæðingarvettvangur
- 7) Samvinna við samningagerð vegna losunar gróðurhúsalofttegunda eftir 2012
- 8) Vettvangur um stjórnsýsluhindranir

Þessi nýju verkefni hafa breytt þeim áherslum sem embættismannanefndir hafa starfað eftir og reynt talsvert á þverfaglegt samráð, sem var eitt af markmiðum þessara verkefna. Allnokkur tími fór í að móta tillögur EK-NER vegna formennsku Íslendinga á árinu 2009.

### *Atvinnumál*

Hnattvæðingarverkefni á sviði atvinnumála settu svip á starfsemi embættismannanefndarinnar. Verkefnin eru komin mislangt á veg, sum í framkvæmd, önnur á undirbúningsstigi.

- Vinnuhópur var að störfum sem hafði það hlutverk að fjalla um möguleika þess að löndin hefðu sameiginlega nýsköpunarfulltrúa í Asíu. Hópurinn tók saman upplýsingar um þá nýsköpunarstarfsemi sem nú þegar fer fram í

Asíu af hálfu norrænu ríkjanna og setti saman tillögur um verkefnabundinn stuðning við norræn fyrirtæki sem hyggjast sækja inn á Asíumarkað. Hópurinn skilaði skýrslu með niðurstöðum um mitt ár 2008.

- Annar vinnuhópur hafði það verkefni að móta tillögur að norrænum nýsköpunarverðlaunum. Hann lagði til að verðlauna skyldi nýja tækni, nýja framleiðslu, nýja ferla eða nýtt skipulag á eftirtöldum þremur sviðum:
  - 1) orku-, umhverfis- og loftslagsmála,
  - 2) heilsu, þ.m.t. erfðatækni, líftækni og lyfjaþróun,
  - 3) þjónustu.
 Lagt var til að verðlaunin yrðu í formi listaverks. Atvinnumálaráðherrarnir fjölluðu um þessa tillögu á fundi sínum í Umeå og samþykktu að efna til þessara verðlauna og að þau yrðu fyrst veitt á Íslandi árið 2009. Af því varð þó ekki þar sem tillagan var felld á þingi Norðurlandaráðs.
- Um mitt ár var enn einu hnattvæðingarverkefni ýtt úr vör en þá hóf vinnuhópur um skapandi greinar (KreaNord) störf. Hann er skipaður fulltrúum allra landanna og hefur það hlutverk að stuðla að samvinnu á sviði skapandi greina og efla sókn á þessu sviði. Með hópnum starfar fjölmennur bakhópur í hverju landi með fulltrúum ýmissa stofnana og samtaka.
- Norrænu ríkin munu hvert um sig taka þátt í heimssýningunni í Shanghai árið 2010. Þema að þessu sinni verður *Betri borgir – Betra líf*. Ákveðið var að löndin stæðu saman að sameiginlegum viðburði til viðbótar við eigin landkyrningar. Undirbúningur hófst á árinu.

Samhliða hnattvæðingarvinnu var öðrum verkefnum sinnt, bæði langtíma-verkefnum, s.s. afnámi stjórnsýsluhindrana á atvinnulíf og smærri verkefnum. Þá hefur um nokkurt skeið farið fram vinna af hálfu nefndarinnar sem felst í því að kortleggja og meta aðstæður áhættufjárfesta. Meðal annars voru uppi hugmyndir um að stofnaður yrði norrænn áhættufjármagnssjóður. Þessi vinna hélt áfram í tengslum við skýrslu sem finnskur prófessor, Marku Maula, skrifaði fyrir ráðherranefndina. Síðla árs tóku Finnar að sér að leiða þetta starf. Hugmyndin um norrænan áhættufjármagnssjóð hefur ekki hlotið hljómgrunn og eru ekki uppi áform um frekari vinnu á því sviði.

Á árinu var tekið upp samstarf á sviði ferðaþjónustu. Fulltrúar ferðamála-stofnana hittust á vinnufundi og ræddu mögulega samstarfsfleti. Einkum er horft til samvinnu á sviði nýsköpunar og vöruþróunar. Fleiri vinnufundir og ráðstefnur voru undirbúnar um þessi mál og er almenn ánægja með tilraunir til samvinnu á þessu sviði.

### ***Norræna nýsköpunarmiðstöðin***

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk InnovationsCenter, NICE) vinnur að framgangi nýsköpunar og atvinnustarfsemi sem grundvölluð er á þekkingu og færni. Skrifstofa miðstöðvarinnar er í Ósló og eru starfsmenn 17. Velta

var rúmlega 95 milljónir NOK á árinu, 79 milljónir frá Norrænu ráðherra-nefndinni og 16 milljónir var sjálfsaflafé, u.þ.b. helmingurinn kom frá umsýslu ESB-styrkja. Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur að því að koma á virkum innri markaði á Norðurlöndum þar sem ekkert kemur í veg fyrir frjálsan flutning hugmynda, fjármagns, fólks eða afurða. Að þessu er unnið með tengslamyndun, upplýsingaöflun, upplýsingamiðlun og fjárstuðningi við samstarfsverkefni. NICE er því í lykilstöðu við uppbyggingu á þekkingu vegna stefnumótunar í nýsköpun. NICE er á hverjum tíma með nokkur áherslusvið, sem breytast ár frá ári. Í árslok 2008 voru áherslusviðin þessi:

- Skapandi atvinnugreinar
- Umhverfistækni
- Norræn míkro- og nanótækni, MINT-2
- Markfæði
- Nýr norrænn matur
- Nýsköpun í byggingariðnaði
- Nýsköpun í ferðaþjónustu

Tvö verkefni eru rekin á vegum miðstöðvarinnar um stefnumótun í nýsköpun. Þau fjalla um neytendastýrða nýsköpun annars vegar og svæðisbundna nýsköpun hins vegar. NICE annast umsýslu Evrópuverkefna um matvælaöryggi innan SafeFoodEra-áætlunarinnar. MINT-2 er hluti af Evrópuverkefninu MNT ERA-Net (Micro- and nanotechnology). Miðstöðin styrkir forverkefni, kallað InnoTools, sem rannsakar aðgerðir og stjórnþæki til að örva nýsköpun í fyrirtækjum.

Á árinu var gerð rannsókn á vegum NICE á umfangi og eðli stjórnsýslu-hindrana, og leitast við að skilgreina hvar væri vænlegast að ráðast í að samræma reglugerðir og staðla til að greiða fyrir viðskiptum milli norrænu ríkjanna. Niðurstöður sýndu að með einföldum aðgerðum væri hægt að ná verulegum árangri hjá þjónustugreinum. Heilbrigðisþjónustan og stöðlun þjónustu voru rannsökuð nánar og gefnar voru út lokaskýrslur þar sem bent var á einstök atriði sem samræma mætti til að bæta þjónustu við alla Norðurlandabúa.

Skilyrði fyrir þátttöku NICE í verkefnum er að fulltrúar a.m.k. þriggja norrænna ríkja eigi aðild að þeim og að þau skipti máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs. Ennfremur er hvatt til þess að fulltrúar frá Eystrasaltsríkjunum og vesturhluta Rússlands taki þátt í verkefnum. NICE leggur vaxandi áherslu á þátttöku fyrirtækja í þeim verkefnum sem styrkt eru. Miðstöðin styður nú við um það bil 120 verkefni og samstarfsnet með þátttakendum frá öllum sviðum atvinnulífsins. Íslendingar taka þátt í verkefnum á öllum áherslusviðum og eru virkir í 60-70% af samstarfsverkefnum sem styrkt eru af NICE. Þegar Íslendingar eiga ekki fulltrúa í verkefninu er ævinlega leitast við að tryggja að niðurstöður hvers verkefnis skili sér til tengiliða í íslensku samfélagi.



Til að ná til fyrirtækja og hvetja þau til þátttöku í nýsköpunarverkefnum hefur NICE kynnt starfsemi sína í fjölmiðlum. Í febrúar 2009 fylgdi kynningarblað um NICE með Morgunblaðinu á sama tíma og forsætisráðherrar Norðurlanda funduðu í Bláa Lóninu. Sams konar blaðaukar fylgdu með stærstu dagblöðum Norðurlanda í nóvember og desember 2008.

Á árinu fór fram undirbúningur að norrænum öndvegisrannsóknum á sviði orku-, umhverfis- og loftslagsmála (Toppforskning). Stofnanir ráðherranefndarinnar á sviðum orku, rannsókna og nýsköpunar, Nordisk Energiforskning, NordForsk og Nordisk InnovationsCenter skipuleggja saman þetta umfangsmikla verkefni og deila með sér verkum. NICE mun stýra tveimur af sex áherslusviðum átaksins. Starfsmenn NICE tóku þátt í fjölmörgum fundum og ráðstefnum þar sem starfsemin var kynnt. Allt útgefið efni NICE má nálgast á heimasíðu miðstöðvarinnar [www.nordicinnovation.net](http://www.nordicinnovation.net). Heimsóknir á heimasíðuna endurspeglar mikinn áhuga á starfsemi miðstöðvarinnar en þær voru ríflega 65.000 á árinu.

### **Orkumál**

Samstarf um orkumál byggir á framkvæmdaáætlun fyrir 2006-2009. Áhersla er lögð á orkumarkað, sjálfbær orkukerfi og norræn orkumál í alþjóðlegu samhengi. Í samræmi við þessar áherslur hafa starfað 4 vinnuhópar sem fjalla um raforkumarkað, orkuhagkvæmni, endurnýjanlega orkugjafa og orkuöflun í dreifbýlum svæðum. Íslendingar hafa tekið þátt í síðastnefnda hópnum en þar er lögð áhersla á að finna sjálfbærar orkulausnir fyrir dreifbýl svæði utan nettengingar, einkum á Grænlandi, í Færeyjum og Norður-Noregi. Á þessum vettvangi hefur einnig verið lögð áhersla á að ná samstarfi við nágretta í vestri, þ.e. í Austur-Kanada og Hjaltlandseyjum, en þar hefur komið fram mikill áhugi á samstarfi. Í desember var haldin ráðstefna í Reykjavík þar sem fjallað var um orkunotkun í samgöngum á dreifbýlum svæðum. Ráðstefnan var haldin á vegum vinnuhóps um orkunotkun dreifbýlla svæða, með styrk frá NORA (Nordisk Atlantsamarbejde). Erindin sem flutt voru á ráðstefnunni eru á heimasíðu NORA, [www.nora.fo](http://www.nora.fo). Ísland tók einnig þátt í afmörkuðu verkefni á vegum vinnuhóps um endurnýjanlega orkugjafa.

Á árinu hófst vinna við endurskoðun samstarfsáætlunar um orkumál fyrir árin 2010-2013. Helstu nýmæli snúa að orkunýtingu í samgöngum, auk þátta sem fram að þessu hafa verið ofarlega á baugi í samstarfinu.

Hnattvæðingarverkefni settu mikinn svip á vinnu embættismannanefndarinnar um orkumál:

- *Energi-expo*

Undir verkefnið fellur annars vegar uppsetning vefsíðu um orkulausnir á Norðurlöndum og hins vegar aðkoma norrænu ríkjanna að ráðstefnunni *Nordic Climate Solution*. Á vefsíðunni verða kynntar orkulausnir og ný orkutækni á Norðurlöndum. Vefsíðan er á ensku og verður kynnt undir

nafninu *Nordic Energy Solutions*. Íslendingar tóku virkan þátt í efnisöflun fyrir vefsíðuna. Hún var formlega opnuð á hnattvæðingarþingi norrænu forsætisráðherranna á Íslandi í febrúar 2009.

– *Nordic Climate Solution*

Ráðstefnan *Nordic Climate Solution* var haldin í Kaupmannahöfn í október, á þeim tíma sem hvað mest gekk á í íslensku efnahagslífi. Má kenna því um dræma þátttöku frá Íslandi. Þátttakendur voru um 1000, flestir frá Norðurlöndum en einnig víðs vegar að úr heiminum. Haldin verður ráðstefna undir sömu formerkjum í september 2009 og verður unnið að því að tryggja þátttöku Íslendinga.

– *Hágæðarannsóknir*

Í samstarfi við embættismannanefnd um menntun og vísindi (EK-U) hefur verið unnið að því að skilgreina verkefni undir hatti hágæðarannsóknna. Skilgreind hafa verið 7 verkefni. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í undirbúningsvinnunni og á næstunni verða skipaðir stýrihópar um hvert verkefni með fulltrúum allra landa. Reiknað er með að verkefnið verði komin á fullt skrið síðsumars 2009.

Á fundi ráðherranna í Helsingfors árið 2007 var raforkuhópnum falið að útfæra tillögu að sameiginlegum kerfisstjóra (TSO). Skýrsla um efnið var lögð fyrir ráðherrana í Umeå og var niðurstaða þeirra að leggjast gegn tillögunni. Enn er þó lögð áhersla á að auka samræmingu á norræna raforkumarkaðnum og var hópnum falið að kanna hvort og þá hvaða lög og reglur í löndunum gætu verið hindrun í frekari samræmingu á markaðnum og hvernig ná mætti enn frekari samræmingu og samvinnu. Niðurstöður skal kynna á ráðherra fundi 2009. Einnig var rætt um mikilvægi þess að auka enn hlut endurnýjanlegra orkugjafa og að norrænu ríkin mörkuðu sér sameiginlega stefnu og markmið í loftslagsmálum og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

***Norrænar orkurannsóknir***

Norrænar orkurannsóknir (Nordisk energiforsking – NEF) gegna stóru hlutverki í samstarfi á sviði orkumála. Fjármögnun kemur að mestu leyti beint frá löndunum en einnig af norrænum fjárlögum. Hlutverk NEF er að stuðla að rannsóknum og nýsköpun í orkumálum, með því að styðja þróun á nýjum tæknilausnum og nýjum orkukerfum. Sérlega er horft til þess að efla samvinnu norrænna sérfræðinga og vísindamanna og auka tengsl við iðnaðinn. Nú eru 16 rannsóknar- og þróunarverkefni unnin með styrk frá NEF. Þá styrkir NEF einnig sjö verkefni á sviði stefnumótunar í orkumálum.

Sérfræðingar á skrifstofu NEF hafa einnig verið starfsmenn tveggja vinnuhópa embættismannanefndarinnar og styrkt þannig tengsl stofnunarinnar við vinnuhópa og embættismannanefndina. Mikil ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag.

Í nágildandi fjögurra ára áætlun hefur sérlega verið horft til endurnýjanlegrar orku, orkuhagkvæmni, nýtingu vetnis sem orkubera, orkumarkaða og áhrifa loftslagsbreytinga á orkuframleiðslu. Íslendingar eru í forsvari fyrir tveimur verkefnum, annað er á sviði áhrifa loftslagsbreytinga á orkuframleiðslu undir stjórn Árna Snorrasonar, forstjóra Veðurstofu Íslands, og hitt um nýtingu vetnis undir stjórn Hannesar Jónssonar, prófessors við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

NEF hefur stutt meira en 300 doktorsnema á undanförunum 20 árum og eru íslenskir verkfræðingar þar fjölmennastir. Þeir starfa víða, hér á landi sem erlendis, hjá fyrirtækjum, stofnunum og háskólum. Einn þeirra er Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, sem hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2008. Hann stofnaði fyrirtæki sitt á grundvelli doktorsverkefnis síns sem styrkt var af NEF.

### ***Byggðamál***

Starfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gildi fyrir árin 2005 til 2008 svo og formennskuáætlun Svía. Aðalatriði hennar um byggðamál voru:

- Ný norræn samstarfsáætlun um byggðamál 2009 – 2012
- Skapa forsendur fyrir og styðja þann þróunarkraft sem er á landsbyggðinni
- Stuðla að netsamstarfi milli svæða og fyrirtækja til að styrkja svæðisbundna samkeppnishæfni
- Draga úr landamærahindrunum og gera samkomulag um vinnslu tölfræði á landamærasvæðum
- Bætt aðgengi m.a. með stækkun vinnusóknarsvæða og aukinni útbreiðslu fjarskiptatækni

Að venju voru nokkrar nefndir starfandi um einstök mál á vegum embættismannanefndarinnar. Ber þar fyrst að nefna nefnd sem vann að nýrri samstarfsáætlun um byggðamál. Eftir að ráðherrarnir höfðu samþykkt áætlunina voru settar á laggir fjórar nefndir til að framfylgja henni. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem fyrirferðarmestir voru í starfsemi EK-Regional á árinu.

### ***Norræn samstarfsáætlun í byggðamálum 2009-2012***

Svíar leiddu vinnu við nýja samstarfsáætlun í byggðamálum sem gildir 2009-2012. Hún var samþykkt á ráðherrafundi í september. Í henni eru lagðar línur um forgangsverkefni á næstu árum. Sú sýn sem samstarfsáætlunin byggir á er þessi: Norræn samvinna á að vera kröftug í þróun nýrrar og skarpari byggðastefnu. Kjarni hennar er að takast á við þær áskoranir sem hnattvæðingin hefur í för með sér í nánú samstarfi ólíkra stjórnsýslustiga og geira með það að markmiði að styrkja þróunarmöguleika Norðurlanda á sjálfbæran hátt hvort heldur er heima fyrir, í svæðasamstarfi eða alþjóðlegu samstarfi. Áætlunin byggir á því sem nefnt hefur verið þriðja kynslóð byggðastefnu.

Fyrsta kynslóðin hafi snúist um að jafna mismun, önnur um vöxt og sú þriðja sem nú sé ríkjandi byggist á að öll svæði og staðbundin samfélög séu virkjuð og fléttuð inn í evrópska og hnattræna hagkerfið. Þannig verði getan til nýsköpunar og vaxtar styrkt á besta mögulegan hátt. Lögð er áhersla á hlutverk og mikilvægi Nordregio. Lögð eru til þrjú aðgerðasvið á starfstímanum:

- 1) Miðlun reynslu og uppbygging þekkingar
- 2) Hnattvæðing og samstarf yfir landamæri
- 3) Þriðju kynslóðar byggðastefna

### ***Svæðasamstarf***

Svæðisbundið samstarf fer fram á 8 svæðum á Norðurlöndum. Á árinu var stefna fyrir svæðasamstarf fyrir tímabilið 2009 – 2012 samþykkt. Markmið hennar er m.a. að stuðla að því að nýta þá möguleika sem eru til staðar og ryðja úr vegi hindrunum sem stafa af því að landamæri liggja um svæði sem að öðru leyti eru starfhæf heild. Á árinu var þeirri stefnu, sem unnið hefur verið eftir síðan 2006 varðandi fjármögnun svæðasamstarfs yfir landamæri, að fullu hrint í framkvæmd. Það leiddi til þess að landamærasvæði sem notið hafa stuðnings á liðnum árum misstu stuðninginn en önnur komu inn í staðinn. Er sá sveigjanleiki að nást sem að var stefnt. Þessar breytingar hafa ekki nein áhrif á fjárframlög til NORA sem fær sérstakar fjárveitingar af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til byggðamála. Svæðasamstarf yfir landamæri fær sem fyrr stærstan skerf þess fjár sem EK-Regional ráðstafar. Þó ekki sé um háar fjárhæðir að ræða í einstökum tilvikum skipta þær miklu og eru oft forsenda miklu hærri fjárframlaga, til dæmis frá ESB.

### ***Starfsnefndir***

Sam jafnan áður voru nokkrar tímabundnar starfsnefndir að störfum á vegum EK-Regional. Í lok ársins voru settar á laggir fjórar starfsnefndir sem hafa það hlutverk að hrinda í framkvæmd hinni nýju samstarfsáætlun um byggðamál. Vegna þeirrar stöðu sem uppi er hafa Íslendingar ekki treyst sér til að taka þátt í starfi nefndanna. Nefnd sem gerði úttekt á landshlutamiðaðri nýsköpunarstefnu, sem er samstarfsverkefni með EK-NE/N og unnið í samstarfi við Nordregio og NICE, lauk störfum á árinu. Verkefninu er ætlað að skoða nýsköpunarstefnu með hliðsjón af mismunandi svæðum. Þessu verkefni á að ljúka í 2009. Nefnd um markmiðs- og árangursstýringu í byggðamálum lauk sömuleiðis störfum.

### ***Norræna Atlantsnefndin (NORA)***

NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. Hún er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum, en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Íslendingar eiga þrjá fulltrúa af 12 í stjórn NORA, en iðnaðarráðuneytið á fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Aðildarlöndin skiptast á um formennsku, ár í senn, og hún kemur næst í hlut Íslendinga árið 2010.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að því að efla atvinnulíf og byggðir með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana. Málaflokkar verkefnastyrkja eru auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar og efling fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf innan samstarfssvæðisins og á að miðla reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum, en einnig á nýsköpun og sjálfbæra þróun. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða.

Á árinu var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum. Í maí var úthlutað um 2,6 millj. d.kr. til 12 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í níu þeirra. Í desember var úthlutað tæpum 3,3 millj. d.kr. til 18 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 13 af þeim. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð, alla jafna um 70-90%. Á heimasíðu Byggðastofnunar [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is) er að finna yfirlit yfir ný og eldri NORA-verkefni.

Hjá NORA er áhugi á auknum tengslum og verkefnasamstarf við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada. Í október fór framkvæmdastjórn NORA í heimsókn til Kanada og lagði drög að formlegum samskiptum við ýmsa aðila þar. Talsvert var unnið að kynningu á starfseminni á árinu, m.a. opnuð ný heimasíða og gefið út fréttabréf, einnig var gefin út bók til kynningar á NORA-svæðinu. Þá tók NORA þátt í ýmsum ráðstefnum og stóð fyrir ráðstefnum, m.a. um málefni sem varða siglingar skemmtiferðaskipa, um umhverfis- og orkumál o.fl.

### ***Nordregio***

Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hlutverk hennar er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála, auk þess að byggja upp og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana á Norðurlöndum.

Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í Eystrasaltsríkjunum, hefur aukist á undanförunum árum. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum og áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu ríkjanna og tveir frá hverju sjálfstjórnarsvæði. Á árinu stóð Nordregio fyrir einni ráðstefnu og 17 námskeiðum en minna fjármagn var lagt í þessa starfsemi en oft áður. Starfsfólk Nordregio hélt hins vegar yfir 100 erindi á ráðstefnum og fundum. Stofnunin gefur út tímaritið *Journal of Nordregio* sem sækja má á vefsíðu Nordregio, [www.nordregio.se](http://www.nordregio.se). Einnig heldur stofnunin úti rafræna fréttabréfinu *Bifröst* og *European Journal of Spatial Development* sem er rafrænt tímarit um skipulagsmál og svæðaþróun.

## 11. Heilbrigðis- og félagsmál

### *Ráðherrafundir*

Heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar Norðurlanda (MR-S) funduðu tvisvar á árinu. Fyrri fundurinn var í janúar og fjölluðu ráðherrarnir þar um inflúensu-heimsfaraldur. Ákveðið var að hætta við áform um að reisa sameiginlega bóluefnisverksmiðju vegna skorts á tæknikunnáttu. Ráðherrar voru hins vegar sammála um að þörf væri á frekara samstarfi um áætlanir gegn inflúensufaraldri. Ákveðið var að halda vinnustofu um bóluefni og yrði hún liður í því að styrkja norrænt samstarf um aðgerðir til varnar inflúensufaraldri. Í hóp sem stýrt var af Íslandi var rætt um möguleika á auknu samstarfi hvað varðar markaðsleyfi fyrir lyf. Fulltrúi Íslands gerði grein fyrir tilraunaverkefni um málið, sem Svíþjóð og Ísland vinna að.

Á fundi í júní fjölluðu ráðherrarnir um hnattvæðingu og samtakamátt Norðurlanda í því að styrkja stöðu sína og velferð, m.a. með því að opna markað og aflétta ýmsum landamæra- og viðskiptahindrunum. Vakin var athygli á nýjum umræðuvettvangi á vegum Norðurlandaráðs um tækifæri og ógnir sem steðja að norrænu velferðarkerfi vegna aukinnar hnattvæðingar. Í umræðu um tæknilegar landamæra- og markaðshindranir var minnst á hið metnaðarfulla verkefni *Norðurlönd án landamæra* og var opnuð ný norræn vefgátt um almannatryggingar í tengslum við það. Markmiðið með gáttinni er að einfalda frjálsa för á Norðurlöndum og er hún ætluð þeim sem flytja, starfa eða nema í öðru norrænu ríki en sínu heimalandi. Að auki ræddu ráðherrar um samstarf og stefnumörkun í áfengismálum, gæðaðróun með árangursríkri upplýsinga- og samskiptatækni, hvernig stuðla megi að bættri heilsu og samstarfi í lyfjamálum og var á fundinum undirrituð viljayfirlýsing um aukið samstarf Íslendinga og Svía í lyfjaverðlagsmálum. Samþykkt var að þann 1. janúar 2009 tæki til starfa ný norræn stofnun, Norræna velferðarstofnunin (NVC), sem hefði aðsetur í Stokkhólmi. Hlutverk hennar er að efla framþróun í félags- og velferðarmálum á Norðurlöndum. Stofnunin verður til við samruna Norrænu samstarfsstofnunarinnar um málefni fatlaðra (NSH), Norrænu þróunaráætlunarinnar um félagslega þjónustu (NOPUS), Norrænu menntarmiðstöðvarinnar fyrir þá sem starfa með daufblindu (NUD) og Norrænu stofnunarinnar um áfengis- og fíkniefnarannsóknir.

Norrænu lýðheilsuverðlaunin 2008 voru veitt Danuta Wasserman, prófessor í sálarfræði og sjálfsvígsfræðum við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð. Hún fékk verðlaunin fyrir árangursríkt og fyrirbyggjandi starf gegn geðsjúkdómum, sérstaklega hvað varðar dapurlegustu fylgikvilla þeirra eins og sjálfsvíg.

### ***Embættismannanefndin***

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála fundaði fjórum sinnum á árinu. Á fundi í mars var m.a. fjallað um formennskuáætlun Svía, samstarf og stefnumörkun í áfengismálum, gæðapróun með árangursríkri upplýsinga- og samskiptatækni á Norðurlöndum og heimasíðu um málefnið, norrænt samstarf og hnattvæðingu og greint var frá fundum norræns vinnuhóps um heilbrigðisviðbúnað. Norðmenn drógu til baka tillögu sína um 5% niðurskurð innan stofnana og verkefna samstarfssviðs félags- og heilbrigðismála fyrir árið 2009. Á fundum embættismannanefndarinnar í október og nóvember var fjallað um forgangsmál Íslendinga á formennskuári sínu 2009, en að auki var rætt um hnattvæðingu, áfengismál, stofnsetningu nýju Norrænu velferðarstofnunarinnar (NVC), breytt rekstrarform Norrænu tannlækningastofnunarinnar (NIOM), stjórnsýsluhindranir og þverfaglegt samstarf og samvinnu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland.

### ***Norrænn vinnuhópur um heilbrigðisviðbúnað***

Árleg ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað var haldin á Íslandi í september. Umræðuefni var heilbrigðisöryggi í Norður-Atlantshafi og Barentshafi, norræn samvinna um neyðarástand í fjarlægum löndum sem snertir Norðurlandabúa og alþjóðasamstarf um neyðarástand.

Undirbúningur fyrir heimsfaraldur influensu var áhersluatriði í formennskuáætlun Svía. Liður í þeirri vinnu var að halda fund vinnuhópa um efnið í Sigtuna í Svíþjóð. Sóttvarnalæknir var fulltrúi heilbrigðisráðuneytis í þeirri vinnu og var þar í fyrsta lagi rætt um veirulyf gegn influensu þar sem Íslendingar óskuðu eftir því að kannað yrði hvort Norðurlönd gætu komið sér saman um hvaða lyf skyldu flokkast sem nauðsynjalyf og hvort möguleiki væri á norrænni samvinnu við að halda úti sameiginlegum birgðalager. Í öðru lagi voru ræddar almennar sóttvarnaráðstafanir og nauðsyn þess að Norðurlönd hefðu sömu sýn á lokun skóla og samkomubanni í heimsfaraldri og mun Ísland hafa forgöngu um það mál. Í þriðja lagi voru rædd landamæramál og afstaða til útlendinga á Norðurlöndum og til Norðurlandabúa í öðrum löndum.

### ***Norræni lýðheilsuháskólinn***

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) er í Gautaborg og starfar samkvæmt samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Síðustu áratugi hefur skólinn lagt megináherslu á rannsóknir og nám til meistara- og doktorsgráðu í lýðheilsufræði. Það hlutverk hefur í raun ekki breyst en uppbygging á námi í lýðheilsufræði sem átt hefur sér stað á undanförunum árum í öllum norrænu ríkjunum hefur gefið NHV möguleika á að skoða hvaða hlutverki skólinn getur helst gegnt fyrir Norðurlöndin sem heild. Því lagði NHV á árinu áherslu á að taka að sér ný verkefni varðandi þekkingu og þróun í lýðheilsufræðum og bjóða upp á nám, samstarfsverk-

efni og rannsóknir sem hagkvæmast er fyrir löndin að hafa samstarf um. Aukin áhersla var lögð á rannsóknir og kennslu á þeim sviðum sem Norræna ráðherranefndin hefur viljað beina sjónum sérstaklega að, s.s. geðheilbrigði, heilsueflingu, sóttvarnir, heilsu innflytjenda og flóttamanna og aðgengi fyrir alla. Þessar nýju áherslur og mikið framboð á styttri og lengri námskeiðum og námsleiðum hefur haft í för með sér mikla fjölgun nemenda með ýmis konar menntun, þótt flestir eigi að baki nám á sviði heilbrigðis- og félagsvísinda. Skólinn hélt áfram samstarfi við Eystrasaltsríkin og veitti ráðgjöf við uppbyggingu náms í lýðheilsufræðum í Norðvestur-Rússlandi.

### ***Norræna tannlækningastofnunin***

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM) fjallar um og rannsakar gæði og öryggi efna sem notuð eru við tannlækningar og veitir upplýsingar til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings á Norðurlöndum. Stofnunin kemur oft fram fyrir hönd allra norrænu ríkjanna eins og við vinnu á alþjóðlegum ISO-stöðlum fyrir tannlækningaefni. Starfsemi stofnunarinnar hefur verið með hefðbundnu hætti hvað varðar rannsóknir og upplýsingastarfsemi. Vísindamenn NIOM hafa skrifað yfirlitsgreinar um tannfyllingarefni í fagtímarit í öllum löndunum og haldið fyrirlestra á ráðstefnum. Einnig hefur norræni gagnagrunnurinn um innihald og efnasamsetningu tannfyllingarefna og annarra þeirra efna sem notuð eru við tannlækningar (Nordisk Databas för Dentala Biomaterialer) verið aukinn og endurbættur og er hann aðgengilegur á heimasíðu NIOM ([www.niom.no](http://www.niom.no)). Samvinna tannlæknaskóla á Norðurlöndum og NIOM hefur aukist um efnisfræðirannsóknir, enda hefur enginn einn skóli burði til að sérhæfa sig á þessu sviði.

Framtíðarrekstur NIOM hefur verið til skoðunar í langan tíma. Um nokkurt skeið hafa legið fyrir tillögur um breytt rekstrarform, þar sem NIOM yrði líklegast rekið sem hlutafélag í meirihlutaeigu Háskólans í Ósló. Ekki liggur fyrir hvernig aðkoma hinna landanna yrði að stjórn NIOM við þessa breytingu.

### ***Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna***

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD) hefur undanfarin ár haft það sem markmið að efla og þróa þverfaglegt samstarf á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Árið 2008 einkenndist af þeim breytingum sem framundan eru á norrænu samstarfi þar sem NAD mun starfa undir Norræna velferðarráðinu (NVC).

Á stjórnarfundum á árinu var farið yfir styrkumsóknir sem borist höfðu til nefndarinnar. Þá var farið yfir stöðu verkefna sem þegar hafa hlotið styrki og önnur málefni er varða málaflokkinn. Á árinu voru gefin út tvö þemahefti NAD, 51. hefti um krár, veitingahús og áfengisvenjur ungs fólks á Norðurlöndum og 52. hefti um áfengisneyslu aldraðra. Tvær íslenskar greinar eru í fyrra heftinu. Nefndin er í samstarfi við ritið NAT og fréttasíðuna Nosam.net. Tvisvar á ári birtast fréttapistlar frá Íslandi í NAT og fréttir á Nosam.net þegar tilefni þykir.



Nefndin stendur reglulega fyrir ráðstefnum, vísindadögum og vinnustofum fyrir fagfólk. Meðal viðfangsefna á vísindadögum í apríl var áfengisneysla eldri borgara og hvernig skilja megi áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks. Rannsókn hefur staðið yfir um áhrif þess að lækka áfengisgjald. Haldin var ráðstefna um skamma íhlutun heilbrigðis- og velferðarþjónustu til að draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu og var í framhaldi af því gefið út þemahefti NAT nr. 6/2008 um innleiðingu og reynslu þessarar aðferðar. Þá hefur NAD tekið virkan þátt í Evrópuverkefni um eftirlit og skráningu markaðssetningar áfengis. Unnið er að því að viðhalda tengslaneti norrænna vísindamanna um rannsóknir á sviði áfengis- og vímuvarna.

### ***Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra***

Meginverkefni Norrænu samstarfsmiðstöðvarinnar um málefni fatlaðra (NSH) er að stuðla að því að norræn markmið um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu ná fram að ganga. Einnig hefur NSH fylgt eftir fjölmörgum verkefnum sem snúa að hjálpartækjum. Lögð hefur verið aukin áhersla á þróun og nýsköpun og miðlun upplýsinga og þekkingar. *Nordically*, ný vefgátt um velferðarmál, hefur fengið góðar viðtökur og er vilji til þess að styrkja hana enn frekar.

Notendasamráð og þátttaka er hornsteinninn í allri starfsemi NSH. Þetta hefur gerst með þátttöku notenda í skilgreindum verkefnum auk þess sem þeir koma að samstarfi í gegnum samráðsvettvang samtaka fatlaðra á Norðurlöndum (HNR). Formlegu rannsóknarsamráði hefur einnig verið komið á laggirnar á vettvangi NSH.

Á árinu lagði NSH eins og áður áherslu á starf á grannsvæðum Norðurlanda. Starfrækt voru verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen auk Kaliningrad.

NSH hefur í auknum mæli miðað starfsemina við pólitískar áherslur á sviði heilbrigðis- og félagsmála ásamt alþjóðlegu samstarfi. Starfið á árinu einkenndist af því að verið var að undirbúa innlimun Norrænu hjálpartækjamiðstöðvarinnar (NUH) í NSH og stofnun Norrænu velferðarstofnunarinnar (NVC). NSH jók samstarf sitt við NAD, NUD og NOPUS um sameiningu þessara stofnana undir formerkjum Norrænu velferðarstofnunarinnar NVC. NSH annaðist undirbúning stofnunarinnar og var síðan formlega lögð niður í árslok.

### ***Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu***

Markmiðið með starfsemi menntamiðstöðvarinnar á sviði daufblindu (NUD) er að vinna að framgangi og þróun norræns samstarfs á sviði daufblindu. Hún á jafnframt að styrkja faglega menntun starfsfólks á þessu sviði. NUD sinnir hlutverki sínu annars vegar með því að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti á norrænum og alþjóðlegum vettvangi og hins vegar með því að miðla þekkingu, til dæmis með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu og sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

### ***Norræna heilbrigðistölfraeðinefndin***

Meginmarkmið Norrænu heilbrigðistölfraeðinefndarinnar (NOMESKO) er að samræma og safna tölfraeðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum. Starfið fer að töliverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar og skrá og afmarka einstaka þætti til þess að upplýsingar verði sem sambærilegastar.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í árlegri útgáfu af *Health Statistics in the Nordic Countries* en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem eru birtar á heimasíðu nefndarinnar ([www.nom-nos.dk](http://www.nom-nos.dk)). Ársskýrsla NOMESKO er þar einnig, ásamt frekari gögnum til úrvinnslu. Viðbætur árbókarinnar 2008 fjallar um heilsu aldraðra á Norðurlöndum.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á vegum NOMESKO á árinu voru athugun á mannafla og fjármagni innan heilbrigðisþjónustunnar, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, lyfjanotkunarupplýsingar, gæðamat á flokkun aðgerða, kostnaðargreiningar og fleira. Áfram var unnið í samstarfi við Eystrasaltsríkin um útgáfumál og námskeiðshaldi.

Norræna stofnunin um flokkanir í heilbrigðisþjónustu í Uppsölum starfar í nánú samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa og DRG hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni en hún er viðurkennd sem samstarfsstofnun af Alþjóða heilbrigðisstofnuninni, WHO.

### ***Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála***

Meginverkefni hagskýrslunefndar á sviði félagsmála (NOSOSKO) er að vinna að samanburðarhæftri skýrslugerð um velferðarmál. Þá fylgist nefndin með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinnur að því að samræma upplýsingar frá þáttökulöndunum. Allar Norðurlandþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Meðal helstu mála, sem fjallað var um á fundum nefndarinnar, má nefna breytingar á skipulagi norrænna stofnana og afleiðingarnar fyrir NOSOSKO, nýtt útlit og nútímavæðingu á heimasíðu nefndarinnar, upplýsingar um ESSPROS, breytingar á framsetningu og innihaldi tölulegra upplýsinga um félags- og tryggingamál í aðildarlöndunum, verkefnið um norræna velferðarríkið og vinnu ESB og Norðurlanda með upplýsingar um öryrkja og aðra er standa höllum fæti í lífsbaráttunni.

Undir lok ársins var gefin út skýrsla um lífeyristryggingakerfin á Norðurlöndum. Því miður vantar þar upplýsingar um íslenska lífeyristryggingakerfið og væri æskilegt að ráðist yrði sem fyrst í úttekt og samanburð á því og kerfum hinna þjóðanna. Athygli vekur að þrátt fyrir mikla fjölgun aldradra á Norðurlöndum þá fjölga öldruðum enn meir í nokkrum gömlum ESB-löndum. Málefni aldraðra verða því áfram í brennidepli velferðarumræðu.

### ***Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu***

Samstarfsmiðstöðin (NOPUS) er norrænn samstarfsvettvangur og miðstöð fyrir þróun hugmynda og reynslu ásamt því að bjóða upp á sí- og endurmenntun á sviði félagslegrar þjónustu. Starfsemin hefur einkum beinst að starfsfólki sem starfar við stjórnun eða gegnir lykilhlutverkum við þróun félagsþjónustu í löndunum eða grannsvæðum.

Á árinu skilgreindi stjórn NOPUS þau verkefni sem Norðurlönd stæðu andspænis á félagssviði. Var þá horft til hnattvæðingar og þeirra áhrifa sem hún kynni að hafa á birtingarform félagslegra verkefna. Sérstaklega var rætt um verkefni á sviði innflytjendamála, geðþjónustu, þjónustu við börn og unglinga og vinnumála. NOPUS stóð í september fyrir ráðstefnu um þessi efni undir fyrirsögninni *Hvaða áhrif og áskoranir hefur alheimsvæðingin á hinn félagslega veruleika?* Önnur verkefni sem NOPUS stóð fyrir á árinu sneru meðal annars að því að þróa sameiginlega vefgátt þeirra stofnana sem sameinuðust undir merkjum NVC auk þess að styrkja innra net þeirra. NOPUS lagði einnig áherslu á að undirbúa og bjóða upp á málþing um geðheilsu innflytjenda og meðferð og samskipti fólks með fötlun í Norðvestur-Rússlandi. Starfsemi NOPUS var lögð undir starfsemi NVC 1. janúar 2009.

### ***Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar***

Markmið hópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, sérstaklega Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Hann á jafnframt að vera ríkjunum ráðgefandi um almannatryggingar og meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði Norðurlandasamningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í löndunum. Þá fylgist hann með vandamálum sem tengjast landamærahindrunum á Norðurlöndum og leggur til lausnir.

Nauðsynlegt þótti að endurskoða ákvæði Norðurlandasamningsins um almannatryggingar, m.a. vegna yfirvofandi breytinga á EES-reglugerðum um almannatryggingar auk þess sem þörf var á að skýra frekar og bæta samstarf stjórnvalda. Starfshópi var falið að semja drög að nýjum samningi og hófst vinnan í nóvember. Stefnt er að því að drög að nýjum samningi liggi fyrir um mitt ár 2009. Þá var norrænn vefur um almannatryggingar ([www.nordsoc.is](http://www.nordsoc.is)) með upplýsingum um almannatryggingar fyrir þá sem vinna eða flytja milli norrænu ríkjanna opnaður í júní. Lokið var við norrænan bækling um almannatryggingar við flutning og er hann aðgengilegur á norræna almannatryggingavefnum.

### ***Norðurlandasamningur um norrænan vinnumarkað fyrir heilbrigðisstéttir og dýralækna***

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú til 22 faghópa en Ísland er aðili að 19 hópum. Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðis-

starfsmanna milli norrænu ríkjanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingu eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Umræðu var haldið áfram um framkvæmd norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB, stöðu og áhrif nýrrar tilskipunar ESB á starfsréttindi heilbrigðisstétta og áhrif þjónustutilskipunar ESB á þau réttindi. Ísland gerði grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á lögum og reglum er varða stöðu og réttindi heilbrigðisstétta á Íslandi.

## 12. Efnahags- og fjármál

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-FINANS) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var í Svíþjóð í júní en sá seinni í Helsinki í október í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Auk hefðbundinna umræðna um efnahagsmál, skattamál og mál tengd ESB og EES var samstarf ríkjanna í málefnum svokallaðra skattaparadísa enn í brennidepli og á seinni fundinum voru undirritaðir upplýsingaskiptasamningar við Ermarsundseyjarnar Jersey og Guernsey. Jeffrey Owens, yfirmaður málefna skattaparadísa hjá OECD, kom á þann fund og lýsti því að stofnunin teldi samstarf Norðurlanda á þessu sviði vera öðrum fyrirmynd og í samræmi við aukna áherslu á málefni skattaskjóla hjá alþjóðasamfélaginu. Á árinu ræddu ráðherrarnir meðal annars fyrirkomulag við fjárlagagerð og ákváðu að stofna til norræns tímarits um stjórn efnahagsmála. Á seinni ráðherrafundinum voru afleiðingar bankahrunsins á Íslandi ráðherrunum ofarlega í huga. Á þeim fundi var ákveðið að stofna til sérstakrar embættismannanefndar um málefni Íslands.

### ***Helstu nefndir, skýrslur o.fl.***

#### *Embættismannanefndin (EK-Finans) og ýmsir vinnuhópar*

Nefndina skipa embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni hennar eru fjölpætt. Meginviðfangsefnið er að undirbúa ráðherra fundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherra fundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Eftirtaldir vinnuhópar voru að störfum:

#### *1) Norræna efnahagsnefndin (Nordisk konjunkturgrupp)*

Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og er skipuð embættismönnum úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna (Ekonomiska utsikter i Norden). Á síðustu árum hefur skýrslan legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar.

#### *2) Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál (Miljø- og økonomigruppen)*

Vinnuhópurinn starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø). Meginverkefni hans eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórn tækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræð-

ingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á árinu var meðal annars unnið að verkefnum sem snúa að efnahagsáhrifum loftslagsbreytinga og stjórnvaldsaðgerðum til að stemma stigu við þeim.

- 3) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*  
Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Haldinn var einn fundur á árinu þar sem fjallað var um skattþrep í virðisaukaskatti, umhverfisskatta, skattastefnu, samræmdan tekjuskattstofn lögaðila á vettvangi ESB (CCCTB), skattastyrki (tax expenditure) og aðferðir við tekjuáætlanir.
- 4) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet)*  
Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þau mál sem hún tekur til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri hennar undirbúning fundanna. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Ennfremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru tveir fundir í nefndinni á árinu og var m.a. fjallað um niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna til vinnustaðarins; ræddar og samþykktar tillögur starfsmannastjóra um að helstu áhersluverkefni í ljósi könnunarinnar yrðu aukning þverfaglegra verkefna og einstaklingsbundin starfsþróun því tengd; ákvörðun um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári og launaákvarðanir nýráðinna forstöðumanna norrænna stofnana.
- 5) *Norræn starfsmannaskipti (Nordisk tjenestemandsudveksling)*  
Markmiðið með starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu, en Norræna ráðherranefndin hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í hinum norrænu ríkjunum. Á árinu var hlutdeild Íslendinga 8% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar. Styrkþegar ársins voru níu og hlutu þeir styrki allt frá einum til tíu mánaða dvalar auk ferðakostnaðar. Fimm fóru til Danmerkur, tveir til Noregs og tveir til Svíþjóðar.
- 6) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum*  
Samstarfið hófst 1989 að frumkvæði fjármálaráðherra Norðurlanda í þeim tilgangi að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með

Því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundinum í ár var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum í ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndin, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var rætt um OECD-samstarfið.

7) *Stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki*

Í hópnum sitja fulltrúar allra norrænu ríkjanna, Grænlands og Færeyja. Fimm formlegir vinnufundir voru á árinu auk þess sem fulltrúar hans sátu undirbúningsfundi með fulltrúum frá Bermuda og Cayman. Undirritaður var tvíhliða upplýsingaskiptasamningur milli Norðurlanda og Guernsey og Jersey á ráðherrafundi í Helsinki í október.

8) *Norræna skattrannsóknaráðið*

Markmið ráðsins er að stuðla að skattrannsóknnum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir ýmis rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Ráðstefna ársins var haldin í Stokkhólmi í október og var umfjöllunarefnið skattlagning sem ekki hefur að markmiði að afla tekna í ríkissjóð, þ.e. önnur markmið skattlagningar en bein tekjuöflun, t.d. umhverfisskattar.

9) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum*

Embættismenn úr fjármálaráðuneytum og frá ríkisskattaskrifstofum funda árlega til að ræða málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996 og fór fundurinn fram í ágúst. Tilgangur hans er að ríkin ræði sín á milli þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmi túlkun hans sín á milli. Á árinu 2005 hófst endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins og lauk henni snemma á árinu. Ný bókun við norræna tvísköttunarsamninginn var undirrituð í Helsinki þann 4. apríl og breytingar skv. henni komu til framkvæmda 1. janúar 2009. Með bókun eru gerðar breytingar á reglum sem gilda um skattlagningu arðs, söluhagnað hlutabréfa, lífeyri og endurgjald af vinnu um borð í flugvélum.

10) *Samstarf fjárlagastjóra Norðurlanda*

Fjárlagastjórar, þ.e. forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Þá er fjallað um ýmis málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisrekstur og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur

til að miðla upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum og auðveldar samskipti milli fjármálaráðuneytanna.

11) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen)*

Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta sitja starfsmenn frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar fundi hennar. Farið var yfir fjárlagafrumvarp ráðherranefndarinnar á fundi í Stokkhólmi í júní. Farið var yfir nokkrar breytingar til viðbótar við þá þróunarvinnu sem farið hefur fram í fjárlagavinnu og framsetningu fjárlaga ráðherranefndarinnar undanfarin ár. Þá var farið yfir uppsöfnun í sjóði ráðherranefndarinnar og meðferð fjárlagsins. Nefndin lagði til að allt aukafé sem safnast upp greiðist til baka svo ekki hækki útgjaldarammi ráðherranefndarinnar.

12) *Norræna embættisnefndin fyrir Ísland*

Á fundi norrænu fjármálaráðherra í Helsinki þann 28. október var ákveðið að stofna nefnd með fulltrúum fjármálaráðherra einstakra ríkja til þess að hafa umsjón með og samræma aðgerðir Norðurlandþjóða við að aðstoða Ísland. Nefndin hefur annast ýmis samræmingarverkefni vegna lánveitinga þjóðanna til Íslands.

**Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra**

1) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget)*

Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánun samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.

2) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar*

Tvær embættismannanefndir eru starfandi til að tengja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna við fulltrúaskrifstofu þeirra í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndirnar eru skipaðar fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, Norræna-baltneska fjármálanefndin (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee), er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum. Hin nefndin, Norræna-baltneska fulltrúanefndin (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee Alternates), er undirnefnd þeirrar fyrri og í henni sitja fulltrúar þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyr-



issjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð embættismönnum frá Norðurlöndum og Eyrstrasaltsríkjunum. Helsta verkefni nefndanna er að móta sameiginlega afstöðu Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna til mála í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og leggja þá afstöðu í hendur fulltrúa landanna í stjórninni. Þá undirbýr hún aðkomu landanna að ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð hjá ýmsum alþjóðastofnunum, eins og fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínur eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eyrstrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eyrstrasaltsríkjanna, en þeir halda að jafnaði einn fund á ári.

### 13. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-MILJÖ) byggir á framkvæmdaáætlunum sem endurskoðaðar eru á fjögurra ára fresti. Í þeim er kveðið á um pólitískar áherslur heima fyrir á Norðurlöndum en ekki síður og í vaxandi mæli er fjallað um þá þætti umhverfismála sem efst eru á baugi í alþjóðasamfélaginu.<sup>4</sup>

Vegna þeirrar alvarlegu áhrifa sem talið er að hlýnun jarðar muni hafa á norðurskautssvæðin ákváðu umhverfisráðherrarnir að setja fram sérstaka stefnu um málefni Norðurskautsins samhliða sjálfri framkvæmdaáætluninni. Markmiðið með þeirri stefnu er að leita leiða til að takmarka útblástur gróðurhúsalofttegunda á norðurslóð og draga úr mengun frá hættulegum efnum.<sup>5</sup>

Auk þeirrar forgangsróðunar sem fram kemur í umhverfisáætluninni fjalla ráðherrarnir um ýmis önnur mál sem eru ofarlega á baugi á alþjóðavettvangi eða á Norðurlöndum. Norræn áætlun um sjálfbæra þróun svo og áherslur þess lands sem gegnir formennsku á hverjum tíma hafa einnig áhrif á umræðuna og það starf sem fram fer á umhverfissviði.

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál og vinnunefnd hennar hafa það hlutverk að fylgjast með framkvæmd áætlunarinnar, undirbúa ráðherrafundi og fylgja eftir verkefnum sem ráðherranefndin felur þeim.

Gildistími þeirrar umhverfisáætlunar sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár rann út í árslok. Því var á árinu unnið að nýrri áætlun til næstu fjögurra ára, þ.e. 2009-2012, og mótaðist starfið nokkuð af því.

Loftslagsmál voru ofarlega á baugi á fundum umhverfisráðherranna á árinu og lögðu þeir ríka áherslu á að norrænu ríkin væru samstíga og reyndu að leggja fram sameiginlegar tillögur um tilgreind mál í því skyni að greiða fyrir í samningaviðræðum um nýjan alþjóðlegan loftslagssáttmála. Málefni hafsins voru einnig ofarlega á baugi og á sumarfundi ráðherranna var þemaumræða um hafið og nýtingu og stjórnun auðlinda þess.

#### ***Norræna umhverfismerkið Svanurinn***

Norræna umhverfismerkið *Svanurinn* hefur verið opinbert umhverfismerki Norðurlanda síðan 1989. Oft er litið á merkið sem eitt af flaggskipum norræns samstarfs þar sem það hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægt og áreiðanlegt umhverfismerki. Á árinu fór fram úttekt og mat á merkinu og lagðar voru fram tillögur um hvernig mætti styrkja það. Þar sem Íslendingar gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2009 kom það í þeirra hlut að fylgja tillögunum eftir. Á liðnum árum hefur vörum merktum *Svaninum* fjölgað á Íslandi og nokkur fyrirtæki fengið leyfi til að merkja með því vörur sínar eða þjónustu.

4 Sjá framkvæmdaáætlunin 2005-2008: <http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2004796.pdf>

5 Sjá stefnu um málefni Norðurskautsins: <http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2006788.pdf>

### ***Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið***

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir ráðherra-nefndina um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO á bls. 83).

### ***Norræn áætlun um sjálfbæra þróun***

Sameiginlega stefnu Norðurlanda um sjálfbæra þróun má rekja til yfirlýsingar sem forsætisráðherrarnir sendu frá sér í nóvember 1998. Í kjölfarið var nefnd embættismanna falið að móta áætlun um sjálfbæra þróun. Ytri rammi hennar nær til ársins 2020 en meginmarkmið eru endurskoðuð á fjögurra ára fresti án þess að hróflað sé við langtímamarkmiðum. Lögð er áhersla á samþættingu þriggja meginhugtaka í sjálfbærri þróun, þ.e. umhverfismál, efnahagsmál og félagsmál. Á gildandi tímabili sem nær til ársloka 2008 eru eftirtalin þverfagleg svið í brennidepli: Sjálfbær neysla og framleiðsla, félagsmál, loftslagsmál, líffræðileg fjölbreytni, hafið, efni og efnavörur og öryggi matvæla<sup>6</sup>.

Ríkisstjórnir á Norðurlöndum bera meginábyrgð á að fylgja eftir þeim áherslum sem eru í brennidepli á hverju tímabili. Fagráðherranefndir á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar móta starf sitt með hliðsjón af áætluninni um sjálfbæra þróun. Umhverfissviðið gegnir mikilvægu hlutverki við að fylgja stefnunni eftir og mótast starf vinnuhópa nokkuð af því.

Í árslok endurnýjuðu forsætisráðherrarnir yfirlýsingu sína um sjálfbær Norðurlönd. Nefnd embættismanna vann að því að móta nýjar áherslur fyrir tímabilið 2009-2012. Ákveðið var að leggja mun meiri áherslu á hinn félagslega þátt sjálfbærrar þróunar.

### ***Vinnuhópar***

Á vegum ráðherranefndarinnar starfa fimm vinnuhópar sem í eiga sæti sérfræðingar frá umhverfisráðuneytunum eða stofnunum þeirra. Auk þeirra hafa verið starfandi fimm þverfaglegir vinnuhópar. Þeir gegna mikilvægu hlutverki við að fylgja eftir markmiðum umhverfisáætlunarinnar.

Starf hópanna felst í því að taka saman faglega þekkingu og móta tillögur um aðgerðir hver á sínu fagsviði. Niðurstöðum þeirra og tillögum er m.a. miðlað í skýrslum og á ráðstefnum og málþingum og nýtast þær vel við stefnumótun í löndunum svo og sem sameiginlegt framlag í samningaviðræðum á alþjóðavettvangi. Í starfi vinnuhópanna er einnig miðlað mikilvægri þekkingu á umhverfismálum innan Norðurlanda, fjallað er um faglegt innihald ESB-gerða, framkvæmd þeirra, mótaðar tillögur og skipst á upplýsingum um aðferðir við innleiðingu ESB-gerða. Líta má á þessa þætti sem hluta af hinu ósýnilega starfi sem fram fer á norrænum vettvangi sem nýtist mjög vel ekki síst fyrir Ísland sem hefur fámenna stjórnarsýslu.

Í nýrri umhverfisáætlun fyrir tímabilið 2009-2012 varð nokkur breyting á markmiðum. Það hafði m.a. í för með sér að nokkrar breytingar urðu á vinnuhópunum og var þeim fækkað til muna. Hér á eftir verða tíunduð helstu viðfangsefni þeirra hópa sem störfuðu eftir þeirri áætlun sem gildi til ársloka 2008.

6 Sjá stefnu um sjálfbæra þróun: <http://www.norden.org/pub/ovrigt/baeredygtig/sk/ANP2004781.pdf>

Í árslok ákváðu umhverfisráðherrarnir að setja á laggirnar svokallaðan COP15-hóp sem hefur tímabundið erindisbréf til ársloka 2009 en meginverkefni hópsins er að undirbúa sameiginlegar tillögur og málflutning Norðurlanda á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fram fer í Kaupmannahöfn í desember 2009.

#### *Vinnuhópur um umhverfi hafs og lofts*

Helstu verkefni hópsins eru annars vegar að stuðla að aukinni þekkingu á loftmengun og tengslum milli loftmengunar og loftslagsbreytinga og hins vegar að fjalla um efni sem skaða umhverfi hafsins svo og að fylgja eftir tilmælum norrænu umhverfisráðherranna um að móta sameiginlegar tillögur um stefnu ESB í málefnum hafsins. Þá hefur hópurinn einnig unnið að tillögum um innleiðingu rammatilskipunar ESB um vatn.

Meðal þeirra alþjóðlegra samninga sem starf hópsins tengist má nefna samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution, LRTAP), samninginn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic), OSPAR, vinnuhóp Norðurskautsráðsins um málefni hafsins, AMAP, (Arctic Monitoring and Assessment Programme) svo og Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni.

Jörundur Svavarsson, prófessor við Háskóla Íslands, stýrði tveimur verkefnum hópsins sem fjölluðu um þrávirk lífræn efni á hafssvæðunum í kringum Ísland, Færeyjar og Noreg og syðri hluta Eystrasaltssvæðisins.

Í tengslum við innleiðingu nýrrar umhverfisáætlunar leysa tveir nýir hópar verkefni vinnuhópsins af hólmi, annars vegar vinnuhópur um vistkerfi hafsins og hins vegar um loftslagsmál og loftgæði.

#### *Vinnuhópur um efni og efnavörur*

Meginstarf hópsins er vinna við hina nýju löggjöf ESB um efni og efnavörur (REACH) og hefur hann frá upphafi sett fram margar tillögur bæði um fagleg atriði og á síðari stigum um innleiðingu löggjafarinnar og túlkun tiltekinna atriða. Hópurinn hefur byggt upp gagnagrunna, t.d. um áhættumat og áhrif tiltekinna efna, framleiðslu þeirra og útbreiðslu. Þeir koma að miklum notum, ekki einungis á Norðurlöndum heldur einnig á vettvangi ESB og OECD. Þá hefur hópurinn unnið að verkefnum er tengjast Montreal-bókuninni um efni sem eyða ósonlaginu og setti m.a. fram tillögur um hvernig flýta megi fyrir því að notkun vetnisklórflúorkolefnis (HCFC) verði hætt, bæði í iðnríkjum og þróunarríkjum. Handbók fyrir tollayfirvöld um hvernig bæta megi árangur við eftirlit með ósoneyðandi efnum vakti mikinn áhuga framkvæmdastjórnar ESB og er ljóst að hún mun auðvelda til muna endurskoðun á löggjöf ESB um ósoneyðandi efni<sup>7</sup>.

Efni sem meðhöndluð eru með nanótækni koma reglulega á markað og eru m.a. notuð í lækningaskyni og iðnaði. Þróun í nanótækni er mjög ör og lítið vitað um áhrif efnanna á heilsu manna, dýra og plantna. Vinna við að

7 Handbókin er á vefslóðinni: <http://norden.org/pub/sk/showpub.asp?pubnr=2008:701>

greina áhættu sem hugsanlega stafar af notkun þessara efna er nýtt áherslu-svið í starfi hópsins.

#### *Vinnuhópur um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi*

Hópurinn gegnir lykilhlutverki í norrænu samstarfi um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og vernd náttúru og menningarminja. Samstarfið byggist á þeim sameiginlegu viðfangsefnum sem norrænu ríkin standa frammi fyrir á þessu sviði og miðar m.a. að því að móta sameiginlegar tillögur til 10. aðildarríkjaþings Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem fram fer árið 2010.

Starf vinnuhópsins beindist á árinu m.a. að verkefnum sem tengjast markmiði Sameinuðu þjóðanna um að stöðva hnignun og tap á líffræðilegri fjölbreytni. Á árinu gaf hópurinn út skýrslu um stöðu líffræðilegrar fjölbreytni á Norðurlöndum<sup>8</sup>. Eitt verkefna fjallaði um ástand sjófuglastofna á Vestur-Norðurlöndum og sýndu niðurstöður þess að hrun stofnanna á þessum slóðum má m.a. rekja til loftslagsbreytinga. Í árslok ákváðu umhverfisráðherrarnir að fylgja niðurstöðum sjófuglaverkefnisins eftir með aðgerðaáætlun. Að tillögu Íslendinga var Skotum boðið að vera með í því verkefni. Þá var unnið að verkefni um líffræðilega fjölbreytni með sveitarfélögum á Norðurlöndum með það að markmiði að efla stefnumótun og þátttöku þeirra í verkefnum er lúta að vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Af Íslands hálfu tók Akureyrarbær þátt í því verkefni.

Útilíf og almannaréttur eru einnig snar þáttur í starfi hópsins. Á árinu lauk nokkrum verkefnum sem tengjast börnum og unglíngum, m.a. var efnt til ráðstefnu um útikennslu. Þá var einnig unnið að verkefni um samspilið milli útilífs og andlegrar heilsu.

Samkvæmt nýrri umhverfisáætlun fær hópurinn ný verkefni sem tengjast vistkerfum og vistkerfisnálgun og verður hér eftir nefndur vinnuhópurinn um vistkerfi á landi.

#### *Vinnuhópur um vörur og úrgang*

Tveir þættir voru ráðandi í starfi hópsins á árinu, annars vegar sjálfbær framleiðsla og hins vegar endurvinnsla úrgangs. Markmiðið með starfinu er m.a. að móta tillögur á vettvangi ESB með það fyrir augum að tryggja að tekið sé tillit til áherslna og í sumum tilvikum sérstakra aðstæðna á Norðurlöndum við mótun ESB-gerða. Á árinu hefur hópurinn til dæmis unnið að tillögum varðandi tilskipun ESB um raftækja- og rafeindaúrgang. Miða þær m.a. að því að draga úr notkun skaðlegra efna við framleiðslu raftækja og að móta tillögur um söfnun og meðhöndlun raftækja og raftækjaúrgangs.

Á vegum hópsins hafa verið gefin út upplýsingahefti þar sem settar eru fram leiðbeiningar um bestu fánlegu tækni í framleiðslu á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Á árinu voru t.d. gefin út upplýsingahefti fyrir fiskeldi og um

8 Skýrslan er á vefslóðinni: <http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/uk/TN2009509.pdf>

meðferð úrgangs í fiskibátum. Á árinu var einnig gefin út skýrsla með yfirliti yfir öll upplýsingahefti hópsins um bestu fáanlegu tækni<sup>9</sup>.

Starf að umhverfismálum í litlum og dreifbýlum samfélögum er mikilvægur þáttur í starfi hópsins. Í slíkum samfélögum eru fjarlægðir oft miklar og loftslag kaldara en almennt á Norðurlöndum og því henta ekki alltaf hefðbundnar lausnir. Verkefni á þessum sviðum beinast að því að styrkja og þróa vinnu að *Staðardagskrá 21*, umhverfisstjórnun, meðferð úrgangs og bestu fáanlegu tækni á köldum svæðum.

Einn þáttur í starfi hópsins er að þróa og innleiða umhverfisstjórnunarkerfi í 60-90 litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi, í Færeyjum og á Álandseyjum. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í þessu verkefni svo og starfinu í litlum og dreifbýlum samfélögum og hefur það nýst afar vel. Þá var á árinu lokið verkefni um verklag og meðhöndlun úrgangs sem fellur til í skipasmíðastöðvum.

Í tengslum við innleiðingu nýrrar umhverfisáætlunar flytjast verkefni hópsins um sjálfbæra framleiðslu til nýs vinnuhóps um sjálfbæra neyslu og framleiðslu en umfjöllun um úrgangsmál verður eftir í sjálfstæðum hópi um þau málefni eingöngu.

#### *Vinnuhópur um umhverfisvöktun og meðferð gagna*

Meginverkefni hópsins er að þróa aðferðir um vöktun og samræmingu á vöktun á lífríkinu á Norðurlöndum. Hópurinn hefur þá sérstöðu að öll verkefni hans eru unnin í samvinnu við einn eða fleiri vinnuhópa á umhverfissviðinu enda eru viðfangsefni hópsins þess eðlis að þau krefjast faglegrar samvinnu um þá þætti sem unnið er að hverju sinni.

Eitt af stærstu verkefnum hópsins er vöktun á líffræðilegri fjölbreytni. Á því sviði er þörf fyrir aukna þekkingu á stöðu og þróun bæði í löndunum og á alþjóðavettvangi og mikil eftirspurn er eftir sameiginlegum vöktunaraðferðum. Hópurinn hefur því unnið að verkefnum á þessu sviði m.a. með hliðsjón af því markmiði sem þjóðir heims hafa sett sér um að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni á árinu 2010. Hafa verkefnið beinst að lífríkinu í hafi, í vötnum og á landi.

Hópurinn hefur um árabíl unnið að verkefnum sem tengjast rammatilskipun ESB um vatn og á því sviði er enn verk að vinna. Starfið á árinu fólst m.a. í að þróa aðferðir og vöktun og að kortleggja búsvæði og tegundir í hafinu og kanna samlegðaráhrif við búsvæða- og haftilskipanir ESB.

Í tengslum við innleiðingu nýrrar umhverfisáætlunar verður verksvið vinnuhópsins um umhverfisvöktun og meðferð gagna samþætt starfinu í hverjum vinnuhópi fyrir sig og var hópurinn sem slíkur því lagður niður frá og með 1. janúar 2009.

<sup>9</sup> Skýrslan er á vefslóðinni: <http://www.norden.org/pub/miljo/miljo/uk/ANP2008702.pdf>

### ***Þverfaglegir vinnuhópar***

#### *Vinnuhópur um loftslagsmál*

Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá umhverfis- og orkugeiranum og á samstarfið rætur að rekja til ársins 1993. Allt frá árinu 1996 hefur starf hópsins beinst að Kyoto-bókuninni, einkum að fylgja eftir hugmyndinni um að gera Eyrstrasaltssvæðið að tilraunasvæði fyrir sameiginlega framkvæmd hennar (Testing Ground for Joint Implementation).

Á árinu 2004 fólu ráðherrar umhverfis- og orkumála hópnum að hefja vinnu við viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir (Emission Trading System) og þær alþjóðlegu viðræður sem þá voru að hefjast um nýjan loftslagssamning sem ætlunin er að öðlist gildi eftir 2012.

Hópurinn var lagður niður frá og með 1. janúar 2009 og nýr hópur um loftslag og loftgæði settur á laggirnar.

#### *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*

Vinnuhópurinn er þverfaglegur hópur milli umhverfis- og fjármálasviðs og eiga fulltrúar frá umhverfis- og fjármálaráðuneytum landanna sæti í honum. Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að fjalla um hvernig nýta má hagræn stjórnþæki í þágu umhverfisins.

Á árinu var byrjað á verkefni sem tengist losun koltvísýrings frá bifreiðum. Markmiðið er að fá yfirsýn yfir skatta og önnur gjöld sem lögð eru á bifreiðar og meta hvaða breytingar unnt er að gera til að draga úr mengun og orkunotkun. Jafnframt að greina hvaða hagræn stjórnþæki megi nota til að draga úr koltvísýringslosun og auðvelda löndunum að ná markmiðum sínum í loftslagsmálum.

Hópurinn gefur reglulega út skýrslu um hagræn stjórnþæki á Norðurlöndum. Vinna við næstu skýrslu hófst á árinu og verður meginefni hennar samanturður á löggjöf á sviði umhverfis- og orkumála. Í skýrslunni verður m.a. reynt að greina kosti þess og galla að leysa sama umhverfismál með ólíkum stjórnþækjum.

Þá má nefna verkefni um hagrænt gildi þess að auka orkunýtni í byggingariðnaðinum á Norðurlöndum og verkefni um hina hagrænu þætti loftslagsvandans.

#### *Vinnuhópur um fiskveiðar og umhverfismál*

Meginmarkmið vinnuhópsins er at styrkja samþættingu umhverfissjónarmiða í sjávarútvegi, stuðla að vernd lífríkis hafsins og tryggja að sjónarmið sjálfbærrar þróunar séu höfð að leiðarljósi í sjávarútvegi og fiskeldi.

Hópurinn tók þátt í að skipuleggja stóra ráðstefnu um loftslagsbreytingar og fiskveiðistjórnun. Niðurstöður hennar voru kynntar á fundi norrænu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherranna á fundi þeirra í júní. Þá efndi hópurinn til ráðstefnu um fiskveiðar smábáta og eldsneytisverð.

Á vegum hópsins hefur verið unnið að nokkrum verkefnum um áhrif fiskveiða á lífríki sjávarbotnsins. Þá vann hópurinn að skýrslu um vöxt þorsks í Norður-Atlantshafi síðustu 100 árin í því skyni að fá betri mynd af hvernig

meta megi áhrif loftslags á vöxt, framleiðni og stjórnun á nýtingu þorskostofnsins. Markmiðið er finna svör við því hvernig nota megi slíka greiningu aftur í tímann í nútíma fiskveiðistjórnun og í framtíðinni svo og til að skapa tengsl milli grunnrannsókna í norrænum háskólum og hagnýtingu hafrannsóknastofnana á Norðurlöndum á niðurstöðum þeirra.

Vinnuhópurinn var lagður niður við gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar 1. janúar 2009 en stefnt er að því halda samstarfi þessara tveggja sviða áfram með því að vinna að afmörkuðum tímabundnum verkefnum um ýmis mál sem tengjast fiskveiðum og umhverfismálum.

#### *Vinnuhópur um umhverfi, landbúnað og skógrækt*

Vinnuhópurinn er þverfaglegur með fulltrúum frá umhverfissviði, landbúnaði og skógrækt. Markmiðið er að samtvinna umhverfissjónarmið í landbúnaði og skógrækt. Á árinu gaf hópurinn út skýrslu undir yfirskriftinni: *Miljøstrategier i jord- og skovbrug – Et tværsektorielt samarbejde mellem miljø og jord- og skovbrug 1995-2008*. Skýrslan er samantekt á starfi hópsins og niðurstöðum hans á þessu tímabili en árið 2008 var síðasta starfsár hópsins í þeirri mynd sem verið hefur.

Eitt stærsta verkefni hópsins á árinu fjallaði um þýðingu skógræktar fyrir vistkerfi og landslag og byggðarlög. Guðmundur Halldórsson rannsóknastjóri hjá Landgræðslu ríkisins stýrði verkefninu. Því lauk með skýrslu þar sem varpað er ljósi á mikilvægi skóga fyrir umhverfi og efnahagslíf á Norðurlöndum og sýnt fram á hvaða áhrif skógareyðing síðustu tveggja alda hefur haft á líffræðilega fjölbreytni, landslag, byggðaðróun og heilsu Norðurlandabúa. Undirstrikað er mikilvægi þess að nýting skóga sé skipulögð bæði með lífsskilyrði fólks og umhverfissjónarmið í huga.<sup>10</sup>

Þá vann hópurinn að verkefnum sem tengjast framleiðslu lífmassa sem orku-gjafa, þýðingu útivistar fyrir heilsu og velferð fólks og efnt var til málstofu um *Landslagssáttmála Evrópu*. Við gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar 1. janúar 2009 var vinnuhópurinn lagður niður, en stefnt er að því að halda samstarfi þessara tveggja sviða áfram með því að vinna að afmörkuðum tímabundnum verkefnum um ýmis mál sem tengjast landbúnaði, skógrækt og umhverfismálum.

#### *Vinnuhópur um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum*

Hópurinn er þverfaglegur samstarfsvettvangur þar sem saman starfa fulltrúar umhverfis-, neytenda- og atvinnumála. Meginmarkmið er að leita leiða til að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Til að ná þeim markmiðum er mikilvægt að hið opinbera og atvinnulífið leggi meiri áherslu á nýja tækni og nýsköpun og stuðli þannig að umhverfisvænni framleiðslu, bættri meðferð úrgangs og endurnýtingu. Jafnframt er mikilvægt að atvinnulífið geti skapað arð og tryggt vöxt. Starfið í hópnum felst í því að sameina þessi sjónarmið og hagsmuni.

10 Sjá skýrsluna AFFORNORD: <http://norden.org/pub/miljo/jordogskov/sk/TN2008562.pdf>



Hópurinn hefur unnið mjög mikilvægt starf við að þróa viðmið fyrir vistvæn innkaup hins opinbera og lagði fram ákveðnar tillögur þar að lútandi á vettvangi ESB. Þær tillögur náðu fram að ganga og eru því hluti af þeim viðmiðum sem ESB setur í þeim efnum.

Í september efndi hópurinn til stórrar alþjóðlegrar ráðstefnu um umhverfistækni í tengslum við Copenmind-ráðstefnuna í Kaupmannahöfn. Skýrsla um ráðstefnuna verður gefin út á árinu 2009. Þá efndi hópurinn til ráðstefnu um umhverfistækni og nýsköpun.<sup>11</sup>

Vinnuhópurinn verður á vegum umhverfissviðs frá og með gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar og fulltrúum frá neytenda- og atvinnumálasviði er boðið og þeir hvattir til að taka þátt í starfinu. Hópurinn mun framvegis starfa undir heitinu *Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu*.

### ***Norræna erfðaauðlindaráðið***

Ráðið er vettvangur fyrir stefnumótandi umræðu um erfðaauðlindir Norðurlanda. Það stóð m.a. fyrir kynningu á samvinnu Norðurlanda um erfðaauðlindir á 9. aðildarríkjaþingi Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni undir yfirskriftinni: *Regional Cooperation on Genetic Resources in Support of Global Processes – a Nordic Approach*. Á fundinum var m.a. fjallað um viðleitni Norðurlanda til að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, fjallað var um norrænt samstarf um skógrækt og kynnt hin nýja norræna stofnun NordGen ([www.nordgen.org](http://www.nordgen.org)) svo og alþjóðlegi fræbankinn á Svalbarða (Svalbard Global Seed Vault).<sup>12</sup>

Í tengslum við innleiðingu nýrrar umhverfisáætlunar og með hliðsjón af stofnun NordGen mun erfðaauðlindaráðið starfa í náinni samvinnu við þá stofnun í framtíðinni.

### ***Tímabundið starf að loftslagsmálum***

Norrænu umhverfisráðherrarnir ákváðu í árslok 2007 að setja hinn svokallaða COP15-hóp á laggirnar. Í honum eiga sæti norrænir sérfræðingar í loftslagsmálum, sumir þeirra eru fulltrúar landanna í samningaviðræðunum um nýjan alþjóðlegan loftslagssamning. Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að vinna að sameiginlegum tillögum Norðurlanda á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fram fer í Kaupmannahöfn í desember 2009. Starf hópsins byggist á skýrslu Harald Dovlands *Possible activities to support negotiations on a post-2012 climate regime*.<sup>13</sup>

Hópurinn vinnur að því að varpa ljósi á ýmsa þætti sem geta nýst í umræðum um lausn loftslagsvandans, s.s. hlutverk skóga, aðlögun að loftslagsbreytingum, fjármögnun aðgerða í þróunarlöndum og lagaleg atriði er varða væntanlegan Kaupmannahafnarsamning. Hópurinn starfar í nánú samráði við samninganefndir landanna. Erindisbréf hópsins rennur út í árslok 2009.

11 Frásögn af þeirri ráðstefnu er á vefslóðinni: <http://www.norden.org/pub/ovrigt/ovrigt/is/20081008.pdf>

12 Sjá: <http://www.regjeringen.no/en/dep/lmd/campaign/svalbard-global-seed-vault.html?id=462220>.

13 Sjá: [http://www.norden.org/miljoe/cop15/cop15\\_pdf/Rapport%20av%20H.%20Dovland.pdf](http://www.norden.org/miljoe/cop15/cop15_pdf/Rapport%20av%20H.%20Dovland.pdf)

## 14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Starf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt (MR-FJLS) er unnið á vegum einnar embættismannanefndar (EK-FJLS) og er skipt í deildir.

Í formennskuáætlun Svía var lögð áhersla á loftslagsbreytingar og var sjónum beint að lífrænu eldsneyti, nýjum ræktunarmöguleikum, áhrifum loftslagsbreytinga á fiskveiðar, eflingu rannsókna og nýtingu erfðaauðlinda. Annað áherslumál var samkeppnishæfni og smáfyrirtæki. Tækifærum landsbyggðarinnar var haldið á lofti, sérstaklega í ferðamannaþjónustu, og var áhersla lögð á bættan afrakstur strandveiða. Vatnabúskapur, betri heilsa með betri næringu og hreyfingu, dýravernd og verkefnið *Ny Nordisk Mat* voru jafnframt forgangsmál.

Árlegur sumarfundur ráðherranefndarinnar var haldinn í júní og í tengslum við hann voru ráðstefnur og fundir. Þar var m.a. rætt um rekjanleika og umhverfismerkingar á afurðum sem unnar eru úr fiski sem veiddur er á sjálfbæran hátt. Þá var lögð fram yfirlýsing ráðherranna um sjálfbæra nýtingu sela, þar sem lýst var áhyggjum af fyrirhuguðu banni ESB við viðskiptum með selskinn og hvatt til þess að ESB gætti jafnvægis í verndun og nýtingu selastofna. Einnig var lögð fram yfirlýsing um dýravernd og dýrasjúkdóma. Töluvert var fjallað um áhrif loftslagsbreytinga á frumframleiðslugreinar og matvælaframleiðslu og var á árinu lagt í vinnu við að hleypa af stokkunum viðamiklu verkefni um það málefni.

Fyrri hluti árs fór í að vinna nýja verkáætlun fyrir MR-FJLS fyrir 2009-2012 og var hún samþykkt á sumarfundi ráðherra í júní. Í henni er lögð áhersla á ákveðin viðfangsefni sem nefndin telur að vinna beri að næstu fjögur árin. Formennskuáætlun landanna skal taka mið af áætluninni og vera stuðningur við hana.

### *Sjávarútvegsmál*

Á árinu var innra starf sjávarútvegsdeildarinnar endurskipulagt og einfaldað og undirnefndum fækkað í eina. Af áhersluatriðum má nefna að á sumarfundi ráðherranna var undirrituð ályktun um rétt landanna til sjálfbærrar nýtingar selastofna. Fjallað var um tengsl loftslagsbreytinga og auðlindanýtingar við tvö tækifæri. Alþjóðleg ráðstefna var haldin í Bergen undir yfirskriftinni *Fisheries Management and Climate Change in the Northeast Atlantic Ocean and the Baltic Sea*. Einnig stóð deildin fyrir umfjöllun um áhrif loftslagsbreytinga á strandveiðar í Eystrasalti. Af málefnum sem deildin hélt á lofti var baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum, sem hefur verið ofarlega á baugi í svæðisbundnum fiskveiðistofnunum sem og FAO síðastliðin ár.

### ***Landbúnaður***

Á árinu hóf *Nordgen-Nordisk Genresurscenter* starfsemi en miðstöðin sameinar Norræna genabankann fyrir nytjaplöntur (NGB), Norræna genabankann fyrir búpening (NGH) og Norrænu frænefndina í skógrækt (NFPR) í eina stofnun. Eru miklar vonir bundnar við starfsemi Nordgen sem hefur verið eitt af merkustu samstarfsverkefnum ráðherranefndarinnar síðan Norræni genabankinn fyrir nytjaplöntur var settur á laggirnar í ársbyrjun 1979. Nordgen mun gegna lykilhlutverki í þróun margvíslegra samstarfsverkefna innan FJSL, og ekki síður í tengslum við alþjóðlega samvinnu á sviði erfðaaudlinda, t.d. hjá FAO þar sem mikill hagur er af norrænu samstarfi.

Haldið var áfram með verkefnið *Ny Nordisk Mat* sem miðar að því að markaðsetja norrænar matarhefðir með sérstakri skírskotun til þess hráefnis sem er í löndunum. Hefur verkefnið hlotið mikla athygli og tengir saman mörg svið svo sem erfðaeefni, framleiðsluhætti, þjóðmenningu og matarmenningu yfir í markaðsfærslu.

### ***Matvælamál***

Starfið hjá matvæladeild ráðherranefndarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu. Svíar lögðu m.a. áherslu á dýravernd og velferð dýra í formennskuáætlun sinni og efndu til ráðstefnu í Stokkhólmi um það efni. Embættismannanefndin um matvælamál kom saman til tveggja reglulegra funda, auk þess sem flestir fulltrúar hennar sátu sumarfund matvælaráðherra Norðurlanda í Svíþjóð. Undirnefndir embættismannanefndarinnar störfuðu að skilgreindum verkefnum og eins verkefnahópar á þeirra vegum.

### ***Skógrækt***

Í formennskuáætlun Svía var kveðið á um ráðstefnu norrænna skógarmálaráðherra þar sem mótuð yrði samnorræn afstaða til brýnna mála sem snertu skóga og skógrækt á Norðurlöndum. Starf skógræktardeildar ráðherranefndarinnar beindist því mjög að undirbúningi ráðstefnunnar, einkum hjá Svíum og Íslendingum. Ráðstefnan fór fram á Selfossi þann 19. ágúst 2008. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ásamt sænska landbúnaðarráðherra Eskil Erlandsson, buðu til ráðstefnunnar. Í samræmi við formennskuáætlun Svía var ákveðið að beina sjónum einkum að hlutverki skógarins í því að sporna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum og hlutverki hans í því að tryggja hreint neysluvatn, auk leiða til að samræma kröfur um samkeppnishæfa skógrækt.

Ráðstefnuna sátu flestir hinna norrænu ráðherra og embættismenn sem ábyrgð bera á málefnum skóga og skógræktar í löndunum, ásamt fagfólki og helstu sérfræðingum á þessu sviði. Í ráðstefnulok samþykktu ráðherrarnir *Selfossyfirlýsinguna um samkeppnishæfa skógrækt á Norðurlöndunum*. Í henni er lögð áhersla á:

- mikilvægi heilbrigðra skóga sem uppsprettu hráefnis, annarra umhverfisgæða, útivistar, fjölbreytts lífríkis og forsendu fyrir samkeppnishæfni skógræktar á Norðurlöndum
- að tryggja sjálfbæra líforkuframleiðslu úr skógarafurðum
- aukna ræktun nýrra skóga til fjölþættra nota, ekki síst til þess að binda kolefni og draga úr loftslagsbreytingum
- að vernda grunnvatn og aðgang að vatni
- að tryggja líffræðilegan fjölbreytileika og efla trjákyrbætur sem aðlögun að loftslagsbreytingum
- að styðja eflingu verndarskógræktar, gegn rofi og uppblæstri
- að auka samstarf og miðlun reynslu milli skógræktenda á Norðurlöndum
- að efla rannsóknir í skógrækt

Selfossyfirlýsingin mun án efa hafa víðtæk áhrif á stefnumörkun allra norrænu ríkjanna á komandi árum. Í ársbyrjun 2009 skipaði Norræna ráðherranefndin starfshóp sem ætlað er að koma með tillögur um hvernig þeirri sameiginlegu stefnu sem fram kemur í yfirlýsingum skógarmálaráðherranna verði best fylgt eftir. Íslendingar fara með formennsku í hópnun.

## 15. Grannsvæðasamstarf

### *Eystrasaltssamstarf*

Á Eystrasaltssvæðinu leggur Norræna ráðherranefndin megináherslu á samstarf við Eistland, Lettland, Litháen og Norðvestur-Rússland, en hefur jafnframt á síðustu árum byggt upp nánara samstarf við Pólland. Þá eru Þjóðverjar í vaxandi mæli aðilar að ýmsum samstarfsverkefnum. Ráðherranefndin hefur lýst yfir vilja til samstarfs um vel skilgreind verkefni sem falla undir Eystrasaltsstefnu ESB, sérstaklega á sviði rannsókna, nýsköpunar, orkusamstarfs, málefna innri markaðar, landbúnaðar, skógræktar og fiskveiða.

Samstarfsráðherrarnir samþykktu í nóvember ný stefnumið fyrir samstarf við Eistland, Lettland og Litháen eftir samráð við stjórnvöld í löndunum og kynningu á Norðurlandaráðsþingi í október. Forgangsmál eru:

- 1) menntun, rannsóknir og nýsköpun
- 2) atvinnulíf, klasasamstarf og skapandi iðngreinar
- 3) umhverfis-, loftslags- og orkumál
- 4) verkefni velferðarsamfélagsins vegna vandamála handan landamæra, svo sem baráttan gegn mansali og útbreiðslu eyðni, og efling lögreglusamstarfs og ákærvalds
- 5) samstarf landamærasvæða til að styrkja sameiginleg gildi svo sem lýðræði, góða stjórnarsýslu, jafnrétti, tjáningarfrelsi og umburðarlyndi, hvort heldur er í samstarfi við Eystrasaltsríkin eða önnur grannríki þar með talið Hvíta-Rússland.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna staðfestu þessi stefnumið á fundi sínum í Þärnu þann 10. september.

Vinnuhópar mótuðu á árinu sameiginlegar mannaskiptaáætlanir fyrir Eystrasaltsríkin og Norðurlönd sem ná til embættismanna, atvinnulífs og menningarstarfs. Þeim var hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2009 eftir að ráðherranefndir og Norðurlandaráð höfðu samþykkt þær. Utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna hafa einnig lýst yfir stuðningi við þessar áætlanir og staðfest eindrægnar óskir um að byggja enn frekar upp samstarf við Norðurlönd.

Dæmi um nánara samstarf með auknu pólitísku vægi í Eystrasaltsríkjunum eru nýjar áætlanir um rannsóknarsamstarf. Framhald verður á samstarfi á sviði mennta og rannsókna sem miðar að því að styðja við fimmta frelsið um þekkingarmiðlun. Jafnframt verður NordPlus-áætlunin þróuð áfram.

Ráðherrar atvinnumála lögðu á árinu áherslu á aðild Eystrasaltsríkjanna að fleiri verkefnum sem tengjast atvinnuuppbyggingu og klasastarfsemi, hér með talið verkefnið *Inno-net Baltic Sea Region* og hnattvæðingarverkefni um skap-

andi iðngreinar. Samstarf á sviði orkumála var einnig í brennidepli og verður því haldið áfram á árinu 2009.

### ***Samstarf við Norðvestur-Rússland***

Samstarf við Norðvestur-Rússland miðar að því að byggja upp tengslanet og efna til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum. Rússar hafa ítrekað lýst yfir ánægju með samstarfið. Ný stefnumið fyrir samstarf við Norðvestur-Rússland á tímabilinu 2009-2013 voru samþykkt af samstarfsráðherrunum í nóvember.

Forgangsverkefni eru:

- 1) menntun, rannsóknir og nýsköpun, hér með talið skapandi iðngreinar
- 2) umhverfisvernd, loftslagsmál og orkusamstarf
- 3) verkefni sem skapa grundvöll fyrir efnahagssamstarf og viðskipti
- 4) samstarfsverkefni innan Norðlægu víddarinnar
- 5) lýðræðisuppbygging og samfélagsþróun með samstarfi um stjórn-sýslu og góða stjórnsýsluhætti, þingmannasamstarfi, samstarfi um fjölmiðlun og blaðamennsku svo og samstarfi frjálsra félagasamtaka.

Á árinu lögðu menningarmálaráðherrarnir sitt afmörkum til að koma á samstarfsverkefnum innan Norðlægu víddar ESB. Á grundvelli skýrslu frá stefnumótunarhópi var á fundi utanríkisráðherra ríkja innan Norðlægu víddarinnar í Pétursborg í október ákveðið að stefna að samstarfi á menningarsviði. Tillögur þar að lútandi verða lagðar fyrir næsta utanríkisráðherrafund haustið 2009.

Norræna ráðherrernefndin hefur átt aðild að fjölmörgum verkefnum innan Norðlægu víddarinnar á sviði lýðheilsu og félagsmála, t.d. sem tengjast baráttu gegn mansali og útbreiðslu eyðni. Meðal annars var haldin ráðstefna í Pétursborg í apríl um aðgerðir gegn mansali sem skapaði grundvöll fyrir frekari samstarfi Norðurlanda, Eystrarsaltsríkjanna og Rússlands um málið. Stuðningur ráðherrernefndarinnar til samstarfs frjálsra félagasamtaka á Eystrasaltssvæðinu hefur einnig mikla þýðingu. Alls hafa 22 verkefni með samstarfsaðilum í Norðvestur-Rússlandi fengið styrk frá árinu 2006.

Innan ramma áætlunar um þekkingarsköpun og tengslanet hefur verið lögð áhersla á þýðingarmikil málefni eins og samstarf um aðgerðir gegn spillingu, einkarétt á hugverkum og höfundaréttarmál, baráttu gegn mansali, betri orkunýtingu, menntun og rannsóknir. Á árinu 2009 er þess vænst að samstarfið verði byggt enn frekar upp, s.s. á milli sveitarfélaga. Á sviði menntunar og rannsókna voru á árinu undirbúnar samstarfsáætlanir og fundað um efni þeirra. Upplýsingaskrifstofur ráðherrernefndarinnar í Pétursborg og Kaliningrad gegna mikilvægu hlutverki í þessu samstarfi.

### ***Starfsemi ráðherranefndarinnar í Hvíta-Rússlandi***

Aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar hvað varðar Hvíta-Rússland hafa að markmiði að styrkja lýðræðisuppbyggingu í landinu.

Ráðherranefndin hefur síðan 2005, í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB, veitt hvítrússneska háskólanum European Humanities University (EHU) fjárstyrk. Um eitt þúsund háskólanemar frá Hvíta-Rússlandi stunda nám við skólann sem er með aðsetur í Vilnius. Þeir fá menntun í hugvísindum og samfélagsfræðum og byggir námið á akademísku frelsi og lýðræðislegum vinnubrögðum. Samstarfsráðherrar Norðurlanda ákváðu í júní að setja á laggir styrktarsjóð fyrir háskólann til að tryggja rekstrargrundvöllinn þar til unnt verður að flytja hana til Hvíta-Rússlands. Sjóðnum er stýrt af skrifstofu ráðherranefndarinnar og alþjóðlegri stjórn skólans. Ráðherranefndin styrkir að auki í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB vel á fjórða tug hvítrússneskra háskólanema í Úkraínu, sem ekki hafa átt þess kost að ljúka námi í heimalandi sínu vegna stjórnmalaskoðana sinna.

Ráðherranefndin hefur með áætlun fyrir frjáls félagasamtök á Eystrasalts-svæðinu styrkt 25 verkefni með aðild félaga í Hvíta-Rússlandi. Þá má geta þess að ráðherranefndin styrkti á árinu óháðu hvítrússnesku sjónvarpsstöðina Belsat sem starfar í Póllandi.

### ***Samstarf við grannsvæði í vestri***

Norræna ráðherranefndin hefur á undanförunum árum leitast við að byggja upp samstarf við granna í vestri, sérstaklega í strandfylkjum Kanada. Fé til þess starfs var eyrnamerkt á fjárlögum 2009 og verður væntanlega einnig á árinu 2010. Dæmi um samstarf til vesturs er frumkvæði norrænu félagsmálaráðherranna að samstarfi innan Norðlægu víddarinnar á sviði félags- og heilbrigðismála með áherslu á frumbyggja og dreifðar byggðir. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICE) byggði á árinu upp samstarf við Kanada á sviði umhverfistækni og nanotækni.

Ráðherrar menntamála og rannsókna hafa síðan 2006 lagt sitt af mörkum til að byggja upp alþjóðasamstarf um rannsóknir og menntun á norðurskaots-svæðunum með aðild allra ríkja á norðurslóð. Viðræður um tilhögun þess héldu áfram á árinu. Þá var efnt til samstarfs á sviði umhverfismála og fiskveiða.

### ***Norræna Atlantsnefndin***

Norræna Atlantsnefndin (NORA) er sú stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar sem mest kveður að í samstarfi við granna í vestri. Allir helstu samstarfsaðilar eru frá svæðum við Atlantshaf, einnig í grannríkjum Vestur-Norðurlanda. Nefndin hefur skilgreint þrjú svið þar sem lögð er áhersla á nýsköpun í atvinnulífi, og eru þau a) auðlindir hafsins b) orkumál c) ferðaþjónusta.

Haustið 2008 fór stjórn NORA og starfsmenn skrifstofu í ferð til Kanada til að kanna grundvöll fyrir samstarfsverkefni.<sup>14</sup> Stjórnin komst að þeirri niðurstöðu að mikill áhugi væri í strandhéruðum Kanada fyrir skýrt afmörkuðum samstarfsverkefnum, hins vegar væri ekki sami áhugi á samstarfi hjá stjórnvöldum í Ottawa.

### ***Samstarf á norðurslóð***

Ný samstarfsáætlun um málefni norðurslóða á árunum 2009-2011 var samþykkt á árinu. Hún vísar veginn við skipulag og framkvæmd samstarfsverkefna á vegum ráðherranefndarinnar á norðurslóð og á að: a) stuðla að því að bæta lífsgæði íbúa og vistfræðilegar og efnahagslegar forsendur fyrir áframhaldandi byggð á heimskautasvæðunum b) stuðla að aukinni þekkingu á áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóð og aðgerðum gegn þeim, svo og mengun af völdum eiturefna og þungmálma c) stuðla að og styrkja félagslega og menningarlega framþróun meðal íbúa d) stuðla að verndun viðkvæmrrar náttúru á norðurslóð, náttúrugæða og líffræðilegs fjölbreytileika og tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðinda í þessum heimshluta.

Norræna ráðherranefndin stóð í september fyrir norðurslóðaráðstefnu í Ilulissat á Grænlandi undir yfirskriftinni *Common Concern for the Arctic*. Markmið var að miðla þekkingu til ESB og annarra alþjóðlegra aðila um þann vanda sem steðjar að norðurskautssvæðunum og efla hlutdeild þeirra til lausna. Fyrir ráðstefnuna lét ráðherranefndin gera skýrslu um gildandi og fyrirhuguð stefnumið ESB og aðgerðir á norðurslóð. Ráðstefnuna sóttu 120 háttsettir gestir, þeirra á meðal ráðherrar, fulltrúar í framkvæmdastjórn ESB og sendiherrar. Gestir voru frá ESB-ríkjum, Kanada, Bandaríkjunum, Rússlandi, Kína og Kóreu. Þá sátu fulltrúar frumbyggja, fræðaheims og norrænu ríkisstjórnanna ráðstefnuna. Í kjölfar ráðstefnunnar birti framkvæmdastjórn ESB 49 tillögur um aðgerðir á norðurslóð og stefnumótun í málefnum norðurskautssvæða. Þá leitaði framkvæmdastjórnin eftir því við ráðherranefndina að skilgreind yrðu samstarfssvið um málefni norðurslóða. Meðal annars eru áform um að fylgja áður nefndri ráðstefnu eftir með annarri í Brussel haustið 2009 undir formennsku Íslendinga, formennsku Svía í ESB og formennsku Dana í Norðurskautsráðinu.

### ***Samstarf við önnur svæðasamtök***

Norræna ráðherranefndin og Eystrasaltsráðið (CBSS) hafa með sér náð samráð í verkefnum á sviði lýðheilsu og velferðar innan Norðlægu víddarinnar. Ráðherranefndin hefur að auki lagt sitt af mörkum til EuroFaculty-verkefni Eystrasaltsráðsins í Pskov og mun á komandi árum fylgjast með framvindu þess.

Samstarf ráðherranefndarinnar og Barentsráðsins (BEAC) fer að hluta til fram í afmörkuðum verkefnum og að hluta til sem samráð um starfsemi á

14 Skýrsla um ferðina er á vefslóðinni <http://www.nora.fo/index.php?pid=193&cid=100>



Barentshafssvæðinu. Verið er að skilgreina ný samstarfsverkefni og er vænst að gott samráð verði haft við nýja skrifstofu Barentsráðsins í Kirkenes í Noregi.

Unnið er með Norðurskautsráðinu innan ramma samstarfsáætlunar um málefni norðurskautssvæðanna, þar sem veittir eru styrkir til fjölmargra verkefna með áherslu á frumbyggja eins og áður hefur komið fram.

Norræna ráðherranefndin hefur þróað frekar samstarf við ESB varðandi styrktarsjóð fyrir útlagaháskólann EHU í Vínúis og haft náið samráð við framkvæmdastjórn sambandsins um málið. Annað samstarf við ESB tengist BEN-EAST-verkefninu um samstarf landamærasvæða sem lauk á árinu og BSR-verkefninu um nýsköpun sem lýkur að öllum líkindum á árinu 2009. Að auki hefur samstarfi um málefni norðurslóða verið eft til mikilla muna, svo og samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Ráðherranefndin hefur einnig lagt sitt af mörkum við uppbyggingu upplýsingakerfis um verkefni innan Norðlægu víddarinnar, þar sem gert hefur verið grein fyrir 171 verkefni á vegum nefndarinnar á árunum 2007-2008. Heildarkostnaður við þau verkefni nemur 370 millj. evra, þar með talin framlög þriðja aðila.

Samstarf hefur verið aukið við Visegrad-löndin á árinu, sérstaklega í tengslum við verkefni sem tengjast lýðræðisuppbyggingu í Hvíta-Rússlandi. Þá hefur ráðherranefndin samstarf við Helcom um verndun Eystrasaltsins.

Ráðherranefndin hefur átt frumkvæði að verkefnum á vegum Baltic Development Forum (BDF) og fjármagnaði ásamt Norræna fjárfestingarbankanum gerð stöðuskýrslu um Eystrasaltssvæðið sem nýtast mun til frekari uppbyggingar á svæðinu.

## 16. Norrænar stofnanir á Íslandi

### *Norræna húsið*

Árið 2008 var merkisár í sögu Norræna hússins, þann 18. ágúst voru liðin 40 ár frá vígslu þess. Þessum tímamótum voru gerð skil með veglegri afmælis-dagskrá.

Nokkrar áherslubreytingar hafa orðið á starfsemi hússins. Norræna ráðherranefndin vill leggja meiri áherslu á hnattvæðingu undir yfirskriftinni *Norden i verden – Verden i Norden*. Ráðherranefndin valdi Norræna húsið fyrir hönd allra landanna til að kynna og koma á framfæri *Nýrri norrænni matargerð* og hófst kynningarátakið á vormisseri 2009.

Aðsókn að Norræna húsinu hefur sjaldan verið meiri en á árinu 2008, u.þ.b. 58.000 gestir heimsóttu húsið.

### *Tónleikar*

Á árinu voru að vanda haldnir margir tónleikar. Margir þeirra voru á vegum aðila sem leigðu aðstöðu í húsinu, bæði innlendir og erlendir. Að auki halda ýmsar stofnanir og tónlistarsamtök fundi og tónleika í húsinu s.s. *Hádegistónleikar Háskóla Íslands, 15:15 tónleikaröðin, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Suzuki tónlistarskólinn, Söngskóli Sigurðar Demetz, Söngskólinn Domus Vox, Listaháskóli Íslands, Wagner samtökin* o.fl. Nýárstónleikar RÚV með tónlistarmönnum *Agli Ólafssyni* og *Valgeiri Guðjónssyni* voru teknir upp í húsinu. *Iceland Airwaves* tónlistarhátíðin var haldin annað árið í röð með áherslu á norræna tónlistamenn. Í febrúar voru *Myrkir músikdagar* að hluta til haldnir í húsinu. *Norrænir hausttónar á haustjafndægum* var yfirskrift tónleika sem Kammerhópurinn *Camerarctica* hélt í september.

Nokkrir norrænir tónlistarmenn héldu tónleika á árinu og kvað þar mest að Norðmönnum. Í mars héldu fjórir ungir tónlistanemar, *Finlir*, frá Svíþjóð tónleika.

Í apríl var haldin fjölbreytileg tónlistarsyrpa og voru meðal gesta listamenn frá Danmörku, *Duo Resonante*. Frá Svíþjóð komu listamenn og fluttu dagskrá í tali og tónum um sænska ljóðskáldið *Tomas Tranströmer*. Í júní heimsótti norski barna- og unglingakórinn *Skarvebarna & Småfant* Norræna húsið og seinna í mánuðinum komu 30 norskir þjóðdansarar sem dönsuðu við undirleik harðangursfiðlu. Norski píanóleikarinn *Øystein Skar* hélt tónleika og lék sígilda, nútíma- og sérsamda tónlist. Íslensk/norska sópransöngkonan *Steinunn Soffía Skjenstad* og norski gítarleikarinn *Kåre Solmund Sætrevik Nystadbakk* héldu tónleika á Menningarnótt Reykjavíkur.

Í ágúst kom finnski kórinn *Porin Laulajat* í heimsókn og í sama mánuði kom *Thórshavnar Stórband* frá Færeyjum og hélt tónleika í húsinu á Jazzhátíð í Reykjavík. Í september héldu *Guðbjörg R. Tryggvadóttir* sópransöngkona og danski píanóleikarinn *Elsebeth Brodersen* tónleika.

### Sýningar

Fjölbreytileiki var mikill á sýningum í anddyri og í sýningarsal í kjallara hússins og voru þær vel sóttar.

#### Sýningarsalur í kjallara hússins

Árið hófst með danssýningu íslenska dansflokksins *Dari Dari Dance Company* sem sýndi frumsamið verk. Ljósmyndasýningin *Af jörðu ertu komin* eftir íslenska ljósmyndarann *Rebekku Guðleifsdóttur* var opnuð í janúar og í mars var opnuð sýningin *Norrænar hugrenningar frá Mexíkó* á verkum dönsku textillistakonunnar *Trine Ellitsgaard* sem búsett er í Mexíkó. Í apríl var haldin samkeppni um útfærslu á sumarskála við Norræna húsið og var efnt til sýningar á tillögunum. Á sama tíma var sýning á framtíðarskipulagi um Vatnsmýrina.

Í maí opnaði sýningin *List án landamæra* og sem fyrir er það gleðin og fjölbreytileikinn sem þar er hafður að leiðarljósi. Aðalsýning ársins *Dimensions on Wood – Hugmyndir í við* var haldin í tilefni 40 ára afmælis hússins og stóð í þrjá mánuði. Þetta var stór og viðamikil sýning sem sýndi hvað viðurinn skipaði stórt hlutverk í byggingarlist Alvar Aaltos. Sýningin *Sequences 2008 – Real Time Art Festival* var haldin í október, þar sýndu íslenskir listamenn fjölbreytileg verk. Í nóvember var haldin glæsileg norsk hönnunarsýning á þrjúnuðum kvenfatnaði. Sýnendur voru tveir hönnuðir sem reka hönnunarfyrirtækið *DUODU* í Þrándheimi. Sýningin var mjög vel sótt og vakti mikla athygli. Í tengslum við sýninguna hélt *Halldór Gíslason*, arkitekt og deildarforseti hönnunardeildar Listaháskólans í Ósló, fyrirlestur um norska hönnun. Sýning var haldin í samvinnu við norska sendiráðið. Síðasta sýning ársins var málverkasýning sænsku listakonunnar *Ebbu Hammarskiöld*.

#### Anddyri

Í byrjun janúar var opnuð ljósmyndasýningin *Fegurð Islam – íslömsk húsagerðalist* eftir sænsk-pakistanska ljósmyndarann Linnea Sellersjö. Í febrúar var ljósmyndasýningin *Where the Baltic Sea and People Meet* sett upp í sambandi við ferðaráðstefnu sem haldin var á vegum sendiráðs Lettlands í Ósló. Ljósmyndir eftir *Rebekku Guðleifsdóttur* af Norræna húsinu voru í anddyri hússins nær allt árið. Yfir sumarmánuðina var sýning á ljósmyndum frá Færeyjum, *Þorp – það sem augað ekki sér* eftir ljósmyndara úr ljósmyndafélaginu Fókus.

#### 40 ára afmæli Norræna hússins

Þann 24. ágúst voru liðin fjórtíu ár frá vígslu Norræna hússins. Þess var minnst með fjölbreytilegri vikulangri dagskrá þar sem m.a. hverjum áratug voru gerð ítarleg skil. Hver áratugur hafði sitt þema sem túlkað var af þekktustu listamönnum þjóðarinnar í formi tónlistar, fyrirlestra og bókmennta. Flestir fjölmiðlar gerðu hátíðinni góð skil, m.a. RÚV sem gerði tvo þætti um sögu Norræna hússins sem sendir voru út um sumarið.

Í tengslum við afmælið og sýninguna voru haldnir nokkrir fyrirlestrar um *Alvar Aalto* og verk hans:

- *Ásdís Ólafsdóttir* hélt fyrirlestur *Frá náttúru til byggingar: Maison Louis Carré sem dæmi um notkun viðar hjá Alvar Aalto.*
- *Guja Dögg* hélt fyrirlestur sem hún nefndi *Alvar Aalto og Studio Grana: arkitektúr í samspili staðar, náttúru og efnisvals.* Haldin var listasmiðja fyrir börn í tengslum við sýninguna.
- *Pétur Ármannsson* hélt fyrirlestur um Alvar Aalto og Ísland.
- Að auki var haldin þriðja alþjóðlega Alvar Aalto-ráðstefnan um nútíma byggingarlist í samvinnu við Jvääskylä-háskólann og Alvar Aalto-akademíuna í Helsinki.

### *Ráðstefnur og málþing*

Margar fjölbreytilegar ráðstefnur og málþing voru haldin á árinu, og má m.a. nefna áður nefnda ferðakynningu *Where the Baltic Sea and The People Meet.*

*Ný nordisk mat / Food and Fun:* kynning á *Nýrri norrænni matargerð* var haldin í febrúar. Þar voru saman komnir fjölmargir norrænir matreiðslumenn til að kynna nýja norræna matargerðarlist. Íslenskir og norrænir matvælaframleiðendur kynntu vörur sínar í sýningarsölum hússins.

Í apríl og maí var haldin röð 9 fyrirlestra ásamt sýningum og umræðum um þemað *Byggingarlist í brennidepli – Mannlíf í miðborg.* Fyrirlestrararnir voru í samvinnu við *Listaháskóla Íslands, CIA.IS og Listasafn Reykjavíkur.* Þátttakendur komu víðsvegar að, m.a. frá Norðurlöndum og öðrum Evrópulöndum. Í maí var efnt til dagskrár í samvinnu við *NFBO – Norræna félagið gegn illri meðferð á börnum* – sem hélt norrænt málþing í Reykjavík. Dagskráin byggði m.a. á fyrirlestrum sænska rithöfundarins *Lisbeth Pipping* og bók hennar: *Að alast upp með seinfærri móður.* Unglingum var boðið að koma og hlusta á hana. *Lisbeth Pipping* hélt líka fyrirlestur fyrir fagfólk. Sýnd var kvikmyndin *Veðramót* eftir *Guðnýju Halldórsdóttur.* Á seinni degi dagskrárinnar voru pallborðsumræður.

Umhverfisdagur voru haldnir í Norræna húsinu í september. *Framtíðarlandið, Náttúran.is* og *Landvernd* kynntu starfsemi sína, umhverfissinninn *Fred Goldberg* hélt fyrirlestur og málþing var haldið um þemað *Hvernig myndum við umhverfisvæn samfélög?* Hluti *Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík* var haldinn í Norræna húsinu annað árið í röð. 25 erlendar kvikmyndir voru sýndar, haldnir voru fyrirlestrar, leikstjórar kynntu myndir sínar og námskeið voru fyrir kvikmyndagerðarfólk. Mikil aðsókn var að hátíðinni.

### *Aðrir viðburðir*

Háskóli Íslands er fastur viðskiptavinur Norræna hússins og heldur marga af sínum fyrirlestrum í húsinu.

Kulturkontakt Nord, lista- og menningardeild ásamt stjórn hélt fundi í húsinu.

Sendinefnd frá Norrænu ráðherranefndinni í Pétursborg heimsótti húsið og kynnti sér starfsemi þess.

Norræna húsið hefur um árabíl átt samstarf við Reykjavíkurborg um tvo fasta viðburði: *Safnanótt og Menningarnótt*. Dagskrá *Safnanætur* fauk út í veður og vind þegar eitt af verstu óveðrum Íslandssögunnar gekk yfir landið. Menningarnótt var hins vegar haldin við góð verðurskilyrði á afmæli Reykjavíkurborgar í ágúst með fjölbreyttri dagskrá þar sem norrænir og íslenskir listamenn komu fram.

Franskur leik- og gjörningahópur *Parques Majeures* hélt sýningu á nýstárlegri hreyfimyndalist í júlí.

Kvikmyndin *Firekeepers* sem fjallar um samíska menningu var sýnd í júní.

Í nóvember var haldin tveggja daga kynning á Suður-Grænlandi í samstarfi við *Destination South Greenland* á Grænlandi og *Flugfélag Íslands*.

Annað árið í röð hélt *Studentaleikhúsið* sýningar sínar í kjallara hússins.

Fyrir tveim árum tók Norræna húsið upp þá nýbreytni að hafa svokallað lifandi jóladagatal á aðventunni. Á hverjum degi koma fram þekktir listamenn: leikarar, tónlistarfólk, rithöfundar o.fl. Stefnt er að því að þetta verði fastur liður í starfssemi hússins.

#### *Norrænu sendiráðin*

Náið og gott samstarf er á milli norrænu sendiráðanna í Reykjavík og Norræna hússins. Flest þeirra fagna þjóðhátíðardögum sínum í húsinu og nokkur þeirra hafa stutt viðburði í húsinu. Áður hefur verið minnst á norska hönnunarsýningu sem norska sendiráðið styrkti. Sendiráðið stóð líka að tveim fyrirlestrum, annars vegar í samstarfi við *Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands* um *Henrik Ibsen* og fjallaði sá fyrirlestur um *Helgihald og hátíðir* í tíu leikritum skáldsins. Hinn fyrirlesturinn var um norska skáldið *Henrik Wergeland* í tengslum við tveggja alda afmæli hans. Danska sendiráðið stóð fyrir kynningu á háskólum í Danmörku. Finnsk/sænska ljóðskáldið og rithöfundurinn *Lars Huldén* las úr verkum sínum í boði finnska sendiráðsins. Sænska sendiráðið stóð að venju fyrir *Luciuhátíð* 13. desember.

#### *Bókasafn*

Bókasafnið var aðili að alþjóðlegu barnabókmenntahátíðinni *Mýri* sem haldin var 19.-23. september og að þessu sinni helguð draugum í barnabókum, bæði í máli og myndum og bar hátíðin titilinn *Draugar úti í mýri*. Margir athyglisverðir höfundar, innlendir og erlendir, tóku þátt í hátíðinni. Safnið tók þátt í ráðstefnu *ARLIS/norden (Art Library Section)* í byrjun júní.

Norræna bókasafnsvikan var dagana 10.-16. nóvember og stóð bókasafnið fyrir dagskrá ásamt Norræna félaginu. Þemað var *Ást á norðrinu*. Lesið var fyrir leikskólabörn og grunnskólanemendur og auk þess var dagskrá þar sem texti, sem sérstaklega var saminn fyrir vikuna, var lesinn á fimm norrænum málum.

Danski rithöfundurinn og heiðursverðlaunahafinn *Vagn Lundbye* kynnti verk sitt *Det Nordiske Testamente* í dagskrá í sal Norræna hússins.

### *Norræna eldfjallasetrið*

Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK) er norræn rannsóknamiðstöð í eldfjallafræði og skyldum greinum sem grundvölluð er á sérstæðri og fjölbreyttri náttúru Íslands. NORDVULK er hluti af Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og myndar þar kjarna þverfagslegs þemahóps um rannsóknir með áherslu á innri gerð og hegðun eldfjalla. Unnið er að margvíslegum rannsóknaverkefnum á sviði jarð-, jarðefna- og jarðeðlisfræði, samhliða þjálfun ungra norrænna vísindamanna.

Eitt meginmarkmið NORDVULK er að efla rannsóknir í eldfjallafræði og skyldum greinum á norrænum vettvangi, samhliða vísindalegri þjálfun og kennslu. Með starfsemi stofnunarinnar síðastliðin 35 ár hefur orðið til víðtækt þekkingarnet á Norðurlöndum sem skapað hefur henni sess á alþjóðavettvangi. Sumarskólar NORDVULK, sem styrktir hafa verið af norrænum og bandarískum vísindasjóðum hafa ennfremur leitt saman unga vísindamenn og sérfræðinga austanhafs og vestan. Á grundvelli þeirra hafa mörg alþjóðleg rannsóknaverkefni orðið til. NORDVULK miðlar þekkingu með því að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í virtustu vísindatímaritum á sínu sviði jafnhliða upplýsingum og ráðgjöf um fræðslu til almennings.

Hjá Norræna eldfjallasetrinu er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum. Sem dæmi má nefna rannsóknir á fornveðurfari og umhverfisbreytingum, á eðli jarðhitavökva, á gosefnum eldfjalla og jarðskorpuhreyfingum á eldfjalla- og jarðskjálftasvæðum ásamt líkanreikningum af innviðum eldfjalla og kvikukerfum. Rannsóknir í eldfjallafræði hafa umtalsverða norræna skírskotun. Þannig eru t.d. gömul berglög mynduð og mótuð af eldvirkni mikilvægur hluti í jarðfræðilegri byggingu Skandinavíu og Finnlands. Til að skilja aðstæður og myndun slíkra jarðlaga er nauðsynlegt að nýta rannsóknir á virkum eldfjallasvæðum. Jarðlög Skandinavíu og Finnlands mynduðust að mestu fyrir hundrað milljónum ára en á Íslandi er jarðskorpan enn í mótun. Ein meginástæða jarðfræðilegrar sérstöðu Íslands er sú að hér á landi er úthafshryggur tengdur flekaskilum Norður-Ameríkuflékans og Evrasíuflékans ofansjávar. Ný jarðskorpa myndast á úthafshryggjum við eldvirkni og kvikuhreyfingar. Einstakt tækifæri gefst því hér á landi til að rannsaka úthafshrygg ofansjávar þar sem slíkir hryggir liggja að öllu jöfnu á um 2-3 kílómetra sjávardýpi. Sérstaða Íslands er til komin vegna samspils úthafshryggjar við heitan reit í jarðskorpu og möttli jarðar þar sem óvenjumikil eldvirkni er. Þá eru eldgos á Íslandi mjög fjölbreytileg og verða við ólíkar umhverfisáðstæður. Neðansjávangos og gos undir jöklum verða, auk sprengi- og hraungosa á þurru landi. Rannsóknir á eldvirkni úthafshryggja og öðrum þáttum flekahreyfinga á Íslandi eru mikilvægar til að skilja eðli sambærilegra ferla sem hafa myndað og mótað jarðskorpu annarra norrænna ríkja. Þá eru rannsóknir sem tengjast ferlum sem eiga sér stað í eldfjöllum og jarðhitasvæðum mikilvægar til að skilja myndun jarðefna sem unnin eru í dag úr rótum fornra eldstöðvakerfa á Norðurlöndum.

Á hverju ári auglýsir NORDVULK fimm stöður fyrir unga norræna vísindamenn sem veittar eru til 12 mánaða í senn. Þær eru ætlaðar nemendum í framhaldsnámi eða nýdoktorum frá Norðurlöndum og fá þeir tækifæri til að vinna rannsóknaverkefni í samstarfi við rannsóknahóp stofnunarinnar. Umsækjendur um þessar stöður eru valdir af norrænni verkefnanefnd sem skipuð er jarðvísindamönnum frá öllum norrænu ríkjunum. Jafnframt er ein staða fyrir reyndan norrænan vísindamann í eldfjallafræði. Hún er einnig tímabundin, veitt til fjögurra ára í senn, og sá sem gegnir henni er jafnan frá öðru norrænu ríki en Íslandi. Þá er hópur fastráðinna jarðvísindamanna við Jarðvísindastofnun Háskólans tengdur NORDVULK sem og tækni-menn og starfsfólk á skrifstofu. Umsjón Norræna eldfjallasetsursins innan Jarðvísindastofnunar er nú í höndum Rikke Pedersen sem tók á árinu við því starfi af Freysteini Sigmundssyni.

Norræna eldfjallasetrið er þekkt meðal vísindamanna um allan heim sem norræn miðstöð rannsókna í eldfjallafræði. Mikill áhugi er einnig meðal almennings og framhaldsskólanema á eldfjallarannsóknum stofnunarinnar. Þetta lýsir sér t.d. í fjölmörgum heimsóknum norrænna framhaldsskólanema í skipulögðum ferðum til Íslands. NORDVULK veitir þeim kynningu á jarðfræði Íslands og hinum virku eldfjöllum landsins, auk rannsókna á eldfjallasetrinu. Þá má nefna að fimm greinar eftir starfsmenn NORDVULK birtust í tímaritum fyrir almenning á árinu.

### *Úttekt*

Norræna ráðherranefndin og Háskóli Íslands stóðu fyrir ytri úttekt á starfsemi Norræna eldfjallasetsursins á árinu í tengslum við frekari samningsgerð um starfsemina. Alþjóðleg úttektarnefnd fékk það hlutverk að meta vísindalega starfsemi, niðurstöður rannsókna og birtingu þeirra, styrkþegastöður og sumarskóla. Nefndinni var einnig falið að meta árangur af samþættri starfsemi Norræna eldfjallasetsursins og jarðvísinda við Háskóla Íslands á þeim fjórum árum sem liðin eru frá því að þessar einingar í sameiningu mynduðu Jarðvísindastofnun Háskólans. Þá var nefndinni falið að meta áhrif af starfsemi NORDVULK á norrænt samstarf í eldfjallafræði. Úttektarnefndin skilaði jákvæðri skýrslu um starfsemi NORDVULK, með tillögum og niðurstöðum um áframhaldandi starf. Hún var lögð til grundvallar að nýjum fjögurra ára samningi milli Háskóla Íslands og Norrænu ráðherranefndarinnar um starfsemi NORDVULK sem gerður var síðla árs 2008. Í honum er gert ráð fyrir að starfsemin verði með svipuðum hætti og 2004-2008 og ráðgert að fjárframlög til starfseminnar frá ráðherranefndinni á næstu árum verði svipuð og á árinu 2008.

### *Rannsóknaniðurstöður*

Gæði rannsóknastarfsemi NORDVULK má meta út frá birtingum rannsóknaniðurstaðna í alþjóðlegum vísindatímaritum. Á árinu birtust 17 greinar

í slíkum tímaritum eftir vísindamenn Norræna eldfjallasetursins og 16 greinar eru í vinnslu. Þessi árangur er langt umfram það sem kveðið var á um í samningi við Norrænu ráðherranefndina um starfsemi eldfjallasetursins. Þá voru rannsóknaniðurstöður kynntar með 63 framlögum á íslenskum og alþjóðlegum vísindaráðstefnum sem einnig er með mesta móti.

### *Vísindaráðstefnur*

Starfsmenn Norræna eldfjallasetursins tóku þátt í að undirbúa og skipuleggja tvær stórar jarðvísindaráðstefnur á árinu. Alþjóðlegt þing eldfjallafræðinga (General Assembly of the International Association of Volcanology and Chemistry of the Earth's Interior) var haldið í Reykjavík 17.-24. ágúst. Þá komu saman um 900 eldfjallafræðingar og jarðvísindamenn víðs vegar að úr heiminum. Einnig tóku starfsmenn þátt í undirbúningi fyrir 33. alheimsþing jarðvísindamanna (33<sup>rd</sup> International Geological Congress) sem fram fór í Ósló 6.-14. ágúst. Það var stærsta jarðvísindaráðstefna sem haldin hefur verið á Norðurlöndum, með um 6000 þátttakendum. Þá hafði einn af yngri vísindamönnum NORDVULK, Anders Schomaker, umsjón með jarðfræðiferð danska jarðfræðafélagsins til Íslands ásamt Dr. Paul Martin Holm við Háskólann í Kaupmannahöfn.



## 17. Norrænar lánastofnanir

### *Norræni fjárfestingarbankinn*

Árið 2008 reyndi mjög á alþjóðlegan fjármálamarkað sem og aðildarlönd Norræna fjárfestingarbankans (NIB). Á síðustu mánuðum ársins mögnuðust erfiðleikarnir með samsvarandi áhrifum á efnahag þeirra landa þar sem umsvif bankans eru hvað mest, þ.e. á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndum. Nam tap bankans á árinu 281 milljón evrum eða sem samsvarar 48 milljörðum króna. Við þessar aðstæður var mikil ásókn í lán bankans, sem gerði það að verkum að lánaumsvif bankans jukust til muna. Þetta ástand endurspegladist einnig í lánskjörum og mikilli aukningu hreinna vaxtatekna samanborið við árið 2007.

### *Fjárhagsleg afkoma<sup>15</sup>*

Hreinar tekjur bankans af kjarnastarfsemi<sup>16</sup> námu um 189 milljónum evra (32 milljörðum kr.), sem er mikil hækkun frá árinu áður. Á árinu lentu hins vegar nokkrir lántakendur í erfiðleikum og varð bankinn í fyrsta sinn um árabil að afskrifa lán af þessum sökum, auk þess sem umtalsvert tap varð á skuldabréfa- viðskiptum bankans. Að mestu leyti er um bókfært tap að ræða en reiknað er með að hluti þess endurheimtist. Í þessari fjárhæð eru m.a. útistandandi kröfur á hinn gjaldþrota banka Lehman Brothers Inc. sem og kröfur á íslenska viðskiptabanka sem nú starfa undir stjórn skilaneftnda. Mikil óvissa er hvort eða hversu mikið af þessum kröfum endurheimtist. Áhrif efnahagskreppunnar á Íslandi hafa þó sýnu mest áhrif á afkomu bankans á árinu. Varúðarafskriftir útlána bankans í heild námu 79 milljónum evra (13 milljörðum kr.). Af þessari fjárhæð má rekja tap vegna íslenskra lántakenda hjá bankanum sem nemur 64 milljónum evra (11 milljörðum kr.), þar af íslenskra banka sem nemur 54,5 milljónum evra (9,3 milljörðum kr.). Útistandandi lán hjá íslenskum viðskiptavinum í heild námu 729 milljónum evra (124,6 milljörðum kr.) við lok ársins 2008.

### LYKILSTÆRÐIR

(í millj. evra nema annað sé tekið fram)	2008	2007	2006
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>212</b>	<b>187</b>	<b>179</b>
<b>Hagnaður/tap af fjármálastarfsemi</b>	<b>-387</b>	<b>-90</b>	<b>-14</b>
<b>Varúðarafskriftir lána</b>	<b>79</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Hreinar tekjur af kjarnastarfsemi</b>	<b>189</b>	<b>161</b>	<b>154</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>-281</b>	<b>69</b>	<b>137</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>1,730</b>	<b>2,037</b>	<b>2,021</b>
<b>Heildareignir</b>	<b>22,620</b>	<b>19,973</b>	<b>17,988</b>
<b>Eiginfjárhlutfall (Eigið fé/heildar eignir) %</b>	<b>7,6</b>	<b>10,2</b>	<b>11,2</b>

<sup>15</sup> Gengi krónu miðast við stöðu hennar gagnvart evru í árslok 2008.

<sup>16</sup> Hreinar tekjur af kjarnastarfsemi er skilgreint sem hagnaður án tillits til mats á framvirkum samningum, markaðsvirði eignasafns, metinna útlánatapa eða endurmats á þessum þáttum.


Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í lok ársins var um 23 milljarðar evra (3.931 milljarður kr.), sem er aukning um 3 milljarða evra frá árinu áður. Útistandandi lán bankans árið 2008 jukust um 6,3% frá árinu 2007 eða í um 13 milljarða evra (2.222 milljarða kr.). Lánasafn bankans telst vera afar gott, en bankinn nýtur þess einnig að vera metinn í hæsta gæðaflokki af helstu alþjóðlegu matsfyrirtækjunum.

#### Lánastarfsemi

Útlán NIB jukust umtalsvert á árinu vegna aukinnar eftirspurnar. Útgreidd lán námu 2.486 milljónum evra (425 milljörðum kr.) samanborið við 2.390 milljónir evra árið 2007 (408 milljarða kr.). Umsamin lán námu 2.707 milljónum evra (463 milljörðum kr.) samanborið við 2.214 milljónir evra (378 milljarða kr.) á árinu áður. Heildarútlánasafn bankans í árslok nam 13.079 milljónum evra (2.235 milljörðum kr.). Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í lok ársins 2008 var 22,6 milljarðar evra (3.863 milljarðar kr.) en voru 20 milljarðar evra (3.418 milljarðar kr.) í árslok 2007. Á árinu fengu eigendur bankans greiddar samtals 50 milljónir evra (8,5 milljarða kr.) í arð af hagnaði ársins 2007.

Á árinu 2008 voru í heild veitt 53 lán eða fjórum færri en árið 2007. Þar af voru 40 lán til Norðurlanda og Eystrasaltsríkja en 13 ný lán voru veitt til annarra landa. Umsamin lán til aðildarlanda námu í heild um 2.027 milljónum evra (346 milljörðum kr.) en árið 2007 var þessi fjárhæð 1.810 milljónir evra (309 milljarðar kr.).

#### Skipting lána eftir aðildarþjóðum




Ekkert lán var veitt til Íslands á árinu 2008 og er það í fyrsta sinn sem það gerist frá stofnun bankans. Í ársbyrjun var þegar farið að bera á erfiðleikum og neikvæðri umfjöllun um stöðu íslensku bankanna og efnahagsmála á Íslandi almennt, auk þess sem gengi krónunnar féll umtalsvert þegar líða tók á marsmánuð. Þetta hafði þau áhrif að NIB hélt nokkuð að sér höndum með nýjar lánveitingar til Íslands. Fyrir fall bankanna í byrjun október biðu nokkur lán

til íslenskra lántakenda afgreiðslu, en óvissa ríkir enn um afgreiðslu þeirra og nýrra lánveitinga. Útlán til Íslands nema um 7% af heildarlánasafni bankans.

Lán utan aðildarlandanna námu í heild um 680 milljónum evra (116 milljörðum kr.) eða um fjórðungi heildarútlána bankans. Stærstu lántökusvæðin voru Asía og Austur-Evrópa. Alþjóðalán bankans eru oftast veitt til opinberra framkvæmda með ábyrgð hins opinbera og eiga þau það einnig sameiginlegt að fela í sér tengingu við norræn fyrirtæki og birgja. Hins vegar hefur aukinn hluti útlána á undanförunum árum runnið til einkaaðila, einkum til einkavæddra innviða á sviði orkumála og fjarskipta en einnig til pappírsiðnaðar. Á árinu voru tvö lán veitt til margvíslegra verkefna í Kína á sviði umhverfismála, umhverfisvænnar orkuframleiðslu á Indlandi og Filippseyjum og samgangna í Póllandi svo dæmi séu tekin.

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagni til umhverfisverkefna, en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Ný umhverfisstefna bankans var kynnt í samræmi við fyrri ákvörðun bankastjórnar. Lánað var til þriggja verkefna sem metið var að hefðu umtalsverð umhverfisáhrif (A-verkefni) og grundvölluð voru á nýju áreiðanleikamati sem bankinn starfar eftir. Verkefni sem falla í þennan flokk eru jafnan kynnt opinberlega í um tvo mánuði áður en tekin er ákvörðun um lánveitingu, einkum þeir þættir sem lúta að umhverfisáhrifum.

### Skipting lána eftir atvinnugreinum



Í samræmi við áherslur bankans, samþykkti stjórn hans tvo nýja lánaramma, sem farið var af stað með í febrúar. Annars vegar er um að ræða lánaramma fyrir umhverfisumbætur í Eystrasalti (BASE - The Baltic Sea Environment Finance Facility) sem hefur til ráðstöfunar 500 milljónir evra (85 milljarða kr.). Áætlunin snýst um að endurheimta lífríki Eystrasaltsins samkvæmt umhverfisáætlun til ársins 2021. Hins vegar er um að ræða verkefni sem snúa að loftslagsbreytingum (CLEERE - Climate Change, Energy Efficiency

and Renewable Energy Facility). Í þessum ramma er 1 milljarður evra (170 milljarðar kr.) til ráðstöfunar, en úr honum eru fjármögnuð verkefni svo sem á sviði endurnýtanlegrar orku (vatnsorku, vindorku, lífrænni orku-framleiðslu, jarðhita og sólarorku), bættrar orkunýtingar auk verkefna sem lúta að hreinni aðferðum við framleiðslu sem draga úr útblæstri gróð-urhúsalofttegunda. Í árslok hafði bankinn samþykkt lán að heildarfjárhæð 47 milljónir evra (8 milljarðar kr.) í tengslum við BASE áætlunina og 548 milljónir evra (94 milljarðar kr.) samkvæmt CLEERE rammaáætluninni.

Á árinu lagði bankinn aukna áherslu á lánveitingar til rannsókna og þróunar. Í þessu skyni voru veitt lán til verkefna sem miðuðu að því að auka hagkvæmni framleiðsluferla og þróun nýrra afurða. Ennfremur fjárfesti bankinn, í tengslum við lán til þróunarverkefna, í svokölluðum mezzanine-sjóði sem getur orðið að hlutafé við vissar aðstæður eða að láni sem greitt er upp.

#### *Skuldabréfaútgáfa og fjármálastjórnun*

Á árinu gaf bankinn út 59 flokka skuldabréfa í 13 mismunandi myntum, samtals að fjárhæð 4.681 milljónir evra (800 milljarðar kr.). Mikil eftirspurn var eftir útgáfu bankans sem fylgt var eftir með góðum árangri á eftirmarkaði. Útgáfukostnaður jókst hins vegar verulega eftir því sem leið á árið. Eins og áður var Bandaríkjadalur mikilvægasti lántökugjaldmiðill bankans en þrisvar á árinu voru gefin út alþjóðleg skuldabréf í Bandaríkjadal samtals að fjárhæð 3.250 milljónir evra (555 milljarðar kr.). Til viðbótar áttu sér stað á árinu 40 smærri útgáfur.

### **FJÁRMÁLASTARFSEMI**

(Tölur í evrum nema annað sé tekið fram)	2008	2007	2006
<b>Ný útgáfa skuldabréfa</b>	<b>4,681</b>	<b>4,288</b>	<b>2,689</b>
<b>Fjöldi lánasamninga</b>	<b>59</b>	<b>69</b>	<b>66</b>
<b>Fjöldi lánamynta</b>	<b>13</b>	<b>10</b>	<b>11</b>
<b>Skjalfestar skuldir í árslok</b>	<b>17,549</b>	<b>15,023</b>	<b>13,622</b>
<b>Hrein lausafjárstaða í árslok</b>	<b>3,638</b>	<b>4,039</b>	<b>3,224</b>

Vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum jókst fjármögnunarkostnaður hjá NIB á síðari hluta ársins líkt og hjá alþjóðlegum fjármálastofnunum. Aðgangur bankans að markaði var engu að síður góður. Þessar aðstæður gerðu mjög ríkar kröfur til stjórnunar á lausafé bankans. Á árinu jók NIB lausafjárstöðu sína í formi reiðufjár verulega í því skyni að styrkja lausafé sitt almennt til langs tíma. Í árslok nam hrein lausafjárstaða bankans 3.638 milljónum evra (622 milljörðum kr.).

### ***Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið***

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (Nordic Environment Finance Corporation – NEFCO) er alþjóðleg fjármálastofnun sem umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu árið 1990. NEFCO hefur aðsetur í Helsinki. Stjórn félagsins er skipuð fulltrúum allra norrænu ríkjanna, einum frá hverju.

Meginmarkmiðið með stofnun NEFCO er að vinna að hagkvæmum umhverfisverkefnum á grannsvæðum Norðurlanda. Á fyrstu starfsárunum var megináhersla lögð á verkefni í Eystrasaltsríkjunum en eftir inngöngu þeirra í ESB hefur verið lögð meiri áhersla á verkefni í öðrum löndum á svæðinu eins og t.d. í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu, Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Hvíta-Rússlandi. Á árinu var undirrituð yfirlýsing um samstarf milli NEFCO og ríkisstjórnar Úkraínu.

Stuðningur NEFCO við verkefni er annað hvort í formi lána eða hlutafjár, ýmist í fyrirtækjum eða hjá opinberum aðilum á starfssvæði félagsins. Félagið vinnur ýmist á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Eystrasaltsráðinu, Norðurskautsráðinu og innan hinnar norðlægu víddar ESB. Formlegt samstarf er milli NEFCO og Bank Lviv í Úkraínu sem er í eigu Íslendinga, en bankinn lánar nánast eingöngu til verkefna sem tengjast umhverfismálum, t.d. til endurnýjunar á tækjum til húshitunar og bættrar orkunýtni. Skilyrði fyrir fjármögnun frá NEFCO er að minnst einn norrænn samstarfsaðili taki þátt í verkefninu. Öll verkefni sem NEFCO fjármagnar verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi umhverfismál og hafa sérfræðingar sjóðsins þróað aðferðafræði til að nota sem mælistiku á umhverfisáhrif verkefna áður en ákveðið er að fjárfesta í þeim.

Útreikningar sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingarnar þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum.

Verkefni sem NEFCO tekur þátt í að fjármagna beinast einkum að því að innleiða umhverfisvænni tækni, bæta mengunarvarnir og hreinsa frárennsli, bæta meðferð úrgangs og að veita ráðgjöf á sviði umhverfismála. Orkumál eru einnig mikilvægur liður í starfinu og er þar megináhersla lögð á hreinni og endurnýjanlega orku og betri orkunýtni. Íslensku orkufyrirtækin Virkir-Orkint og Orkuveita Reykjavíkur vinna að jarðhitaverkefnum í Slóvakíu í samstarfi við NEFCO. Í Eistlandi og víðar hefur NEFCO tekið þátt í að byggja vindmyllur. Í Rússlandi hefur kolaverum verið lokað og lífmassi tekinn upp í staðinn. Þá hefur NEFCO stutt marga skóla, barnaheimili og sjúkrahús í Norvestur-Rússlandi og víðar til að bæta orkunýtni sína. Öll eiga þau þátt í því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Á árinu hefur verið unnið að tilraunaverkefni í samvinnu við yfirvöld umhverfismála í Kína með það fyrir augum að nota þá hugmyndafræði sem NEFCO byggir á til verkefna þar í landi. Samstarf við Kínverja getur haft talsverða þýðingu fyrir Norðurskautssvæðin sem eru viðkvæm fyrir mengun sem berst þaðan.

Stofnfé NEFCO er um 113 milljónir evrur. Um þessar mundir er unnið að rúmlega 250 litlum og meðalstórum verkefnum á vegum félagsins og voru 64 ný verkefni samþykkt á árinu. Þau snúa m.a. að endurnýjanlegri orku, betra nýtingarhlutfalli orku, sjálfbærum landbúnaði og endurvinnslu úrgangs ásamt hreinsun á frárennslisvatni.

Ársuppgjör NEFCO sýnir ágætan árangur þrátt fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna og skýrsla sjóðsins um umhverfismál sýnir að fjárfestingar bera ávöxt. Sem dæmi má nefna að NEFCO hefur tekið þátt í að fjármagna hreinsistöðvar fyrir frárennslisvatn í ýmsum borgum í Rússlandi. Með hreinsistöðvunum dró úr losun fosfórs í Eystrasalt um tæplega eitt þúsund tonn. Minnkun koltvísýrings í þeim verkefnum sem NEFCO tók þátt í að fjármagna á árinu nam tæplega 1,5 milljónum tonna en þessi tala samsvarar um 90% losun koltvísýrings frá umferð ökutækja á Íslandi árið 2006.

Á árinu var stofnaður kolefnissjóður, NEFCO Carbon Fund. Hann dró til sín mun meira fjármagn en gert hafði verið ráð fyrir og átti 77 milljónir evra í árslok 2008. Sjóðurinn veitir fjárfestum, sem bundnir eru af Kyoto-bókuninni, tækifæri til að kaupa sér losunarheimildir með því að fjárfesta í verkefnum sem uppfylla kröfur bókunarinnar um betri orkunýtingu og áherslu á endurnýjanlega orku þannig að lokaniðurstaðan verði minni heildarlosun.

### ***Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn***

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (Nordiska miljövteklingsfonden - NMF) var stofnaður af Norrænu ráðherranefndinni og umhverfisráðherrum Norðurlanda árið 1996. Stofnfé sjóðsins nemur um 60 milljónum evra. Lán eru í formi mjúkrar fjármögnunar, þ.e. lán eru veitt á hagstæðari vöxtum en almennt gilda á markaði. Tilgangur sjóðsins er að styrkja arðsemisforsendur mikilvægra umhverfisverkefna með því að veita hagstæð lán til að þróa hreinni tækni og stuðla að orkusparnaði. Skilyrt er að tæknilausnir byggist á bestu fánlegri tækni. Sjóðurinn fjármagnar verkefni í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.

### ***Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn***

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) var settur á stofn árið 1982. Hann hefur aðsetur í Helsinki. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF) á Norðurlöndum með því að veita lán annars vegar til for- og hagkvæmniathugana vegna alþjóðavæðingar fyrirtækja sem vilja koma á fót starfsemi erlendis og hins vegar til útflutnings skilgreindra verkefna. Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð og fleira. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er láninu breytt í styrk þegar fyrir liggur skýrsla um niðurstöður verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins en lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn hefur síðan 1982 afgreitt rúmlega 4100 umsóknir um lán og að meðaltali eru 210 lán í gangi á hverjum tíma. Sjóðurinn býr því nú yfir miklum upplýsingabanka í formi niðurstaðna af forverkefnum í ýmsum löndum. Það býður upp á einstakt tækifæri til að miðla upplýsingum á milli þeirra fyrirtækja sem þegar hafa lokið verkefnum og þeirra sem eru á byrjunarreit og þannig leggja grunn að tengslaneti norrænna fyrirtækja sem starfa á sama landssvæði. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, [www.nopef.com](http://www.nopef.com).

Á starfstímabilinu 2008-2010 mun NOPEF lána til verkefna í löndum utan ESB og EES. Markmiðið er að umsóknir fyrir árin 2008/2009/2010 verði 120/135/150, þar af er gert ráð fyrir að a.m.k. 35/40/45 verkefnum ljúki á sama tíma. Sjóðurinn leggur nú áherslu á að styðja við verkefni í Austur-Evrópu, Kína auk Norður- og Suður-Ameríku. Sérstök áhersla verður á verkefni í Norðvestur-Rússlandi og útflutning á verkefnum þangað, auk hagkvæmniathugana á sviði orku- og umhverfismála og verkefna sem sýnt þykir að hafi sterk jákvæð áhrif á atvinnurekstur á Norðurlöndum með því að auka umsvif og vöxt umsóknarfyrirtækjanna heima fyrir. Verkefni í Búlgaríu og Rúmeníu verða lánshæf til ársloka 2010, samkvæmt undanþágu.

### *Starfsemi*

Markmið á árinu voru að fá 120 umsóknir, veita 80 lán og ljúka 36 verkefnum. Umsóknir voru 203 (voru 214 árið 2007) og af þeim hlutu 119 jákvæða afgreiðslu. Gera má ráð fyrir að um 48 þeirra verði að veruleika ef marka má meðaltal verkefna undanfarinna ára, sem er um 40%. Lokið var við 131 verkefni á árinu og af þeim töldust 49 hafa orðið að veruleika.

NOPEF reynir að viðhalda jafnvægi í afgreiðslu lána milli norrænu ríkjanna m.t.t. skiptingar fjárframlaga (Nordiska fördelingsnyckel NFD). Skipting umsókna á milli landa var (NFD í sviga): Danmörk 33% (22,7%), Finland 15% (17,9%), Ísland 1% (1,3%), Noregur 16% (26,6%) og Svíþjóð 35% (35,5%).

Umsóknir skiptust þannig á milli verkefnalanda: Rússland 27% Asía 40%, Evrópa 21% og önnur landsvæði 12%. Kína var vinsælasta landið, rétt á undan Rússlandi, en 17 lán voru veitt til verkefna í Norðvestur-Rússlandi.

Umsóknarfyrirtæki skiptust þannig að 72% þeirra voru með færri en 50 starfsmenn og 80% með innan við 100 starfsmenn.

Heildarupphæð lánsloforða árið 2008 var (2007 í sviga) 3,69 milljónir € (4,22). Lán sem breytt var í styrk numu 2,73 milljónum € (2,24) og lánsloforð sem ekki voru fulnýtt og runnu aftur til sjóðsins námu 1,16 milljónum € (1,2). Meðalupphæð lána var 31.809 € samanborið við 31.966 € árið 2007.

Í september var haldin kynningarfundur um starfsemi NOPEF í samvinnu við Útflutningsráð þar sem svæðisstjórinn fyrir Ísland kynnti starfsemi sjóðsins.

### *Norræni þróunarsjóðurinn*

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Hann hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans í Helsinki og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni. Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns sem er útgreiddur og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar Norræna þróunarsjóðsins eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 millj. SDR og 330 millj. evra, eða alls um 930 millj evra. Norræni þróunarsjóðurinn tók upp evruna sem mynteiningu í ársbyrjun 2001. Engin lán til nýrra verkefna voru samþykkt á árinu. Tvö viðbótarlán til útistandandi verkefna voru veitt á láninu fyrir samtals 2,55 milljónir SDR.

Frá upphafi hefur Norræni þróunarsjóðurinn veitt lán að fjárhæð 912 milljónir evra til 163 verkefna á vegum hins opinbera. 54 þessara verkefna voru útistandandi í lok ársins. Fjöldi verkefna með einkaðilum frá stofnun eru 27 og eru 10 þeirra útistandandi.

Frá stofnun sjóðsins hefur hann veitt lán að fjárhæð 980 millj. evra (um 88,2 milljarða ísl.kr.) til 190 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjár hefur farið til Afríkuríkja, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við Bandaríkjadali á ári. Um 43% lána Norræna þróunarsjóðsins hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 Bandaríkjadali/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 Bandaríkjadali/ári) og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761-3030 Bandaríkjadali/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá honum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu ár við tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. Sjóðurinn tekur fullan þátt í að létta lánabyrðar skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 millj. evra.



Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum Norræna þróunarsjóðsins árið 2001 og getur hann nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu:

- 1) beint til fjárfestingarverkefna
- 2) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka
- 3) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum

Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra fyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu) og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnið á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við ÞSSÍ. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR. Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Frá 2005 hefur stjórn NDF unnið kerfisbundið að því að skoða ýmsar leiðir til að leggja niður sjóðinn. Margar úttektir og greiningar hafa verið gerðar til að ná fram sjónarmiðum á því hvernig best mætti standa að því og möguleikum á hagkvæmri stjórnslu og notkun á fjármagni. Lykilatriði hefur verið hvernig verja skuli endurgreiðslum á þeim lánnum sem NDF hefur veitt lántökulöndunum. Áætlað er að það fjármagn verði um einn milljarður evra á 35 ára tímabili. Þegar vorið 2007 ákvað stjórnin að vinna áfram með tillögu þess efnis að beina fjármagninu til loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndum. Það hefur verið ljóst að hvað sem öðru liði yrði NDF að haldast sem lögaðili svo komist yrði hjá því að semja upp á nýtt um alla lánasamninga og til að tryggja framkvæmdina á þeim verkefnum sem enn eru í gangi auk endurgreiðslu lánanna. Með hliðsjón af þessu er talið hagkvæmt að NDF haldi áfram starfsemi sinni þar til annað verður ákveðið. Niðurstaða sjóðsstjórnar var að leggja til við Norrænu ráðherranefndina að nota endurgreiðslur til sjóðsins til að fjármagna verkefni sem stuðla að fyrirbyggjandi og uppbyggjandi verkefnum í þróunarríkjunum sem miða að því að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Á þennan hátt munu Norðurlönd, í gegnum NDF, geta nýtt sérþekkingu sína í umhverfismálum til að koma þeim ríkjum til aðstoðar þar sem þörfin er mest. Lagt er til að verkefnastarfsemi NDF verði fjármögnuð með gjafafé til

tækniástoðar við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og nýsköpunar. Ef ekkert nýtt fjármagn verður veitt í sjóðinn mun stofnfé hans rýrna en í framhaldinu má taka afstöðu til hvort endanlega eigi að leggja sjóðinn niður.

Norræna ráðherranefndin hefur samþykkt tillögu stjórnar NDF sem jafnframt mun setja fram tillögur að breyttum starfsreglum sjóðsins. Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 12.

### ***Lánasjóður Vestur-Norðurlanda***

Sjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlenks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út sjö lán, eitt til Færeyja og sex til Grænlands, samtals að upphæð 28,45 millj. d.kr.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2008/2009 120,7 millj. d.kr. og á sama tíma námu útlán samtals 105,4 millj. d.kr.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 millj. d.kr. á ári. Í ársreikningnum fyrir árið 2008 er hagnaðurinn rúmlega 125 þús. d.kr., sem er styrkur sjóðsins til NORA árið 2008.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland. Nánari upplýsingar eru á vefslóðinni [www.vestnorden.is](http://www.vestnorden.is).











